þar sitji og gráti. Eg segi sem til gekk. Hann þrífur karsklega til mín og skipar mjer út að ganga, og segir ef nokkur sje svo djarfur að vilji mjer hamla út að ganga skuli hann þar til dauðs höggva með sínu eigin sverði, á hverju hann hjelt dregnu sjer í hendi. Síðan gekk eg frjáls fyrir hverjum manni í burt þaðan. En mikið fúss varð síðan að mjer burtgengnum með Grabov og týmeistaranum, svo týmeistarinn bauð honum til einvígis, en Grabov þorði það ekki, því týmeistarinn var hinn besti einvígismaður, og til margra lista og íþrótta lagaður. Og nær eg kom í borgina fögnuðu mjer allir mínir kunningjar og landsmenn.

XXIX. KAP.

Hjer talast með styttsta hætti hvernin skömmum tíma síðar en þetta áðurgreint við bar að um ventist lukkan fyrir Grabov, sem tíðum þá hendir, er öðrum gröf grafa, en svo að glöggvara skiljist þá hlýtur allan tilrekstur að greina, sem að málinu hnígur, er svo byrjast sem eftir fylgir.

Einn af vorum samþjónum upp á týhúsinu Söfren Andrjesson að nafni, sá eð var mjög á aldur kominn og einn frómur og kyrlátur maður, hafandi góða formegan mörgum af oss til framar, átti sjer eina fríða miðaldra kvinnu Mettu eða Matthildi að nafni, og við henni tvo syni, Rasmus og Andrjes, þeir eð siglt höfðu að Spania, fallegir ungir menn. Þessi Metta var vel kynt, bæði hjá herrafólki, borgurum og bændum, og ljetst læknisdóm með fara, sem var þeir sem höfðu móðsótt, mældi þá með bandi, signingum og pári svo þeim batnaði; item við kveisu og köldu ljetst ráð kunna, og þáði peninga fyrir af bændum;

item ljetst kunna ráð við óþerrum og þáði peninga, hvar fyrir klögun kom af hendi bænda að fyrir slíkt gigleri og fagurmæli hefði gint peninga af mörgum. Þetta spyrst uppá Kaupinhafnarslot, og lætur slotsherrans frú senda eftir henni að hún fyndi sig, með slotsherrans ráði, og lætst segja henni í einmælum að hún hafi mist eina silfurkönnu, og biður hana því til leiðar koma, að hún fengi að vita hver hana tekið hefði, og gaf henni vín að drekka og hjet stórum launum að öllu framkvæmdu. En þó hún lengi undan færðist var fyrir vináttu og skenkinga sakir að hún lofaði henni á næsta morgni aftur að koma og nokkra úrlausn gjöra hennar ósk. Nú kom hún að morgni, og segir frúnni, að hún megi leita að könnunni hjá sinni þjónustupíku, sem hún nafnnefndi. En slotsherrann stóð fyrir framan herbergisdyrnar er þær voru inni, og varð hún þar handtekin og í fangelsi sett hjá slúttaranum, það er sá sem innilykur og út sjer hvern fanga, bæði þá sem sitja í ráðhúskjallara og heima hjá honum sjálfum, upp á lífs eður lima straff. Oftlega varð hún sett upp á pínubekkinn uppá ráðhúsinu og vildi aldrei neitt annað meðkenna en sem greint er, og kvað það sæmra að pína þær og písla sem með eitri fyrirfæri mönnum sínum eður sínum ektamanni. En þeir eftirleituðu af kappi. En hún upphóf á þann hátt, að kona ein í Stærra Ferjustræti, Anna kvinna Pjeturs Holstis, hefði beðið sig vinsamlega að kaupa sjer þá eitran sem nægðist einum til líftjóns, því Grabov hefði sig innilega beðið áður en hann hefði ferðast heiman, að fyrirfara manni sínum, sá ed var mjög aldraður maður og hjet Pjetur Holst.[1]) Hann hafði verið kóng Friderichs og kóng Christiáns kaptugi, frómur maður og guðhræddur og góður í áliti, og nær hann gekk út af húsinu að spátsera til góðra vina eður til strandar

[1]) Peter Asmussen Vejle eða Holst; um hann sjá Lind, bls. 138—139. Hann dó 15. Nóv. 1620. Þá var Cai Rantzau ekki lengur slotsherra, heldur Chr. Friis kanslari (frá 6. Júní 1620); kona hans var Barbara Wittrup. RC.

að skemta sjer þá gekk hann við tapar[1]), svo sem borgmeistarar og aðrir embættismenn plöguðu að gjöra. Kóng Friderich hafði tileinkað honum hundrað dali árlega til uppheldis alla hans lífstíð, hvað honum heim fluttist í nautum og sauðum og svínum og öðru þesshátar hvert haust fyrir hans húsdyr. Þessum sínum fróma ektamanni hafði hún tilreitt einn sængurstað upp á lofti síns húss fyrir mörgum árum. Í þessu sama húsi hafði Grabov haft herbergi í 10 ár fyr en nú svo við bar.

Nú víkur þangað aftur sem áðurnefnd Metta offrar þessu máli fyrir borgmeisturum og ráðsherrum staðarins, að Anna hafi sig hjer um beðið og heitið sjer stórlaunum þar fyrir og bruggaði fyrir sig svo nægði, því hún þyrði ekki annað, því hann hefði afneitað sjer elsku, yndi og kærleika utan svo fjelli að hann væri í burt nær heim aftur kæmi, sem þá var burtreistur í land Holsten til foreldra sinna, og hafði með vilja svo til ætlað, að hann skyldi ei þá heima vera nær svo skeði. Hún kvaðst bruggan til slíks afneitað hafa, en sagðist þó hafa breisk orðið fyrir hennar langgæðan bænastað að kaupa fyrir hana þvílíka eitran, er nefndum manni hefði til lífláts orðið, en hefði honum hvorki bruggað nje borið. Þetta var uppskrifað en ei uppborið, heldur leynt til þess Grabov kom heim. En þessi Metta var líflátin upp á Gamaltorg, er svo kallast, fyrir austan ráðhúsið, á venjulegu plássi til aftöku.

Nú er þar frá að segja, að um kvöld það, sem Grabov var kominn heim, þá var vaktmeistarinn Söfren Trafn með allri skarvaktinni 32 mönnum, þangað sendur, nær alt fólk var í svefn komið, og börðu þar að dyrum. Grabov átti sjer vini marga, og sögðu honum þá heim kom hver kvittur á var kominn, þó hljótt gengi í borginni, hvar fyrir hann mætti sjer vara taka. Nú klæddist Grabov með

---

[1]) Prof. Björn M. Ólsen hefur bent mjer á að þetta muni vera sama og enska orðið *taper*, kerti, og er þá líkl. hjer átt við einskonar blys (vaxblys?). Í dönsku er til „Tabersvend", blysberi (Kalkars Ordbog over det ældre d. Sprog).

hast og gengur til anddyra, og spyr hverjir á knýi. En vaktmeistarinn segir að góðir vinir á knýi, hverja Grabov biður um nótt heim ganga, en nær dagur sje megi þeir aftur koma. Vaktmeistarinn hótar hurðbroti, ef ei væri upplokið. Grabov biður um frest meðan ljós kveikist, og gengur nú í stofu, tendrar ljós, og með hast stingur henni í stóra kistu, lýkur og lætur klæðispjanka yfir til hylmingar. Nú gengur hann til dyra, og spyr þá við hvern þeir erindi eigi. Vaktmeistarinn segir þeir eigi erindi við þá konu er hjer búi. Grabov segir hún hafi um kvöldið út gengið til góðra vina, en viti þó ei hvert. Hinn biður hann samt upp ljúka, sem hann og gjörði. Og nær að þeim inngengnum og um stofur og loft athugað höfðu og eftir leitað og ei fundið hótuðust þeir við alt upp að brjóta, kistur og skríni, skápa og hvað annað, sem í vegi stæði og grunsemd gæfi um hylming konunnar, en Grabov með góðyrðum aftraði þeim það að gjöra og gaf stikpeninga, og varð hönd að rjetta um ábyrgð og borgun í konunni til næsta morguns. Síðan gengu þeir þaðan, og að morgni næstum sendust Grabov boð af borgmeisturum, að hann án dvalar kæmi uppá ráðhúsið. Og nær svo skeði sögðu þeir honum best að gjöra sín handsöl laus um borgun hans húsmóður Önnu, sem manni sínum hefði með eitran fyrirfarið, og sögðust meina svo máli og efnum varið að sjálfur hann mundi fullnóg hafa að umsýsla sína sjálfs nauðsyn fyr en lokið væri því efni, hvar við honum brá næsta þunglega. En nær og á meðan þetta þeirra samtal yfir stóð voru tveir menn sendir frómir og erlegir frá borgmeisturum með járn fóta og handa til Önnu, hana þar í að setja og varðhald á henni að hafa. Og nær þeir komu í hennar hús og hún lá í sínum klæðum í sinni sæng, og hún varð vör við járnin brá henni lítt við, og spyr hvað þau járn skyldu merkja. En þeir segja alt sem komið var. Hún segir að ei þurfi slíks við, því Grabov sje sinn borgunarmaður. En þeir sögðu því öllu upp brugðið. Og nær sem hún það heyrði greip hún í sinn vasa og tók þar upp af tvo silfurbúna hnífa, sem Grabov átti, og með öðrum þeirra gegnstakk hún sig nálægt

hjartanu og kastaði til dyra með ósk þeirri, að hann og stæði í hans hjarta. Strax óskaði hún prestsins. Svo kom M. Nikulás sóknarherra til St. Nikuláskirkju til hennar,[1]) og játaði fyrir honum sinn þunga misgjörning, að hún í 9 ár hefði flekkað sinn ektaskap í vondri sambúð með Grabov, tvö börn aflað, en forsómað löglegar samvistir með sínum ektamanni, til hvers misgjörnings að hún lýsti Grabov fyrst og fult tilefni vera, og þar til hans vond áeggjan, áður en heiman hefði farið, að gefa manni sínum inn forgift til fullkomlegs liftjóns, hvarúti hún væri fundin sönn að sök, og hún hefði fengið fóstru sinna barna þann eiturdrykk í venjulegri könnu upp að bera, sem plagast hvert kvöld honum til næturs völunar. Og með því hana með gráti svo mjög angraði hennar misgjörð og girntist huggun af Guðs orði þá í sinni dauðans neyð af prestinum, þá ljet hann henni það í tje með heilagri aflausn og sakramentismeðtekningu, og dó síðan. En fóstran varð í fangelsi innsett og varð lífið að missa, þó hún byði þar upp á sinn eið, að hún hefði þar ei afvitað að honum með þeim hefði eitran borist. Lík þessarar kvinnu, Pjetur Holstis Önnu stóð ógreftrað fyrir ofan jörð í 13 vikur, og var haft út á Nýkirkjugarð, sem var fyrir utan Norðurport staðarins, og stóð þar í tveimur kistum á líkbörum undir einu skúri. Margur lá fram á hennar kistu, svo eg sem fleiri, og drukkum þar við margan pott öls á sunnudögum, nær vjer þangað spátseruðum. En það hennar lík svo lengi ógreftrað stóð fyrir ofan jörð skeði fyrir þesskonar orsakir sem hjer eftir segist.

---

[1]) Af því enginn prestur við St. Nikuláskirkjuna heitir svo á þeim tímum, geta RC til að það hafi verið Niels Mikkelsen Aalborg (1562—1645) prestur við Hólmskirkjuna 1617—1639.

XXX. KAP.

Og nær sem þetta skelfilega verk var yfirstaðið, að þessi Anna hafði sig sjálf aflífað og áður lýsti Grabov sjer jafnsekan í þvílíkum glæp vera sem fyr er getið, jafnskjótt spratt þessi sögn fyrir kóng og var Grabov strax fyrir kóng kallaður og skyldi senn í Bláturn setjast. En í þann tíma voru í Kaupinhafn margar aðalpersónur nýlega aðkomnar, til hverra hann sendi hastarlega, og fyrir þeirra bænastað fjekk þá náð, að 12 menn, 6 af aðli og 6 borgarar, skyldu ganga í borgun fyrir hann, að hann ei umhlypist til þess að herradagur var upp á Kaupinhafnarsloti nærri miðju sumri haldinn. Kóngur vildi strax hann rjetta láta, og kvað þó hundrað líf hefði að öllum tortímt hefði, og þessvegna skyldi hennar lík ei fyrri greftrast en hans lík með hennar í sömu gröf kæmi, og ei meintu menn annað en svo mundi tilfalla. En nær herradagur var haldinn þá báðu allir fyrir og um Barabbam eður Grabov, að hann laus gæfist, af þeim danska aðli, er svo frekt í því efni gengu á kóng, að hann varð þvert sinni vild í móti láta svo vera sem þeir með sínum frúm og dætrum um báðu, svo Grabov laus gjörðist, hvers máls ábyrgð hann lagði þeim á hendur og herðar fyrir Guði. En fyrir það hennar lík varð grafið kom hennar bróðir úr landi Holsten, sá eð Marteinn hjet, og gaf út 300 dali að hennar líkami mætti grafast innangarðs í kristinna manna reit, og fjekk ekki nema til hálfs.

Fimm menn mistu sitt líf fyrir þeirra glæps sakir; fyrst ein fróm vefarakvinna, sem hjet Elísabet í sama stræti, er fyrst af öllum gaf sig upp um þeirra samanlifnað, og sagðist ugga fyrir þungu straffi þeirra, er þar inni bjuggu vegna þessara tveggja persóna, Grabovs og Önnu, er svo athugalaust lifðu í sínum skelfilegum glæp og vondri breytni við þann fróma og gamla mann Pjetur Holst, er nærðist

af þeirra diskaleifum. Þetta hnjóð og konunnar umtal og vandlætingarorð spurðist til Grabovs herbergis, og keyptu tvö drengmenni til að gjöra skelfing konunni, þeir eð stóðu undir hennar húss vindaugum, og um kvöldið, sem hún settist til borðs hjá manni sínum, þá gáfu þeir upp svo grimdarleg hljóð sem flögð eður skrímsl verið hefði. En komið var nálægt hennar barnburðartíma, og nær hún þessi hljóð heyrði fjell hún strax dauð niður. Þessir drengir flúðu. — Sá annar er sitt líf ljet var sá frómi gamli mann. — 3. var Anna hans kvinna, er sig sjálf lífljet. — Sú fjórða var Metta, sem hálshöggvin var fyrir það hún eitranina í krambúðinni keypti. — Sú fimta var sú einfalda og fróma fóstra, er drykkinn upp bar til mannsins sængur, sú eð og Anna hjet, ein dægileg persóna, yfir hverja öll borgin nálega sig aumkvaði sárlega, og veit eg hún var kölluð fjórum sinnum fyrir rjettinn, og stóð það yfir í hálft ár fyr en varð rjettuð, hver að vottaði sitt sakleysi til Drottins. Lýkur hjer um framar að tala, utan Grabov hjelt samt lífinu og varð enn settur yfir byssuskytturnar, þó þeim ei vel líkaði, en þó með því skilyrði, að hann friðsamlega við hvern mann höndlaði, en ef öðruvísi reyndist skyldi annað plass því óhentugra fá.

Og liðu nú svo stundir fram þar til kóngur lætur oss tilsegja með prófoss, sá eð var Marteinn Holst og í hins stað var nýlega kominn, á einum sunnudegi að vjer allir byssuskyttur skyldum að næsta morgni komnir vera til eins slots upp í landinu er lá 2 mílur frá Kaupinhafn er Ifstrup[1]) hjet, nær klukkan var 6, það er miður morgun hjá oss, og urðum vjer um nóttina á ferð að vera flestir af oss. Henrich hjet sá maður, er eg með fylgdist um nóttina, og komum við á þann veg, er lá til Friderichsborgar. Þeim vegi er svo varið, hver eð kallast kóngsvegur,[2]) að hann er upphlaðinn sem stjett og svo hár sem vel vaxinn maður víðast

---

[1]) Ibstruphöll; þar heitir nú Jægersborg. RC.

[2]) Á kóngsvegum mátti þá aðeins ferðast konungur sjálfur og þeir sem hann leyfði.

og enn hærri í sumum stöðum, og er með portum víða. Um nóttina skein nokkuð tunglið stundum, svo okkur varð það til liðs. Á þessum vegi fundum við eyk nokkra, er bændum tilheyrði; hana vogüðum við að taka, beisluðum og henni á bak stigum og höfðum gott lið af henni mest af veginum. Ekki fórum við um almenningsveg, því við þorðum ekki, heldur tókum við það til ráðs að lyfta henni uppá kóngsveginn, hvað okkur vel tókst, en þó með stórum erfiðismunum. Og nær við voguðum ei lengur ljetum við hana síga ofan af þessum kóngsvegi aftur á sljettlendið, og komumst svo án slysa. Og um morguninn, nær kóngur sjálfur munstraði, vorum við og allir aðrir þar komnir, utan einn brast, sá eð Malcus hjet, og var einn bartskeri að embætti, annar bartskeri var og undir regimentinu, sá eð Pjetur hjet. Þessi Malcus kom skamt eftir það að fólk alt var upplesið. Ekki talaði kóngur um það, en strax sem þessi Malcus kom skipaði Grabov strax inn í fangelsi að setja. Og nær miðdagur kom gengum vjer allir fyrir kóng og báðum hann lausan, hvað oss veittist strax, og brást kóngur ókunnugur við, að hann var í fangelsi kominn, og gaf þá skuld uppá Grabov.

En sú iðja, sem vjer þar höfðum fyrir kóng og oss hjet launum fyrir var svo, að þar fyrir sunnan Ifstrups slot var eitt kringlótt vatn, í hverju hafði skógur vaxið, hvern kóngur hafði upphöggva látið, og á sama sumri allar rætur þess skógs uppsaga látið niðri jafnt grunni vatnsins, og það fengið af sjö hógþýskum[1]) mönnum, er þesskonar list lært höfðu, og þessar skógarrætur, er þá allar frá grunni lausar voru, áttum vjer í þessu vatni að höndla, uppdraga og í einn köst koma, hvar og til kóngurinn sjálfur styrkti einnin, nær á land kom. Og eitt sinn í þá þrjá daga er vjer vorum til Ifstrup bar svo við, að kóngur kastaði hnyðjurótum uppá köstinn, einni eftir aðra, að Grabov stóð á bak til við kóng með sitt sverð við síðu, hvers klót og hjölt að forgylt var, og með sína glófa gullbaldýraða. Og nær kóngur

[1]) ɔ: háþýskum, sbr. þýska orðið hochdeutsch.

leit við sá hann Grabov standa svo drambsamlega sjer til baka, en svo brá kóngi við, að vjer meintum hefði hann ei sitt sverð frá sjer lagt eður sinn regimentisstaf í hendi haft, mundi Grabov þess vís hafa orðið, að hann á bak til við kóng stóð svo rembilega og slíkt óbljúgt hjarta hafandi, að hann gat sjeð kónglega tign sig svo mjög lítillækka og sig til erfiðis gefandi verða. En samt varð Grabov svo skelkaður við þau orð, er kóngur reiðuglega til hans sagði, að hann með mesta hast greip af sjer sitt sverð og tók til verksins, og hjelt því fram svo lengi að kóngur var persónulega viðstaddur. Ei ógladdi oss þá kóngur talaði til hans, og spurði hann að, hvort hann væri ekki of djarfur, þar hann sæi alla í fullu erfiði standa og sig einnin, en dirfðist með drambsamri hegðan sem einn hundur þar iðjulaus standa.

Einn tíma í frávist kóngs segir Grabov til mín, eg og eitt hundrað af mínum landsmönnum, hann vildi þeir væri sjer undirgefnir til þvíliks verks, og hann eftir vild sinni mætti yfir þeim herskja og drotna. Þá ansaði eg brosandi og segi samt þjóti í þeim skjá, en ekki sagðist eg ósk hans svo mjög afvirða, að með því nokkuð framgengi eftir minni ósk og vild, að það hundrað, sem hann um bæði, væri allir sem Grettir sterki og Ormur Stórólfsson eður slíkir fleiri. Þá brosaði alt compagníið, en hann andvarpandi í burt fór.

Það þriðja og síðasta kvöld sem vjer þar vorum vildi Grabov að vjer skyldum lengur áfram á iðju halda en við týhúsið var gömul venja og jafnlega plagaðist, sem var stund eftir nón. En vjer skeyttum því ei, klæddum oss og gengum fyrir kóng og sögðum sem til bar. Grabov var strax fyrir kóng kallaður og mátti þá enn heyra kóng byrstlega til sín tala og harðinda hótan. Síðan þakkaði kóngur oss bæði hlýðni og starf og gaf oss 12 tunnur öls af því öli, er kallist kóngsöl. Síðan ferðuðumst vjer heim um kvöldið, og komu fæstir á næsta degi til týhússins.

Einn dag bar svo við um veturinn að eg með öðrum 6 völdustu mínum ungum leikbræðrum tókum oss til að for-

sóma og komum ei uppá munstring til týhússins og gjörðum oss samlag til veislu á meðal. Banckeyt[1]) hófum vjer upp við austurskaut borgarinnar í kostulegu húsi, hjeldum og meintum að vjer mundum þar dulist og hulist geta. En þegar liðið var vel miðdagstíð svo sást prófoss að garði ganga af þeim er svo við sátu í gegnum glervindaugu hússins. Flestir blygðuðust. Nú sat eg fyrir borðsenda, og átti eg að vera selskapsins ofursti, og segi þeir skuli enga blygðun á sjer merkja láta. Nær hann nú inngengur segi eg hann velkominn; hann þá það gjarnan og ljet ei neitt á sjer merkja, utan gjörði sjer gaman við mig eftir venjunni og vorir spilmenn spiluðu uppá sín hljóðfæri. Síðan segir Marteinn prófoss að ei muni sjer nje oss tjá þar lengur sitja, og munum vjer hljóta sjer til týhússins að fylgja. Vjer tókum því vel og báðum hann tillaga góðra. En nær vjer þar komum vorum vjer allir settir á ísnum í sinn járnbolt hver vor, og 12 leðurfötur uppá hvern vorn af undirprófossinum Steingarð. Þetta straff tókum vjer út fyrir utan vatnsportið í þeirri höfn sem liggur milli týhússins og próvianthússins, sem hvert um sig er hundrað faðma langt. Ei vildi Marteinn oss písla eður neitt þar um segja er vjer aðhöfðumst, heldur kvaðst hvern á sínu heimili hitt hafa í voru fullu nauðsynjastarfi. En Lauritz var fimur til þess, sem var undirprófoss, og þeir kölluðu lambssteik, því á milli vor og hans var lítil vinátta, svo hann einatt af oss átti um kúlur að kemba, sem gamalt orð greinir. Og nær hann hafði oss alla með sögðum hætti afleyst þá segist hann fyrirbjóða öllum af vorum compagníi að forskona eður oss vægð að veita hvorki með þurrum klæðum eður öðru þesskonar, og það eftir Grabovs tilskikkun. Eg segi og nokkrir að einatt beri hann oss gleðifrjettir, og mörg og mæt spottyrði hlaut hann þá sem endrarnær að inndrekka, með því grunt var á hinu góða með oss, því þessi maður var oss mjög óhollur, og bar vorar ávirðingar á hræsibrekkur oftlega, sem hann mátti þó þrátt án vera, því í valdi meðal-

[1]) d. Banket, veislu.

göngumannsins er mikið, því hann kann að bæta sem vel vil gjöra, hinn kann og spilla og miklu illu til leiðar koma, sem það ástundar og dagleg dæmi útvísa. Nú var sá siður, sem fyr var nefnt, að skipherrar vöktu á víxl á daginn sem á næturnar, á þeim skipum, er í höfninni lágu hinu megin við próvíanthúsið. Þaðan kom gangandi á ísnum einn sá skipherra er Pjetur hjet, hver eð var höybátsmaður á því skipi er kallaðist St. Pjetur, og eg frá Englandi með kom. Hann gengur þar að er eg sat í járnboltinum á öðrum fæti og svellstorkinn, en þó ei minnst votur næst mjer, og heilsar oss, og kvaðst hafa þekt mig, og tekur nú dýraskinnshúfu af höfði sjer og minn hatt af höfði mjer og setur hana upp á mitt höfuð og segir mjer heimila vera til þess eg sjer aftur færi. Eg kvað hann mikið voga í mót undirprófossins forboði. Hann kvaðst lítið um hann hirða, því hann væri ekki yfir sig boðinn. Og að honum nýlega burtgengnum kom Lauritz með grimmlegu viðmóti, og spyr, hver svo djarfur væri, að gjörði slíkt á móti yfirvaldsins forboði. Eg uppá dár bað hann nú vægðarsaman vera. Þeir segja honum gabb gjört og gekk svo í burt. En skömmum tíma síðar ljet hann oss lausa úr járnum eftir yfirvaldsins tilskikkan.

Þennan vetur hafði eg vakt við týhúsið, og hafði eg í þann tíma mitt herbergi og lossamenti hjá einni herrajómfrú, hver aldrei hafði gift verið, sú eð var fróm og guðhrædd og hjelt hús fyrir sjálfa sig í Vagnmannstræti. Aldrei hafði hún fyr nokkurn mann til herbergis haldið. Hún var elskuleg og hirðsiðavönd, svo sem herrafólk er til vanið. Hún hjet Christín Svala.[1]) Hún hafði tvisvar fyrir göldrum orðið, og í hvert sinn beinbrot liðið á sama fæti. Hennar systir ein bjó í borginni sú eð Armgordt hjet og gift þar einum kaptuga kóngs er Stephanus hjet; hann var ríkur maður og bjó í miklu húsi, og undir því hafði hann

[1]) Christine Svale var dóttir landsdómara á Fjóni Verner Bertelsen Svale; systir hennar Ermegaard var gift Steffen Sørensen kapteini. RC.

víns og ölskjallara, hvar inni eg hafði fritt sæti og öl án keypis hvern sunnudag. Þessi systkin sagði hún mjer (auk annars margs fleira) að verið hefði með sjer 18 alls að tölu, og því af góssi sjerhverju lítið hlotnast. En af hverju það svo hryggilega við bar að henni svo tvisvar til beinbrots slysaðist sagði hún mjer að skeð hefði að sjer hefði misunt verið af annari jómfrá þess herramanns að njóta sem hún var trúlofuð, og það tvær reisur með sama hætti. Engum án hennar leyfis mátti eg þar innfylgja, og aldrei talaði hún óstutt orð til mín í það hálft annað ár, sem eg þar til herbergis dvöl hafði, utan eitt sinn, er svo við bar, að hún hafði gleymt að læsa í skápnum einni bók, er þær systur áttu og þeim var til erfða fallin, er kallaðist Henrichs Smiðs bók,[1]) og voru á uppteiknaðir allskyns sjúkdómshættir og kvillar, sem manneskjunni í heiminum kynni ýmislega til að falla, karlmönnum og kvennmönnum, og læknisdóm til sjerhvers. Þessa bók vildi hún að enginn yfirliti, en mjer varð það á, að eg var tekinn til að lesa í henni, nær hún kom í stofuna. Þá ljet hún mig kenna á sjer, og sagði þar inni hæfði engum óbljúgum skálk að lesa, og hnýtti þar við mörgu og mörgu um karlmanns og einkum kvennmanns eðli og háttalag. Og nær hún hafði hjer um langa oratiu frampulið, þá snýr hún um blaði sinnar ræðu, og segist mig engan skálk meina nje ætla vera muni, svo hún það hefði mátt merkja, eða af minu framferði þurft sig stórum að hneyxla, frá því eg komið hefði í hennar herbergi, og bað mig síðan um fyrirgefning og leyfði mjer að lesa í henni nær systir hennar ei af vissi, og úr henni skrifaði eg 5 eða 6 arkir, og voru í káhyttu innbornar síðar, nær eg fjekk þann skaða er eg ber til andláts.

Nú vík eg frá Christínu Svölu um sinn, og þar til að kóngur um vorið ljet 6 skip þau sjerdeilis stærstu til siglingar útbúa, með hverjum hann sjálfur reisti ásamt þeim þremur ungu herrum, canceleranum, statshaldaranum

---

[1]) Hefur verið eitthvert lækningarit eftir hinn fræga lærdómsmann Henrik Smith († 1563), líklega safnritið ‚H. S.'s Lægebog'. Um höf. sjá Biogr. Lex.

og öllu Danmerkur ráði til Björgvin í Noregi, hvar herradagur haldast skyldi Anno 1621.[1]) En nær vjer á leið komum undir Noreg, þá mætti oss það skip, sem fylgt hafði á leið því skipi, sem hjet St. Lauritz en öðru nafni Vaturhundur; það skip var sent að Austindien til þess kastala, sem danskir menn höfðu þar gjöra látið, sem Dansborg nefndist, og síðar skal gjör umtalast, ef Guð mig til endast lætur. Og úr því vorum vjer með sjö skip í flota, og fengum vjer góðan byr, þangað til vjer norður komum að því sundi, er sker sig upp í gegnum landið til Björgvinsborgar, sem eru 12 vikur sjóvar. En flestöll skip fara ekki það sund sakir stillviðra, heldur hafmegin, þó meiri vegarlengd sje. En kóngur rjeð það af að uppsigla þetta sund, og virtist stýrimönnum djarflega tilráðið sakir byrleysis, er á þeirri leið brátt til fellur, og fordýpi, svo ei verður atkerum varpað.

Kóngsins lífskip í þann tíma hjet Patientia, sem var mjög stórt og prýðilegt herskip. Hún hafði 72 fallstykki innanborðs[2]) og öll af kopar. Þetta skip bar mikla gylling á sínum fremri og eftri hluta með tvöföldu galleri og með gyltum pílárum, það er skipsins umgangur utanborðs úr káhyttu, hvar inni yfirvöldin standa og drekka hver öðrum til nær samskipa siglt verður. Annað herskip, sem þar næst gekk hinu fyrra var St. Anna, eitt mikið skip með 56 stykkjum, einnin forgylt til beggja stafna og með úthöggnum bílætum til beggja hliða með ýmislegum color, sem Patientia

---

[1]) Það var árið 1622. Eftir dagbók Christiáns konungs 4 fór hann á stað frá Krónborg 18. Júlí. Í flotanum voru skipin „Patientia", „St. Anna", „Ridderen" (ɔ: „Den sorte Rytter"), „Justitia" og „Raphael." — Á leiðinni mættu þeir „Nældebladet", sem Jens Munk var skipstjóri á, og slóst það í förina með. — Jón Indíafara hefur hjer líkl. mismint um nöfn sumra skipanna. — Sbr. athugasemd RC. við þennan stað (dönsku þýð., I. bls. 225) og rit þau sem þar eru nefnd. — Á öðrum stað eru nefnd í förinni auk fjögurra fyrstu skipanna „Fides", „Nældebladet", „Lindormen" og „Dragen". Sbr. Lind, bls. 8, og ritin, sem þar eru tilgreind.

[2]) Það má telja víst að fallbyssurnar hafa ekki verið svo margar á skipunum sem hjer er sagt. RC.

og eins þau æðstu stríðsskipin. Hið þriðja herskipið var Justitia, eitt mikið skip með 50 stykkjum og sama prýðibúningi sem hin önnur og áður eru greind. Á þessu herskipi var eg fyrir byssuskytter þjónandi. Minn kaptugi hjet Christofer Boye,[1]) einn maður af engelskri ætt til faðernis en af norskri ætt til móðernis, og nú í þann tíma hafði gjört reisu til Austindien, og um vorið fyrir var þaðan heim aftur kominn. Skipherrann hjet Pjetur Hansson, minn arkelímeistari eður constabel hjet Niels Dreyer, einn stórhugaður maður en mjer þó góður; með honum vorum vjer byssuskyttur 25. Það fjórða skip var Spes,[2]) eitt ágætt herskip með vel 40 stykkjum, og var prýðilega tilsett að öllu. Hið fimta herskip var Fides, sjerdeilis vænt gangskip og lystilegt tilsýndar. Hið sjötta herskip var sá Svarti Riddari, mikið og vænt herskip með eins stykkjum, öll af kopar. Hið sjöunda skipið, sem í ferð kom til vor og fyr var um getið, á hverju var kaptuginn sá velreyndi Jens Munck, sem vel fyrir tveimur árum var frá Veigat heim aftur kominn, var sá Lýbski Davíð, og með mörgum stykkjum, eitt mikið gangskip. Þessi öll sjö skip voru prýðilega munsteruð, stafferuð og tilsett og hvert með sinni stórflag, bolsaner og skartklæðum alt um kring við borðstokka á hvers skips bæði borð. Á kóngsins sjálfs herskipi voru 12 trompeter, en á hinum tveimur þeim stærstu 4 á hverju, en á hinum þrír hverju. Með kónginum og hans skipi voru þeir þrír ungu herrar, cancelerinn, statholderen og Danmerkur ráð, utan sá góði og gamli mann Gabriel Krús, hann var upp á St. Önnu, en á voru skipi voru meðfluttir 48 dravantar kóngsins og 12 kóngsins instrumentistar

---

[1]) RC. geta þess til að hann sje sá Chr. Hansen (Boye), sem Lind nefnir bls. 223, er var skipstjóri í Indiaförinni 1618—1622, og er það mjög líklegt. (D. þýð II. bls. 13).

[2]) Tilg. útg. fyrir Fides í hdr., sbr. orðamuninn. Til var þá danskt herskip er svo hjet. Það er ólíklegt að J. Ind. hafi skrifað Fides sem nafn á 2 skipum, svona hvort á eftir öðru, en líkl. hefur það skip sem hjer er átt við verið annaðhvort „Dragen“, „Lindormen“, eða „Raphael“. Sbr. athugas. v. bls. 176.

og musikantar. Þessir tveir hópar hvorir fyrir sig höfðu stórt herbergi innan skipsborðs. Ei minnist eg tölu sjerhvers skipsfólks. Og eftir kristilegum plagsið var á hverju skipi haldinn corum eða morgunsöngur með bæn og blessan hvern morgun og eins kvöldsöngur á kvöld, og á miðvikudögum var haldinn predikun og nær sem miðdags eður kvöldmáltíð skyldi haldast var slegið uppá ketiltrumburnar og í trómet blásið, og blása fjórir í senn. Þetta sje fullnægja hjer um.

XXXI. KAP.

Það fyrsta kvöld sem vjer komum upp í þetta sund og bæir stóðu til beggja handa lögðumst vjer fyrir atkerum. Skip kóngsins lá lengst fram í flotanum, og svo hvert skip eftir því sem til var skikkað í rjettri orðu. Svo bar við að vor kapteinn dró frá voru skipi með litlum bát, er hverju skipi fylgir, og til þess skips, er einn af ráðinu með fylgdi, sem var Gabriel Krús, er hjet St. Anna. En nær hann aftur heim kom varð stórt upphlaup á skipi voru með kaptuga vorum og öllum kóngsins dravöntum, svo að kaptuginn bauð þeim á land og í einvígi, hverjum sem voga vildi, en þeir aftur á móti voru ólmir og óviðráðanlegir, svo þar áhorfðist að mannslög verða mundi hefði ei Gabriel Krús þangað komið og stilt til friðar með þeim og þaggaði kóngsins dravanta, og varð að lofa þeim hálfri lest af Rostock-aröli.

Vjer vorum 3 daga um þetta sund fyr en vjer komum upp til Björgvin. Vjer höfðum stórt gaman af því bygðafólki, sem var á þeirri leið á bæði borð við oss, sem voru á sínum ökrum og að sinni annari iðju, er við lá. En nær vjer komum upp að því kennileiti, er Back van Ra

nefnist,[1]) fyrir þessu kennileiti var sú skipvenja og gömul sjólög, að hverjir sem þar höfðu ei fyr komið nje hjá farið skyldi frá stóru seglrá í sjóinn hleypt verða, utan sig frelsi með drykkjupeningi. Sem kóngur fjekk þetta að vita þá mýkti hann þetta lögmál með þeim hætti að hann gaf eitt 12 marka vinstaup í hvern 4 manna skutul, og kvaðst þekkja svo fólk sitt að því mundi koma betur að vökna innan heldur en utan. Svo niður lagðist þetta sjóstraff í það sinn fyrir kóngsins mildleika sakir.

Nærri miðmunda komum við upp til Björgvinsborgar á einum fimtudegi í Augusto, og varð skotið 9 stykkjum á kóngsskipinu en 6 stykkjum á St. Önnu, en 3 á hverju hinna, en af slotinu varð með mörgum stykkjum svarað, og á hverju skipi trómetað. Og nær sem kóngur dró til lands varð jafnmörgum stykkjum afhleypt og á ketiltrumburnar slegið. Í þriðja tíma er kóngur á slotið inn gekk stóðu allir borgarar og kaupmenn og húsbændur á Garpabryggjunni[2]) með sínum vopnum og herbúningi, og með sama hætti á skipunum og slotinu skotið og trómetað. Þar voru og komnir allir norskir herramenn, bæði canceler, sem var Jens Bjelke, og sá norski statholder[3]) með öðrum aðalpersónum.

Á öðrum degi þar eftir byrjaðist herradagurinn og hjelst til eftirkomandi þriðjudags, en hver mál þar framkomu minnist eg ekki, utan þau tvö, sem var mál M[eist.] Andrjesar, er biskup var fyrir tveimur árum orðinn til Þrándheims,[4]) og fyr verið hafði sóknarherra til St. Nikuláskirkju í Kaupinhafn, og eg þar fyrst af honum aflausn og sacramentum

[1]) Hjer er átt við Bókn, litla ey fyrir norðan Fanafjörð, sem hollenskir og þýskir sjóferðamenn á þeim tímum kölluðu Buk van Raa, til aðgreiningar frá Buk van See (Bókn við Stafangur). Sjá Yngvar Nielsen, Rejsehaandbog over Norge, 9. Udg. Chria 1899, bls 206.

[2]) „Garpar" voru þýskir kaupmenn í Björgvin nefndir áður á tíðum.

[3]) Landstjóri í Noregi var þá Jens Juel (1580—1634). Um hann sjá Biogr. Lex.

[4]) Hann varð biskup þar 1618.

meðtók; það mál var gruggótt og hnje að legorði kvenna með vafningi miklum, og varð í það sinn afsettur sinni biskupstign, — en við lá að þyngra til fjelli, hefði aðallinn ekki fyrir hann beðið, er þrátt hafði í Kaupinhafn að hans embættisgjörð staðið — og varð aftur skikkað prestlegt embætti og kall í Noregi; — en hitt annað mál, sem þar frambarst og um gjörðist, var það mál, sem Henning Henningsson frambar og klagaði uppá síns föðurs saklaust líflát, og eg hef fyr umgetið, og fjekk 1200 dali.[1])

Svo var tilskikkað í hvert hús, sem vjer inn gengum skyldi oss virðing og veisla gjörast hvað og skeði. — Björgvinsborgar stræti er með stóru fjallgrjóti brúlögð, og hallar öllu ofan í móti, svo hvorki vatn nje saur á þeim staðar nemur, en í votviðrum er þar mjög stöðuvant. Fjórar eða fimm kirkjur voru þar í þann tíma með dómkirkjunni, og á þeim sunnudegi vjer þar vorum var mikið við haft með organs slætti og öðru prýðilegu, sem til heiðurs og æru hlýddi. Garparnir höfðu tilreitt kóngi 3 daga veislu, en af því dögg var hvern dag þá heila viku, er vjer þar dvöldumst, þáði kóngur ei þeirra boð, en í þess stað skenktu þeir kónginum einu veglegu credentskeri fullu af rosenobelum.

Á öðrum fimtudegi en vjer þar komum dró kóngur til síns skips[2]) nær alt fólk á öllum skipum sat að máltíð, og varð þar samstundis á ketiltrumbur slegið og í lúðra og trómet blásið, og með einum bát fylgdi það boð til allra skipanna, að enginn maður, hvers embættis sem var, skyldi

[1]) Fyrra málið er alkunnugt; skáldið Anders Arreboe (1587—1637), sem var biskup í Þrándheimi, var ákærður fyrir ósæmilega hegðun í stöðu sinni (hann hafði tekið þátt í dans í brúðkaupsveislu (o. s. frv.) og dæmdur frá biskupsembætti; hann varð síðar prestur í Vordingborg á Sjálandi. — Um síðara málið segist Jón Indiafari hafa getið fyr, en það er misminni hjá honum. Það mun líka misminni um nafn sækjanda. Samkvæmt óútgefinni dómabók herradagsins 1622 í Ríkisskjalasafni Dana á Henning Nielsen, sonur Niels Henningsens þar í máli út af því að faðir hans var tekinn af lífi án dóms og laga. Brjef um aftökuna eru í Norske Rigs-Registranter, IV. bls. 668, 711—712, 739.

[2]) Konungur kom til Björgvin 25. Júlí, daginn eftir byrjaði herradagurinn, og konungur fór þaðan aftur 2. Ágúst. Sjá Danske Saml. II. Række 3. Bd. 371.

dirfast til lands að fara eður neitt sitt að útheimta. Og strax voru atkeri uppdregin og seglum út slegið, og voru 18 bátar af Garpabryggjunni sendir til að útróa kóngsskipið, 12 St. Önnu, en 9 hvert hinna. Þá brosaði kóngur, og kvað lausakonur í Björgvin ættu sjer ekki að vanþakka, því þær hefði nú fengið næst sjer í dag til minningar að hann hefði eitt sinn þangað komið.

Margt gersemi mátti hjá Görpum sjá og fá, bæði bátar og sveinar Garpanna voru prýðilega tilsettir, og þeir fylgdu oss á veg viku sjóar. Og að lyktum ljet kóngur þá heiðarlega traktera, og með það skildumst vjer að.

Sigldum vjer svo þaðan gott byrleiði í rúmum sjó, alt þangað til vjer komum fram undan Varbergs sloti í Hallandi, kom lítið kul af landsuðri oss í móti; í móti kvöldi sneri vindurinn sjer til vesturs, sem var þverviðri þegar upp í sundið er siglt, því hann stóð af Jótlandsskaga, Lessey og Anholt. Nú sigldi kóngur undan og svo öll hin skipin á eftir, en vjer síðast næst St. Önnu, því þau bæði skip voru mjög þung og stór og lítt löguð til gangs. Og fyr en kvölda tók og dimma mjög sáum vjer eitt fjall uppdragast á Skáneylandi, sem kallast Bordon,[1]) og frá því fjalli eður núp er 4 vikur sjóvar til Krónborgar; ofan fyrir það fjall hratt Haraldur kóngur Heming Áslákssyni forðum. Síðan gjörðist veður mjög gerðótt og vildi kaptuginn Christofor Boye[2]) láta undir nóttina mersusegl inntaka, en stórsegl standa láta, en skipherrann Pjetur vildi það ei samþykkur verða, hvar af kif jókst þeirra á milli. En með því að skipherranum framar tilheyrðu ráð mektugri yfir skipssiglingunni en kaptuganum, þar fyrir hlaut svo að vera, að stórsegl skyldu inntakast en mersusegl standa. Og nær 22 menn

[1]) Hjer sjest á því sem eftir fer að það hlýtur að vera átt við Kullen; hvernig á nafninu Bordon stendur get jeg ekki sagt. — Jón Indíafari blandar saman sögunni um Harald harðráða og Heming Ásláksson við dönsku sögnina om skíðahlaup Pálnatóka niður af Kullen. (Saxo, v. Grundtvig. 4. Udg. Kbh. 1886, bls. 428.)

[2]) „kapteinninn" eða „kaptuginn" hafði æðstu herstjórn á skipinu, en „skipherrann" rjeði siglingum, og voru auðvitað vanir sjómensku, en það þurftu kaptugarnir ekki að vera, þó þeir auðvitað oft væru það.

voru komnir uppá stórrána að inntaka stórseglin þá stóð eg mjög nærri stórmastrinu, og í því kom mikill garður af vestri, svo brestur stór kom í stórmastrið, og einn maður að nafni Pjetur Nielsson, sá eð verið hafði í 9 ár soldát en nýlega gjörst byssuskytta, þessi maður greip til mín með orku, því hann var hið mesta karlmenni, og bað mig í Guðs nafni að forða mjer, því mastrið eftir því sem sjer sýnst hefði þá garðurinn kom væri sem brostið, en eg hjelt slíkt ómögulegt vera. En rjett í því sama kom mikill garður, svo mastrið hrökk þar rjett í sundur er eg fyr stóð við það, og með öllum mönnum sem uppá ránni lágu seglið að inntaka. Svo fór það fyrir borð í einum byl, stórmastrið með nýju segli, stórstöng og bramstöng með tveimur nýjum seglum, rá og reiða, og flagstöng er þar uppi stóð á stórtoppi með flag og forgyltum knappi. Þetta alt varð með beittum öxum burt að höggvast svo trjen ei moluðu skipsborðið. Af þessum 22 mönnum drukknuðu 7 menn, af hverjum 5 voru brúðgumar. Þessum varð ei hjálpað með nokkru móti þó sumir þar um sárlega bæði. Sá nefndi maður Pjetur Nielsson og eg reyndum til með stórri mannhættu einum manni að bjarga, sá eð Michel hjet og fastur var við brot mastursins, og nær við höfðum náð í hans hendur urðum við aftur að sleppa honum nær undir reið, og svo marðist hann millum borðsins og mastursins til dauða. Hefði Pjetur ei til mín gripið fyrir Guðs anda áeggjan, svo hefði mastrið mig til dauðs slegið, svo það var eitt af öðrum óteljandi Guðs dásemdarverkum, sem hann mjer auðsýnt hefir á tíma minnar æfi af sinni föðurlegri hjartans elsku og náð, hans nafn veri lofað og blessað að eilífu. Þá var grátur og gangur mikill innan skipsborðs. Síðan varð tveimur þeim allra stærstu atkerum útvarpað og 300 faðmar útgefnir með hvoru, og vorum vjer fyrir því hættasta plássi á Hallandi komnir. Svo kom kaptuginn ofan til vor og skipaði oss öllum til sængur að leggjast með bæn og ákalli til Drottins, en þremur mönnum befalaði hann vakt að halda, en þó hver einn um sinn, og virtist öllum við bana búið.

Þá lagðist margur grátandi niður til hvíldar. Eg svaf vel alla þá nótt til morguns, og vaknaði eg þar við að blásið var til morgunsöngs, og sagt var Guði þakkir að gott veður var orðið. Og eftir söng haldinn var gefið brennivín hverjum manni og lofað 6 tunnum af besta öli ef vjer hertum oss atkerin upp að vinda og legðum ei til heima um skipherrans forsjónarleysi og það kaptuginn fjekk ei ráðið.

Hinn öll 6 skipin komust klakklaust heim í Eyrarsund um kvöldið nær staðarins[1]) vakthringing yfirstóð. Senn dró kóngur til lands og hvíldi á Krónborgarsloti um nóttina. Nærri miðdegi komum vjer heim í Eyrarsund, og var kóngur þá í burt reistur, og kominn á þann veg, sem lá til Friderichsborgar. Og nær vjer komum fyrir Kaupinhafn varð á hverju skipi 3 stykkjum afhleypt, utan kóngsskipinu 9 afhleypt. A næsta degi eftir ferðaðist kaptuginn til Friderichsborgar á fund kóngs, að tjá honum þau vandræði, er til fjellu fyrir oss, og leitaði kóngur mjög eftir tilefni, og ágreindi að þau eyðast skyldu, en það dvínaði svo niður að ei til laga lagðist.

XXXII. KAP.

Eftir þetta fjell ekkert til sjerlegra um þetta haust, en að tilbúa það annað skip, sem að Indíum skyldi útsendast, sem að nefndist Christiánshöfn, og það skip, sem að öðru ári skyldi þangað sendast, sem hjet Perla, sú var bygð í Hollandi af klárri furu, og var uppá 700 lestir og Christiánshöfn uppá 180 lestir. Perlunnar stýri tómt án járna nýlega höggvið gátum vjer nauðugt borið 60 menn.

---

[1]) Helsingjaeyrar.

Nú er fyrst um að tala að með því að Grabov hjelt sömu á um harðýðgi sitt hið gamla, svo oss leiddist undir hans jústits að vera, — þar voru nokkrir ungir menn undir regimentinu, sem mig áhvöttu að rýma með sjer til Svíaríkis undir þess svenska kóngs, sem var s[álugi] Gustavus, regimenti að gefa mig sjer ásamt, en eg bað Guð mjer þvílíkum glæp að forða, svo eg hvorki bryti minn sáluhjálpareið eða skildi mig við mína æru og gott rykti, eða gjörði hrelling mínum frændum og góðum vinum en fögnuð fjandmönnum, — kjöri eg heldur að líða með öðrum hvað sem uppá kynni að falla. En með því sú indíaniska reisa viðlá og vjer áttum 5 ár uppá nýtt að þjóna áður en orðlof gæfist, þá fjell mjer það til sinnis sem og fleirum af mínum kompánum að gefa mig uppá þá reisu í Guðs náðar trausti ennnú í öðru sinni, eftir því mjer tókst ei í því fyrra, nær þau skip í fyrsta sinn að Austindíum útsendust,[1]) og ljet eg mig svo þar til innskrifa í Guðs trausti af kóngsins aðmírál uppá Bremerhólmi Steini Vilhjálmssyni. Og nær eg þar inn kom fyrir hann þá spyr hann mig að sem fleiri hvort eg kynni kompásinn, eður hversu lengi eg hefði þjónað kónglegri náð. — Eg segi honum vart 7 ár og mínar sjóferðir. Fyrst gerði eg honum gilda grein á um kompásinn og um hvað fleira hann mig að frjetti. Síðan bauðst mjer við hann að accordera um mín mánaðarlaun, hvað treglega tilgekk, en varð þó um síðir 12 gyllini hvern mánuð, sem eru 6 vættar dalir, quaderante dalir, er þeir svo kalla, og lofaði á reisunni skyldi forbetrast, hvað þó ei fyr skeði en eg kom í Indien, þó ei meir en með einu gyllini, svo eg úr því hafði 13 hvern mánuð, sem er 6 vættir. Sagði hann eg langrar þjónustu að nyti, því aðrir fengi ekki nema 9 eða 10. En hver sá byssskytter, sem til Indien reisir, má við tvöfaldri iðju búast, byssskytters og bátmanns, bæði hátt og lágt og við skipsstjórn. Síðan að mínu nafni skrifuðu fjekk hann mjer rixdal uppá höndina.

---

[1]) Indíaför Ove Gjedde, 1618—1622.

svo sem plagast, og bað mig orð með æru halda. Og áður en eg útgekk drakk hann mjer til af sinni krús, og óskaði mjer lukku með haldinni reisu. Síðan gengu hinir hver eftir annan inn til hans, hver einn um sinn. Ámæli fjekk eg stórt af góðum vinum. Eg ljet sem eg heyrði ekki.

Einn dag sem eg stóð í húsdyrum míns lossamentis gekk einn ungur maður dægilegur á strætinu, sá eð kvaddi mig blíðlega og bað mig leyfa sjer hús á meðan hann drykki eina könnu öls, hvað eg með bæn útvegað fjekk hjá minni húsmóður Christínu Svölu. Og nær hann var inngenginn og til sætis setstur vitnaðist að maður þessi var spekingur og einn forvitringur mikill, hver eð oss framtaldi margt skeð og óskeð, bæði hvað mína húsmóðir og eina kvennsvift, sem þar var til herbergis, sem barn átt hafði við þeim manni, er hún giftast átti, og hana leynilega á einum næturtíma forljet, svo og líka fýsti mig einnin að reyna hans viturleik, og sagði hann mjer það eg mundi í stóra neyð koma í þeirri ferð, en þó mundi Guð mig frelsa svo eg ei lífið misti, en samt mundi eg þess minnugur verða á meðan mjer líf entist; og konur tvær mundi eg í sjálfs föðurlandi eignast, og engin börn við þeirri hinni fyrri, en tvö eða þrjú við þeirri hinni seinni. Hann talaði mjer í mörgu vel til, og líka ljet hann minn löst í ljósi, hvern í sínum punkt, og kvað Guð mjer fast í hönd halda, hvað mjer staðfastlega víst reynst hefur. Friderich kvaðst hann heita, þó eg meinti það ei vera mundi. Hann bað vel fyrir oss, einkum fyrir mjer, því hann sagði sig angra marga mína tilviljan, er mjer þó fyrir lægi. Síðan gekk hann með kveðju næsta siðsamlega út þaðan. Slíkan mann hefi eg aldrei sjeð áður nje síðan. Þetta greint efni skeði 2 dögum fyr en vjer til India úr Kaupinhafn afsigldum.

Og skal svo í styttsta máta hjer um útgreint vera í þessum fyrri parti kversins hvernin um mína æfi til þessa tíma til gengið hefir, en í öðrum parti skal talast um ferðalag mitt til Indíalands, og á þeirri tíð hið sjerlegasta til

bar, til þess eg aftur fyrir Guðs náð heim kom í Danmörk þó með styttra hætti, en þó fyrst um þá fyrstu reisu, sem skeði til Indialands, til hverrar eg var skrifaður, og minn gamli vin Jón Halldórsson, frá hverri reisu eg sem fleiri varð haldinn í það sinn fyrir Guðs vilja og kóngsins alvarlega tilskikkan.

Hjer endar þann fyrri part.



Kaupmannahöfn 1618.

(Eftir mynd í E. Pontoppidan's Origines Hafnienses. 1760.)

ANNAR PARTUR ÞESSARA FRÁSAGNA,

INNIHALDANDI UM MÍNA SIGLING AÐ AUSTINDIEN OG ÞAÐ FLEIRA ÞAR AÐ HNÍGUR.

I. KAP.

Í fyrstu verður til máls að taka af hverju tilefni að vor sálugi kóng Christián 4., loflegrar minningar, fjekk girnd og þóknan til að senda þau 5 skip út til Indíalands, er sendust (að mig minnir) Anno 1618 í Október mánuði, er sem eftirfylgir.

Í Asía, í þeim þriðjungi þeirrar gömlu veraldar í India extra Gangem, er eitt stórt og mjög frjóvsamt eyland, er Ceylon nefnist. Þar inni eru 9 kónga ríki, sem öll eru einum herra undirgefin. Höfuðstaðurinn sá æðsti, hvar þess lands stjórnari hefir sitt aðsetur, nefnist upp á þeirra mál Colmucki[1]). Svo bar við að um þann tíma, sem skrifaðist 1616, þjenti þessum stórherra og landstjórnara, sá eð nefndist keisari, einn kristinn maður, hollenskur að ætt.[2]) Við

---

[1]) Máske er það borgin Colombo, sem Jón Ólafsson nefnir svo, en „keisarinn", sem hann svo nefnir, var konungur í Kandy, og hafði aðsetur sitt í borg þeirri er svo nefnist.

[2]) Hann hjet Marcelis de Boshouwer. — Keisari í Ceylon var þá Senerata (nefndur Ceneradt Adassin, í Schlegel: Saml. z. Dän. Geschichte, I. 3, 166—170, I, 2, 62, og víðar). Þessi bók Schlegels er enn aðalrit um eldri sögu dönsku nýlendanna. — Nýtt rit um það efni er Kay Larsen: De dansk-ostindiske Koloniers Historie I. Trankebar. Kbh. 1907.

þennan mann ráðgaðist hann einn tíma, hvað hann skyldi til ráðs taka við þá portogalisku menn, er hann fyrir nokkrum liðnum tíma hafði ljeð þar landvist í landi sjer nálægt, að brúka þar kaupskap, svo sem þeir plaga víðar að gjöra um öll Indíalönd, og spurðist fyrir, hvort hann vissi ei neinn þann kóng í Norðurálfunni, er þá kynni eður vildi þaðan úr landi á burt rýma, því hann kvað þá sjer ofbjóðlega orðna, af því þeir hefðu sig til neytt með sínu ofríki þeim skatt að gjalda í sjálfs síns landi, og gjört þar 3 kostulegar borgir í tráss sinni konunglegri tign og forboði. og þær styrkt með stykkjum, vopnum, verjum og mektugu stríðsfólki, og þessvegna kæmi ei sínum riktugheitum fram, og hlyti svo með þungri samvisku þeirra ofbeldi og ókjör að sekkja. Hvar til þessi hollenski maður honum andsvaraði og sagðist engan æðri vita en þann loflega kóng af Danmörk, kóng Christián, því hann hvorki í önnur lönd sinni sigling hjeldi, þar með líka væri hann til höfðingsdóms og hernaðar mjög hneigður. Þessum var tiltrúað að afreisa og burt þaðan hingað í Norðurlöndin að ferðast með þessa heiðna kóngs brjefleg og vel ítrekuð erindi. Kom hann fyrst í Holland og tilbauð í fyrstu landsins stjórnurum slíkt og þvílíkt er kóngs brjef innihjelt, sem var að útrýma áðurnefnda portogaliska menn af Ceylon, en lofar þeim aftur þeirra plássi, bygð og höndlan, sjer að öllu án ofbjóðs, þvingunar eða skattgildis. En með því að höfðu nóg að starfa þeir í Hollandi með sínar víða utanlandshöndlanir, og þessu keisarans af Ceylon örlegu tilboði því höfnuðu, þá strax dró hann til Danmerkur á fund vors náðuga herra og kóngs, kóngs Christiáns 4, auglýsandi honum fyrir túlkan og meðalgöngu þess ceylonska kóngs brjefs innihald, vilja og meining, hverju vor sálugi herra og kóngur ljúflega og vel gegndi[1]), og með Danmerkur ráðs samþykki ljet kóngur sitt brjef útganga um alt sitt ríki, að hverjir í karllegg

[1]) Í Danmörku hafði árið 1616 verið stofnað fjelag til að reka verslun á Indlandi, og 30. Mars 1618 gerði Boshouwer í nafni Ceylonskeisara samning við Danakonung.

eður kvennlegg sínu fje voga vildu, svo miklu eða litlu sem þeim geðjaðist, til þessarar reisu, skyldi í tje látast og innan handar vera.

Við slíku boði kóngs tóku margar persónur karla og kvenna næsta vel, svo þar urðu til þessarar fyrstu indíansku reisu margir reiðarar, er sitt gjald ljúflega framlögðu, jafnvel þær meyjar, sem línsauma á höndum höfðu. Sumir lögðu til 60, 70, 80, 100, 200, 300, 400, 1000, 2000 dali og skyldi ei reikningsskapur fyr haldast en 12 ár væri umliðin. Og til nefndrar reisu voru 5 skip útbúin með greiðasta hætti og göfugri tilreiðingu. Og að auki alls skipsfólks voru útsendir 300 soldátar. Enn ofursti eður sá æðsti general yfir þeim flota hjet Eirík Grubbe[1]), hver eð sinn herragarð og alt fastagóss burtseldi fyr en aldeilis afreisti. Og ein eðla jómfrú, sú eð trygð og ást við hann tengt hafði, gaf sig út með honum að afferðast, en þó í fyrstunni með sjerlegum hætti, að hún hafði sig umklætt í sveinslegan búning. En með því skipin lágu byrvana fyrir Krónborg í hálfan mánuð, þá bar svo við einn tíma, að bátsmenn urðu þess varir, og það strax auglýstu, og lá þeim við í fár að falla. En með því þau svo mjög höfðu í elsku og kærleik sig hvort öðru samtengt, og vildu sig ei aðskilja láta, urðu þau samanvígð í erlegan hjúskap, hver eðla kvennpersóna af barnburði ljet sitt líf á reisunni.

Skipanna nöfn voru þessi: fyrst Christián, 2. Christiánshöfn, 3. Kaupinhafn, 4. Davíð, 5. Jaktin[2]), hverrar nafn eg

---

[1]) Þetta er rangminni höf., því fyrirliðinn var Ove Gjedde. Dagbók hans um ferðina og samningana við höfðingjana á Ceylon og Indlandi er prentuð í áðurgreindu riti Schlegels. Erik Grubbe (1597—1631) giftist í Nóv. 1618 í Helsingjaeyri Ingibjörgu Hansdóttur Gere, er hafði einsog hjer segir komist út á flotann til hans á karlmannsfötum. Hún dó af barnsförum á leiðinni, 22. Júlí 1619 og barnið rjett á eftir. Er þess getið til, að Grubbe hafi orðið hálfsturlaður út af missi hennar.

[2]) Skipin voru: herskipin „Elefanten“ og „David“, og verslunarskipin „Christian“ og „Kjøbenhavn“, og ljettiskúta, hollensk „Flöjte“, þau lögðu á stað 29. Nóv. 1618. — Jaktin „Öresund“ með Rollant Crappe var sigld á undan.

minnist ekki, og með henni fór Rollant Crappe[1]) fyrir kaupmann, sem 7 sinnum hafði reist til Indíalands áður fyrri og varð það hans 8. ferð, er nú greinist. Þessi varð síðar meir general.

Þessi ceylonska kóngs sendiboði var nefndur almennilega ambassedör[2]). Hann var mjög ríkilátur, drambsamur og stoltur; hann hafði einn prest með sjer, hver illa útleit, og hans hár var mikið og svart og náði í beltisstað á honum, og einn svein, er þeim var báðum þjónandi. Til þessa ambassedörs var eg einn tíma af Grabov skikkaður nokkuð að útrjetta, fyrir hvers herbergisdyrum eg hlaut víst eykt að standa; en þó eg þrisvar upp á dyrnar klappaði og sveininn upplyki, komst eg ei fyr inn en hann sjálfur tilskikkaði. Hann var í bók stórri að lesa, sem í sniðum og á spjöldum forgylt var. Og nær eg inn gekk fyrir hann, laut eg honum, og spurði fyrst hver eg væri eður hvers þjenari, og síðan í þriðja lagi að mínu erindi við sig, hvert eg honum skjótt tjáði upp á junkursins vegna, sem var að hann bað hann að gjöra sjer ómak upp á týhúsið til að skoða og útvelja þau stykki af kopar, er hann girnti að með færi til Indien, hvar til hann Grabov boðskap trássugt gegndi og andæpti, en sagðist þó mundi koma, ef sjer sjálfum vel lynti, nær klukkan slægi eitt eftir miðdag; og fyr en hann gaf mjer leyfi til burtgöngu, ljet hann skenkja mjer á eitt silfurstaup akvavíti, það er sjerdeilis vel smakkaði, og gekk eg svo í burt að því meðteknu, með þakklæti, kveðju og reverentsíu. Eftir miðdag gekk hann með sínum presti og þjenara upp til týhússins, og fyrir honum urðu portin uppslegin sem fyrir kóngi sjálfum eða stórherrum. En þessu öllu gegndi hann með spotti; nær týhússins yfirvöld sig fyrir honum auðmýktu, reigðist hann við og ljet því næst sitt höfuðklæði standa. Og sem hann kom þar sem stykkin voru í garðinn útsett í röð, sló hann með sínum staf og

[1]) Rollant Crappe var hollenskur að ætt, og var sá maður er Danir áttu mest að þakka indversku nýlendurnar. Hann var herraður af Danakonungi 1635 og nefndi sig síðan Crappé. Hann dó um 1645.

[2]) fr. ambassadeur, d. ambassadør, ísl. sendiherra.

með krít á þau mark setti, og síðan drambsamlega í burt gekk; síðan fjekk hann slæman umlestur, og lýkur hjer framar um að tala nú að sinni.

En nær byssuskyttur skyldu munstrast og takast frá týhúsinu, þeir eð sig viljulega höfðu til þeirrar reisu skrifa látið, á meðal hverra eg stóð einnin skrifaður í sama register, þá var kóngur þar sjálfur nálægur, og leyfði þeim hann vildi þá reisu að fara, sem voru þeir, eð nýlega voru undir regimentið komnir, og voru margslags handverks, en hinir, sem reyndir voru og lengi höfðu þjónað, þeir urðu fyrir kost og mun eftir heima að verða. En þó eg sem fleiri hefðum þar miklu til kostað og þar um kóng auðmjúklega bæði, að eg mætti meðfara, vildi það ei gilda, og afneitaði mjer því að því sinni, en sagði eg kynni enn nú snemma nóg koma til þeirrar ferðar, hvað og víst skeði. Kóngur ámælti stórum Grabov fyrir það, að hann hefði það besta fólk útskrifa látið frá týhúsinu.

Einn frómur íslenskur maður, að nafni Halldór Árnason[1]), hafði sammælst með mjer til þeirrar reisu, og höfðum okkur staðfast stallbræðralag samtengt og bundið, og það eg varð svo frá honum slitinn fjell mjer þunglega, og honum í sama máta. Hann fór út með því skipi Christián, og á því skipi fjekk eg honum góðan stallbróður útvegað, en hann varð eigi langlífur, eftir því sem eg síðar spurði, að hann andast hefði á þessari síðu Tyrkiríisins. Og nær hans bróðir Jón Árnason fór utan í eftirspurn síns bróður til Danmerkur, fjekk hann hans afgang að spyrja, en ekki einn pening eftir hann, því reiðararnir kváðu hann ekki neins fjár aflað hafa, því hann fyr andast hefði en tveggja mánaða laun hefðu verið upp int, er hann meðtók af þeirra hendi samjafnt öllum öðrum, er til þeirrar reisu útfóru, fyr en heiman hjeldu.

Til þeirrar reisu gaf sig margur stoltur sveinn, jafnvel

---

[1]) Hann var sonur Árna Narfasonar á Narfeyri; sjá Bogi Benediktsson, Sýslumannaæfir II, bls. 72. Um bróður hans, Jón silfursmið, er getið s. st. bls. 71.

ungir eðlamenn, þar með 4 kvennsviftir, sem giftust fyrri, því engin ógift mátti til þeirrar reisu inntakast. Og tvær af þeim á reisunni ljetu sitt líf af barnburði, ein eðla, önnur óeðla.

II. KAP.

Og er þeir sleptu Noregi, komu þeir með góðu byrleiði til Englands og til Vigt[1]). Í Englandi tóku þeir eina fríða og fallega kvennsvift, sú eð Temperentzia hjet. Sú giftist strax þeirra bókhaldara eður yfirskrifara, sá eð Hieronymus hjet, einn frómur og ágætur mann.

Síðan sigldu þeir frá Englandi í gegnum þann spanska sjó, sem svo kallast, og fengu góða byri, og suður yfir Tyrkiríið og í Bláland, þar sem kallast Caput De Ferda[2]), það er eitt örnefni siglingamanna; það liggur í Afríka. Þar nálægt náðu þeir einu skipi, sem hjet »Patientia« og á voru ránsmenn,[3]) og það skip höfðu þeir með sjer til Indíen og einn ungur piltur af því fólki kom síðar heim með þeim til Danmerkur, sá eð Demant hjet. Þar fóru þeir víða á land að fá sjer ferskan mat sínum sjúku til viðhressingar, á hverju stór magt liggur, þeim er slíkar langferðir þreyta. Í einum stað, sem kallast Anabon[4]), gengu þeir á land hið sama að útrjetta, að fá sjer ferska fæðu, hvað þeim tókst þó eigi, því landsmenn þóktust ei vita hvaðan úr heimi komnir væri. En skipmenn ljetu á sjer merkja, að þeir mundu eftir gömlum sjómanna og stríðsmanna vana hljóta að leggja

---

[1]) ɔ: Wight, ey fyrir sunnan England.

[2]) ɔ: Cabo Verde, Grænhöfði, á vesturströnd Afríku.

[3]) Bardaginn stóð 19. Febrúar. Danir unnu tvö skip „Prisens Jagt" og „den gyldne Löve", er síðar var nefnt „Patientia" (Ove Gjedde hjá Schlegel, I, 2, bls. 65 ff.)

[4]) Eyjan Annobon liggur í Guineaflóanum, en bardagi sá, er sagt er frá hjer á eftir, var ekki þar, heldur í Portudal í Senegambíu. Sama rit bls. 71.

djarfa hönd á svo mikið, sem þeir meðnægjast kynni, ef þeir fengi ei fyrir fult verð keypt nje afhöndlað. En landsmenn athuguðu orð þeirra og lögðu í minni. Síðan fóru þeir til skipa sinna og sváfu af þá nótt, er eftir kom, og voru íhugunarlausir um landsmanna aðgjörðir. Og á næsta morgni drógu skipmenn til lands af aðmírálsskipinu og höfðu með sjer marga soldáta, og nær þeir á land komu, var af yfirvöldum soldátum með bátsmönnum befalað að aftýgjast sínum vopnum og fylla þau tóm föt af vatni, er þeir með sjer tekið höfðu. Og nær svo gjörðist, eftir þeirra tilskikkan, þó nauðugir til færi, og þegar þeir voru í þessari sinni iðju sem best og þeirra vopn lágu afsíðis, þá vissu þeir ei fyr til, en landsmenn með bogum, sverðum og spjótum úr þremur áttum af landi til þá yfirfjellu, svo þá sáu þeir sjer hvergi fært að flýja utan í sjóinn, en bátur þeirra flaut langt nokkuð frá landi við drag-atkeri festur, og gátu fæstir sínum vopnum náð, en í þeim flótta urðu 15 menn af þeim slegnir, en hinir til báts að kafa og margir af þeim særðir,[1]) svo að í einum manni, Jens Piper að nafni, hengu 18 pílur fastar, nær hann til skips út komst, hverjar að bartskerinn hlaut út að skera, sem í holdi og sinum fast innlæstar stóðu, hvar af hann kvaðst mikla raun liðið hafa og þar eftir lengi legið hafa í sárum, undir bartskerans hendi, þar til hann varð heill sinna sára; hverjar hans 18 örbenjar eg handfór og áleit glögglega. En nær hann sagðist í fyrstu undan á landi flúið hafa og í sjóinn hlaupið, sagðist hann þá ekki hafa kunnað í bátinn að grípa, vegna tilgrips þeirra tveggja svörtu manna, er honum eftirför harðlega veittu, hverjir eftir honum og í sjóinn hlupu og til grunns niður færðu og hugðu í helju færa, hvað hann sagði víst mundi skeð hafa, ef Guð hefði sjer ei liðsint og það hann gat náð tveimur sínum tígilhnífum, með hverjum hann kvaðst þeim banað hafa. Og með því hann var nokkuð syndur, gat

[1]) Af Dönum særðust 10 manns, en 31 fjellu eða voru handteknir; 11 af þeim handteknu fengu þó frelsi síðar. Sjá áðurgr. rit s. st. bls. 71.

hann um síðir bátnum náð, sem þar var nokkuð undan landi kominn, og fengu honum svo inn náð með slitrum.

Að morgni fóru þeir aftur til lands og hugðu sín á landsmönnum að hefna og höfðu mikinn viðurbúning með. En með því þeir sáu þá engan mann, en voguðu ei þeim heimsókn að gjöra, því landsher verður löngum drjúgur, fengu þeir ekkert afrekað, og eftir því þeir sáu sjer ei ábata þar lengur að dvelja, hjeldu þeir fram til skips og á næsta degi aftur á burt þaðan. Og litlu síðar komu þeir þar að landi á öðrum stað, er Caput de Leo[1]) nefnist; þar fengu þeir nokkra björg sínum til hressingar, þeim eð eftir lifðu, en marga höfðu þeir mist af sínu fólki, því það varð sollmikið og því sjúkdómshætt á þeirra skipum, vegna þess mikla mannfjölda, er þeir heiman höfðu.

Nú síðan langt var komið á þeirra leið, upphóf sá leiði ambassedör keisarans af Ceylon að vilja forfalsa þeirra caas[2]) og rjetta siglingarstefnu, og vildi annan veg horfa láta heldur en til Ceylon og tilsett var. En sem stýrimenn hugleiddu hvað á ferðum var af hans hendi, settu þeir sig örðuga ásamt yfirvöldunum honum í gegn og ljetu sjer mikið um verða, eftir því svo mikið viðlá. Og sem hann leit sitt falskt áform ei gilda mega og engan framgang öðlast, gekk hann í sitt afdeilt skipsherbergi, byrlaði sjer eiturdrykk og með honum fyrirfór hann sjálfum sjer. En með því þeir sáu hans prest illa útlíta og [vissu] ei nema eitthvað hefndarráð uppdiktað fengi, með því þeirra sveinn hafði þeim litla ávísun gjört, þá hengdu þeir hann fram í skipsins bugspjóti, og eru þeir nú því úr sögunni,[3])

---

[1]) líklega = Cap Lopez, sem Mads Rasmussen, samferðamaður höf. frá Indlandi, kallar Caput de Lo Consalvie, í ferðabók sinni.

[2]) = fr. cours, d. Kaas, Kurs o: siglingarstefnu. Það er til í þessu efni, að Boshouwer reyndi til að fara sína leið með sitt skip vegna þess að þeim Ove Gjedde kom afarilla saman, Boshouwer var dramblátur, en Gjedde harður og refsingasamur. Það tókst þó eigi og Gjedde skifti um forustu á skipinu. (Schlegel.)

[3]) Boshouwer og sonur hans dóu úr farsótt(?) á ferðinni, í Október 1619. Skip það „Davíð", er þeir voru á, varð viðskila við hin skipin og kom til Ceylon á undan Ove Gjedde, sem þá fyrst, er hann kom,

III. KAP.

Nú sem þeir komu að Ceylon með sín 5 skip, en sína jakt höfðu fyrir litlu frá sjer sent. En Rollant Crappe var gegnkunnug öll Indíen og voru honum því leiðir þar víðast kunnugar, þó fyr en skildu lofuðu þeir hans að vitja, ef heilbrigði hjeldu, nær sín erindi hefðu að nokkru leyti útrjett.

Tökum nú þar fyrst til máls, er þeir fella sín segl og renna akkerum til grunna fyrir Ceylon. Strax býr nefndur Eirík Grubbe[1]) sig á keisarans fund, og varð af honum í fyrstu vel meðtekinn, og fyrir túlk og meðalgöngumann tjeði keisaranum sitt erindi, er hann meðfór af hendi kóngsins af Danmörk og lagði stórt upp sína útrjetting, er á þeim Portogalisku skyldi sjen og framkvæmd verða, hver hans og hinna annara slagorð og brúkmælgi ei lágu lengi niðri, fyr en þau bárust til eyrna þeim portogalisku höfð-

---

frjetti lát þeirra. — Það kom í ljós, að Boshouwer hafði farið langtum lengra en hann hafði heimild til í samningum við Dani; var því nýr samningur gerður við keisarann og fengu Danir rjett til að reisa kastala í Trinconomali, en ekkert varð úr því, sumpart vegna þess, að Dani skorti fólk og fje og voru sundurþykkir, og líka vegna þess, að keisarinn gat lítið hjálpað þeim, því Portúgalsmenn höfðu krept svo að honum. (Schlegel.)]

[1]) Auðvitað var það Ove Gjedde sem var aðalmaður í samningunum, en er þeim var lokið, skildi hann Eirík Grubbe eftir til að annast kastalabygginguna, sem ekkert varð úr, en fór sjálfur að hitta Crappe í Tandsjúr. — Er hann kom aftur, fann hann alt í óstandi, skipið „Christian" sokkið, annað skip rænt af skipsfólkinu, sem hafði gert uppreisn, og engan kastala bygðan. Hann sendi þá Grubbe með brjef til keisarans; átti hann að vera 8 daga í burtu, en svo liðu 3 vikur, að hann kom ekki. Fór Ove Gjedde þá heim aftur til Danmerkur, en ljet eftir brjef og peninga handa Grubbe, ef hann kæmi aftur. E. Grubbe mun hafa verið veikur. Hann var enn á Ceylon, þegar Jón Ólafsson kom þangað, en hefir svo rjett á eftir farið til Danmerkur, og 1623 farið aftur til Indlands, því Mads Rasmussen prestur, sem var á skipinu „Perlen" og hefur skrifað um þá ferð, getur þess, að E. Gr. hafi farið í land á Ceylon. — Hann mun svo hafa dvalið á Indlandi til dauðadags (1631).

ingjum. En á meðan Eirík Grubbe dvaldist hjá þeim ceylonska keisara, þá kom eitt ógnarlegt stórviðri upp á þau dönsku skip, svo að þeirra aðmírálsskip Christián, að mig minnir það væri, sem forgekk, hvar inni alt gjaldið geymdist, sem þau öll skip skyldi forsorga til hvers sem með þyrfti, en hinum 4 grandaði að engu, á meðal hverra var það franska skip Patientia. Síðan stóðu þeir eftir hjálparlausir og allir þeirra soldátar urðu að gefa sig í vald sinna óvina, svo þeir víða útdreifðust um þau pláss og staði, er portugaliskir menn brúkuðu sína kauphöndlan, og viðbreytt sem herleitt fólk. En sem Eirík Grubbe kom aftur frá keisaranum, varð hann ráðlaus og gat síður en enga vörn veitt, hvorki sjer nje öðrum, en þó soldátar krefðist gjalds og fæðslu. Síðan dró hann enn að nýju á fund þess ceylonska herra og forlofaði sig innan þriggja vikna, upp á sinn háls, en þeir biðu hans í 12 vikur, og kom ei, og með þvílíkri vansemd passaði hann af sjer bæði líf og æru, og hefir svo síðan þar dvalist með sínum þjenara, og þar ráfað sem villur sauður í skógum og eyðimörkum, og hefir lifað á villudýraveiði og því sem kóngur honum liðsinti, þó leynilega, fyrir sakir harðýðis portogaliskra manna, er grimma heift til báru. En á þeim tíma, sem að skipa von var frá Danmörk, ljet hann sinn svein þar upp á vakta, og honum til tærings og fata, einkum nokkrar skyrtur, ljetu þeir við hann úr hendi rakna En aldrei vogaði hann sjálfur þá persónulega að finna, en ef hann hefði til þeirra komið og á vald kóngs sig gefið, hefðu þeir hann víst meðtekið upp á sinn kastala í Indíen, en ei til Danmerkur heimflutt, og lýkur svo hjer með framar um hann að tala.

Og víkur nú þar til máls, sem þessi 5 skip hjeldu frá Ceylon að uppleita sína jakt, sem fyr var um getið og Rollant Crappe var kaupmaður á[1]). Í fyrstu nær þeir

[1]) Ove Gjedde fór frá Ceylon að hitta Rollant Crappe, sem hafði lent í bardaga við Portúgalsmenn og misst skipið, en sloppið með 12 menn til konungsins í Tandsjúr og byrjað að semja við hann, og hafði konungur látið af hendi við Crappe bæinn Tranquebar, við sjó

voru Ceylon hjá farnir og sigldu í austnorður, til þess er þeir komu undir Cost van Carmandel[1]), hvar sá danski kastali stendur, sem kallast Dansborg. Þar spurðu þeir, að vel mílu frá því plássi, sem nú þessi kastali stendur, að þá hafði þar fyrst að landi borið með þessa jakt. En einn kastali er þar nálægt fyrir á landi, sem nefndist Nicopotan[2]), og portogaliskir menn höfðu vald yfir. Þeir af kastalanum sendu 4 skip út að tilreyna hverjir að væri þessir aðkomandi menn, og nær þeir sögðu þeim hið sanna hjer um, að þeir frá Danmerkur kóngi væri út sendir, þá vildu hinir þeim ei til sagna treysta og tóku þá sterku hertaki. Þar landhleyptu þeir sinni jakt, svo hún forgekk að mestu, en menn fleyttu sjer á fjölum til lands og hjálpuðu svo lífi sínu. Síðan urðu þeir gripnir og handteknir og þeirra gjörvalt góss flutt til þessa fyrnefnda kastala; og öllu því fólki, sem var á nefndri jakt, varð eftir hernaðar vísu um þeirra pláss á kauptorgið víða útdreift þar í Indien, en 4 af skipsins yfirmönnum, sem var kaptuginn og skipherrann, sá ypparsti kaupmann og honum minni háttar, og constabel Søfren Knappstop, hver eð mjer þessa historíu enn gjör framtaldi, en eg fæ tíð til að innsetja, urðu kónginum til Travanzour[3]) sendir og fangaðir þangað fluttir, og urðu þar svo í athugun og höglegu varðhaldi svo lengi hafðir, að þessi skip komu við landið Carmandel, og spurðu eftir hvar jaktin og hennar fólk væri niður komið. Og nær þeir slíkt spurðu sem skeð var, með öllum atvikum, og með allra styttsta hætti hefir hjer fyrir framan sagt verið, þá án dvalar tóku sig saman öll yfirvöld skipanna, hver eð lágu einni mílu

---

fram. Þegar Gjedde kom, varð talsvert þjark út úr þessum samningum, en svo fór þó að um síðir gekk saman með þeim. Sigldi Gjedde svo til Ceylon aftur og þaðan til Danmerkur, en Crappe varð eftir. (Schlegel.)

[1]) o: Coromandelströndin.

[2]) nú o: Negapatam.

[3]) Svo nefnir Jón Ólafsson altaf landið Tandsjúr (Tanjore) og borgina með sama nafni, og má ekki blanda því saman við ríkið Travancore á vesturströndinni á Dekan. — Tandsjúr var þá sjálfstætt ríki, þó ekki væri það voldugt á við sum önnur indversk ríki.

neðar að suðri við en þar sem nú kastalinn stendur, er Carical[1]) nefnist, og er einn sjóstaður, hvar inni að fiskarar búa og seinna skal umtalast, ef tíð og tími af Guði tilgefast mætti. Svo fóru þessir dönsku herrar með sínu prýðilegu föruneyti frá Carical, er þeir fyrst landgang gjörðu af sínum skipum, og upp til Travanzour, hvar sá indianski kóngur var ráðandi og fyrir sitjandi, og sú vegarlengd upp þaðan voru 12 mílur rúmmæltar. Og nær kóngurinn spurði þeirra tilkomu, ljet hann sínar hallir tilreiða og með prýðilegasta hætti port og stræti fága og fallega alt til setja. Þessi kóngsins borg, Travanzour er stór, og góð vegarlengd umkring hana, með 11 portum, hvert inn af öðru, og í hverju hliði voru 2 fílar, er þeir Indíanar nefna elefanta, og 2 varðmenn, er þeim stjórna til hvers sem þurfa þykir. Og nær þeir voru í gegnum þessi 11 porthlið komnir, og allir þeir helstu af þeim voru bornir á palakínum[2]), það eru sængur með það slag sem þessi fígúra  og eru flestar af fílsbeinum, en hinar af dýrum viðum, og eru 12 menn til ætlaðir hvern einn að bera, en ei bera utan 4 í senn og gjöra 3 umskifti. Þá ljet kóngur sitt stríðsfólk, sem þar kallast taliaris,[3]) standa alt frá borgarhliðum á einu stræti með sverð við síðu og spjót í hendi, og alt upp að kóngsins sal og palats. Síðan sendi kóngur sína herra að meðtaka og fylgja þeim inn í kóngshöllina. En sá túlkur, sem þeim var skikkaður, gekk á milli kóngs og þeirra, sá eð með stórri reverentsíu bar hvorra orð frá og til annara, svo sem ræðan atvikaðist þeirra á milli. Strax voru þeir 5 menn með kaptugans þjenara liðugir gjörðir, þegar í fyrstu sem þeirra þangaðkoma spurðist, þá sannaði kóngur þeirra öll orð rjettvísleg, er kóngur af þeim heyrt hafði um þeirra ferðalag

---

[1]) bær á Coromandelströndinni; þann bæ eiga Frakkar nú.

[2]) portug. palanquin af indversku (palí) orði palangki o: burðarstóll, algengur á þeim slóðum, bera 4 menn þann er í honum situr. Myndin er tekin eftir hdr. Lbs. 723, 4o.

[3]) taliar, af tamíl-orðinu talaiyāri, varðmaður.

og hvað annað og prísaði þeirra sannsögu næsta mjög. Svo gjörði kóngur þeim hálfsmánaðar veiting með mesta sóma og aumkaðist stórum yfir þeirra slyslegum tilfellum, sýnandi þeim öll sín herlegheit, klenodí og gersemar, og stundum með kóngi voru úti á leikvelli og þar sýndar allra handa listir, íþróttir og spil, sem þar í landi tíðkast, sumt eftir fornum plagsið, að þrælar glímdu og um annarshvors þeirra líf gilda skyldi, hver öðrum yfirsterkari yrði og komið gæti á fangahelluna og á því eggstáli banað, er hana yfir um þvert stendur; einnin tamdir fílar glímdu upp á enda og stóðu á afturfótum, og þar upp á horfa þótti að vera stór skemtan.

Alt sitt gull, silfur og gimsteina sýndi hann þeim sjálfur, hans son og dóttir, með sjerlegri auðmýkt og lítillæti. Í móðunni, sem flaut við gaflmúrinn hans svefnherbergis, voru hans dýrmætir gimsteinar varðveittir með sjerlegum umbúningi, og urðu svo sem af öðrum brunni í gulllegum fötum uppdregnir og þeim fyrir sjónir lagðir, hver með sinni art og nafni, hverra nöfn eg ei glögt minnist, utan hvað almennilegast vera kann, svo sem er smaragð, túrkos, demant, rúbín, zaphír og christallus með þrennu móti, og kattauga.

Og á meðal annara orða aumkaðist kóngur yfir þeirra slyslegu reisu og hugsaði að Danmerkur kóngur mundi því síður oftar til reyna láta, eftir því að svo í fyrstu báglega fallið hafði, þangað að senda. En þó af stórri meðaumkan sagðist hann vilja til reyna og láta þeim 3000 dali uppá Danmerkur kóngs vegna í tje, og með þeim að kaupa fragt til eins skipsins, svo þeir ekki aldeilis tómhentir heim kæmi, en þó með því fororði, að hann reiðuglega aftur svo mikið gjald uppbæri, eða aðra nytsama vöru að jöfnum dýrleika af þeirra hendi. Í annan máta vildi þessi heiðni kóngur gjöra sáttmála við Danmerkur konung, að hvert ár kæmi skip frá Danmörk til hans þangað og með þá hluti, er hann helst girnti, sem væri silfur og blý, undir hvern sáttmála þeir ljúflega gengu, í trausti Danmerkur kóngs, og með því móti lofaði sá heiðni kóngur fullri fragt aftur til hans skipa af indíanskri vöru, sem vera skyldi pipar, gimsteinar, og

allra handa vefnaður úr gulli, silfri, kopar, blýant, silki með bómull, sem er caton, item farfi, sem kallast indigó, og gjörður er úr nokkurs grass ösku, og er dýrmætur, og margslags annars, sem gleymst hefir.

Í þriðja máta, upp á greinda sáttmálsgjörð, ljenti sá heiðni kóngur vorum kóngi eitt fagurt og sljett pláss við sjóinn, eina mílu að landsuðri frá þeim litla sjóstað Carical, er eg fyr umgat, er þau dönsku skip lögðu fyrst fyrir, hvaðan þeir dönsku herrar drógu upp til Travanzour. Við þetta fagra pláss lá fallegt staðarkorn að nafni Trangobarich[1]), sá eð frá kastalanum liggur eitt örskot burt nú í dag, og leyfði þar í greindu takmarki þennan kastala að byggja og uppreisa láta, sá eð er 300 faðmar 12-ræðir vel mæltir um kring, og með fjórum turnum, sínum á hverri múrsins hyrning og [kvortjel eður] rúndel, og einn stór turn, sem upp af þeirri nýju kirkju innan múra síðar gjörðist.

Í fjórða máta lofaði sá heiðni kóngur að tilskikka og útvelja af sínu eigin landsfólki múrmeistara og 500 menn til erfiðis, þar til nefndur kastali fullgjörður væri, en Danskir skyldu þeim laun gjalda sjálfir, og skyldi kastalinn gjörast eftir danskri fyrirsögn. Í þessu landi eru þeir bestu múrmeistarar og fróðustu.

Í fimta máta skikkaði þessi kóngur svo til, að öll mál, sem í borginni tilfjelli, skyldi upp á kastalanum dæmast, og allur borgarinnar rjettur skyldi þangað leggjast.

Í sjötta máta gaf kóngur og tilskikkaði alla þá tolla til sjóar og lands, sem staðarins rjettugheit framast útheimti.

Í sjöunda máta tilskildi sá heiðni kóngur, að sú öll nefnd vara, sem frá Danmörk kæmi frá kóngi og compagníi, að sjer og síns ríkis tilskikkuðum skyldi fyrst bjóðast, unnast og seljast; þar í mót lofaði hann að kóngs skip frá Danmörk skyldi fá nægilega fragt þar við land í hvert sinn þau að bæri, af allri tilgreindri vöru, hver vera kynni.

Í áttunda máta tilskildi sá indíanski kóngur, að alt indíaniskt landsfólk skyldi hafa frið og alla rósemd fyrir

---

[1]) o: Tranquebar, á tamíl Tarangampādi, á íslensku: „Báruborg".

dönsku fólki, hvar þeir hittist eður til samans staddir yrði. En ef slíkt brygðist, svo að Danskir annaðhvort slægi eður deyddi Indíana þess lands, skyldi allra Danskra útlegð gilda, og þeirra alt góss upptækt verða.

Í níunda máta tilskildi kóngur hinn indíanski, að Danskir skyldu engum nautum þar slátra, það fyrirbauð hann þeim sterklega, svo framt þeir vildu lífi og landsvist halda, en þess slátraða kjöts, sem þeir frá Danmörk með kæmi, skyldi þeim til fæðslu leyfast, en annað alt kjöt leyfðist þeim til munns að leggja, svo vel dýra sem fugla.

Í tíunda máta tilskildi kóngur og Dönskum sterklega forbauð að ganga í þeirra pagógur[1]), kirkjur eða skurðgoðahús, en ef að hjer í móti sig forbryti einn eða fleiri, skyldi líf og útlegð gilda.

Undir þessa og aðra smærri punkta og aðgreind skilyrði lögðu sig ljúflega þeir dönsku menn. Og í 11. og síðasta máta að gjöra honum styrk, ef með þyrfti í nokkru í móti öðrum þar nálægum heiðingjum, ef því svo haglega viðkæmi án stórlegs baga, tjóns eður skaða. Og að öllu þessu svo samþyktu, handsöluðu og undirskrifuðu, þá sendi sá indíanski kóngur sína letraða kveðju á gullpappír kónginum af Síam, 600 mílur þaðan, með einu dönsku skipi, er Kaupinhafn nefndist, sem var upp á 300 lestir, og bað hann einkanlega að forsorga þetta skip sem skjótast af þeim landsgæðum í landinu væri, og það einvirðuglega sinnar bænar vegna, lofandi honum sinni þóknan og meðþurfandi bíkvæmni igjen; hverju hann vel gegndi, svo skip þetta náði fullri fragt. Og þessi síamski kóngur bauð kónginum í Danmörk slík kjör og kosti, sem honum best veitast mætti af sjer og sínum lands undirgefnum, hvað landsvist og ærlegri kaupmannshöndlan viðviki á hans landi og ríki. Og til bevísingar þar um, að honum slíkt alvarlegt og geðfelt væri, þá tók hann 7 menn af þessu skipi Kaupinhafn og ljeði þeim hús og landsvist og gjörði þeim aðstoð í því sem þeir helst meðþurftu, og setti sterkt friðarlögmál yfir þeim á meðal sinna undirgefinna. Þetta land Síam er eitt

[1]) o: hof, d. Pagode, portúg. pagoda, líkl. af persn. orði but-kadah, goðahús.

mektugt land; þar inni eru 8 kóngsríki, einkum Síam og 7 önnur. Í því kóngsríki Pegú er Ternasseri[1]). Þar nálægt urðu þessir 7 menn danskir eftir, sem hjer voru nefndir. Þetta kóngsríki Pegú hefur undir sjer meir en 6 kóngsríki. Og frá þeim danska kastala Dansborg og til Ternasseri eru 600 mílur.[2])

IV. KAP.

Nú hvík eg þar aftur til máls, þar sem sá indíanski kóngur leiddi þessa dönsku yfirmenn sæmdarlega af sínum kónglega stað með gjöfum og skenkingum, og meðtóku kónglegt skrif af hans hendi til vors kóngs, hvert orðað var með vingjarnlegasta hætti, til staðfestu uppá alt áðurnefnt. Síðan drógu þeir til Trangobarich, þar sem kastalinn í þann tíð skyldi formast, og kóngur hjelt öll sín orð við þá, er hann heitið hafði, bæði um múrmeistara og um erfiðisfólk, tigulbrennara, kalkslagara og timburhöggvara, og um hvað annað er viðþurfti, svo og skyldi seljast í kastalann allskyns vara og matvæli af sjó og landi.

Svo var á þessum kastala sett strangt lögmál og artíkular eftir kristilegri venju og loflegri hermannavísu í sjerhverjum þunkt, svo sem seinna skal heyrast nokkuð áhrært verða. Einnin fóru þeir 5 menn aftur í sinn selskap, er fyr voru til Travanzour[3]) í varðhaldi hafðir, af þeirri jakt, sem Portogaliskir þvinguðu til landhlaups, skaða og skipbrots með sínum skipum, er komu frá Nicopotan[4]), suðvestan til við Carical, sem var Rollant Crappe, skipherrann og constabel, trómetarinn, og þeirra þjenari. Síðan lögðu þeir

[1]) ɔ: Tenasserim.

[2]) Um einstök atriði í samningnum við Tandsjúr vísast til áðurgreindra rita, Schlegel, Saml. I, 2, bls. 29—118, I, 4, bls. 131—193 og Kay Larsen, De Dansk-ostindiske Koloniers Historie I, bls. 167—169. Samningurinn er dagsettur 16. Nóv. 1620.

[3]) ɔ: Tandsjúr.

[4]) Negapatam.

sínum skipum þar fyrir sem kastalinn formaðist og fram undan þeirri borginni, er honum rjett nálægt stendur, Trangobarich. Svo upphjuggu þeir sitt franska hertekna skip til þeirra smáhúsa, er á kastalanum innan múra uppbygðust, kastalafólkinu til svefnherbergja. Yfir þennan kastala var settur rector, Christofor Malari[1]) að nafni, einn frómur og ágætur maður, fæddur í Hollandi. Þessi var settur yfir alla kaupmenn, skrifara, assistenter, og vöru danska og indíanska, og alt hvað til hnje kastalans smíði og erfiðislauna útgreiðslu. Annar maður var yfir soldáta og stríðsfólkið settur, sá eð hjet Henrich Hess[2]), barnfæddur og af ríkisfólki kominn í Helsingeyri, líka svo einn frómur mann.

Soldátum og byssuskyttum var skift á kastalanum í þrjá parta eður vaktfylkingar og orður, og skyldi hver um sig halda vakt og orðentlegri vörn yfir kastalanum 24 klukkustundir, það er dag og nótt eftir venjulegri vísu í öllum kristnum löndum. Embættisnafn þessa Henrichs var gubiner eður gubernator[3]), það er hershöfðingi. Hann hafði einn mann sjer hið næsta, sem var hans lutinant, Christofor Hansson að nafni og einn vaktmeistara, Claus að nafni. Á meðal þeirra 3 raða soldátanna voru 3 aðalpersónur, þeir eð voru corporalis, og hver þeirra einn var í sinni orðu eður vakt og hver þeirra var fyrsti maður í fremsta lið fylkingar. Cladit var þar og einnin, sá eð innsetur og útlætur þá, sem fangast og brotlegir kunna að verða. Og nær sem þetta var nú alt niðursett eftir höfðinglegri og gamalli hermannavísu, og hver vissi sjer eftir sínu embætti orðentlega að hegða, löguðu skipmenn sig til heimferðar með þau tvö skip, Christiánshöfn og Davíð. — Hvernin þeim fórst á sinni heimleið minnist eg ei glögt nje

[1]) Christopher van der Mohlen (v. d. Möllen, Milner, Møller) var hollenskur að ætt en gekk 1621 í þjónustu Dana. Orðið „rector“ er hjer notað í merkingunni yfirkaupmaður eða kaupstjóri.

[2]) Henrik Hess var af góðum ættum í Helsingjaeyri. Um hann sjá Schlegel, Saml. I. passim og Lind, Chr. IV og hans Mænd bls. 242.

[3]) o: fr. gouverneur, d. Guvernør, lat. gubernator, stýrimaður, stjórnari, jarl.

greinilega frá að skýra, utan slysalaust að eg meina. Einn ungan svein uppfóstruðu 2 menn á öðruhvorju því skipi frá móðurlífi, hvers móðir að honum nýlega fæddum burt sofnaði. Og um vorið, nær þeir voru nýlega heim komnir[1]), á einum sunnudegi í söfnuði margs fólks við ströndina í Kaupinhafn, leit eg þennan svein, er þá var 4 ára gamall, sá að var vænn og vel til reika á silkiklæðum búinn og silfurbelti um lífið og strútfuglsfjaðrir kringum sinn hatt; af hverri vaktan og uppfóstri þessa sveins að þessir 2 menn fengu stórt lof og ærurykti Og með því að slíkt var virt eitt dýrðlegt dásemdarverk þess allra hæsta og mildasta Guðs (sem og verðugt var), og þessi sveinn var bæði föðurlaus og móðurlaus, gafst honum mikið gjald á þeim degi í borginni, svo sem tíðar skeði, og [er] þeir komu og leiddu hann sín á milli, var þeim og honum stór æra og virðing auðsýnd, og með víni og öli af frómu og frægu fólki elskulega ávarpaðir.

Nú er að víkja þangað fram aftur í efnið, er þessi 2 skip komu fyrst í Noreg, þar sem nefnist Fleckerey, þar kom einn fiskari senn til skips róandi; þeir tóku honum vel, og með því þeim var stór forvitni að vita, hvernin tilgengi í Kaupinhafn, spyr kaptuginn Christophor Boye hann innvirðuglega frjetta í káhyttu; hinn segir ótæpt, eftir því sem hann heyrt hafði. Og á meðal annars sagði hann, að ein kaptugakvinna hafi fallerast látið og með þeim manni í hórdóm fallið, er Jens hjeti. Hinn spyr eftir nafni konunnar og hennar bónda. En hann greinir hið skýrasta. Svo var þessi maður óforsjáll, að hann spurði ei kaptugann að nafni. En með því þetta var kaptugans kvinna, er svo breytt hafði (hvar til hann meinti hana aldrei tælast mega), brá honum svo undarlega við, að hann með sínum rappír hugði þennan fávísa mann í gegn renna, hefði engin hindran gjörst af þeim er nálægt stóðu. Síðan lagðist hann með miklum harmi til rekkju, og nærðist með mjög lítilli fæðslu, þar til hann kom til Kaupinhafnar; var hún þá

[1]) þeir komu til Danmerkur aftur í marsmánuði 1622.

komin inn í Jótland til sinna foreldra. En sá svikari, er hana fyrst með drykkjuskap og síðan í nefndan glæp tælt hafði, og hans gjaldi öllu, góssi og klæðum burtsvallað, var og burt flúinn og utanlands farinn, fyrir hvern þó af kónglegri tign var sterklega skrifað í allar áttir. En þessum kaptuga Christophor Boga[1]) gafst leyfi af kónglegri náð sig að kvonga hverri kvennpersónu er hann girntist, hvort sem hún eðla eða óeðla væri, því hann var einn sjerdeilis maður til allra hluta. Og sem hann í annað sinn gjörði reisu að Aust-Indien og gæfi Guð honum lukku aftur að heimkomast, lofaði kóngur að gjöra hann að eðalmanni, hvað honum ei hjer lukkaðist, sem síðar skal nefnt verða, ef Guð vill leyfa.

Skal nú ei framar hjer um langyrða, en víkja til þess er eg áður frá veik, þar sem eg var innskrifaður í registur þeirra manna, sem til Indía voru taxteraðir, og var hverjum af oss tveggja mánaða peningar útí hönd afgreiddir fyr en afreistum. En einum degi fyr en eg fór til skips, flutti eg mína eruverðugu og elskulegu húsmóður, Christínu Svölu, til síns mágs, kaptuga Stepháns og frú Armgort, hennar kæru systir, hvar hún að þriggja vikna fresti þar eftir af Guði náðuglega hjeðan burtkallaðist til eilífs lífs, hvar um eg í Christo er fulltrúa, því sú kvennpersóna var stök og að minu áliti ráðvönd og guðhrædd, og befalaði eg hana Guði og hún mig. Og svo skildist eg við þetta hús með blíðlæti og kærri kveðju.

---

[1]) Jón Indíafari hefur skilið nafnið Boye sem íslenska nafnið Bogi og beygir það þannig, enda er framburður hjerumbil eins, í handritunum er nafnháttur orðsins ritaður ýmislega, oftast „Bogie"; eg hef haldið danska rithættinum í nafnfalli, en þar sem Jón Indíafari, eins- og hjer, beygir orðið á íslensku, hef eg ekki viljað breyta því..

V. KAP.

Hvers innihald er um mína burtför frá Kaupinhafn uppá þá indíanisku reisu.

Nú sem sú tíð nálgaðist, að vjer skyldum oss upp á þá austindíanisku reisu gefa, þá 3 dögum áður en svo skeði, vorum vjer með trómetum og bumbuslætti uppá compagníið kallaðir, hvar vor náðugi herra kóngur með mörgum eðalpersónum, item borgmeisturum og þeim æðstu innanborgar var fyrir kominn, og var þá hver maður með nafni af vorum munsturskrifara upplesinn, þar næst artíkular kóngl. Majest. upplesnir, í þriðja lagi inntak vors hollustueiðs með hárri röddu fyrir oss upplesið, og síðan vjer með upprjettum fingrum þremur sórum vorn hollustueið kóngi vorum og því austindíaniska compagníi, hver einn með hárri röddu, og að því öllu svo enduðu þakkaði kóngur oss, sín og compagníisins vegna, áminnandi oss alla til guðlegs lífernis, sannarlegrar hollustu og erlegrar siðsemdar og mannlegra aðburða í framandi stöðum, sjálfum Guði til lofs og dýrðar, Danmerkur ríki með loflegum stjórnendum og innbyggjurum til sóma og æruryktis langgæðlega, en sjerhverjum af oss til æfinlegs, góðs og frómlegs mannorðs og æfihrósunar, svo vjer hvorki kristnum nje ókristnum gæfum hneyxli til Guðs nafns löstunar eður oss af þeim til vondrar umræðu. Síðan gjörði kóngur, að enduðum þessum sermón og föðurlegri áminningu, blessan yfir oss til sjóar og lands, heim sem heiman, með sínu beru höfði, og til elskulegra orða og góðra óska sögðu allir Amen. Og síðan gafst oss sjerhverjum leyfi til burtgöngu og búnings á vora reisu, og áður en vjer burtfórum, kvaddi hver sína kunningja, og báðu oss allir vel fara og með góðri lukku, blessan og hamingju heim aftur að koma, fyrir Guðs náðar fulltingi, fylgd og aðstoð. Og fyr en vjer í bátinn stigum, sem við staðarbryggjuna lá bundinn, drukkum vjer vorrar velferðar og burtfarar minning, óskandi öllum ásamt oss, yfirsettum og undirgefnum, innan

borðs sem utan, er eftir stæðu, sem þeim er færi, lukku og blessunar af Guði til lífs og sálar, með lukku aftur að finnast, eftir Guðs góðri þóknan. Og þar með í Jesú nafni stigum vjer af bryggjum á vorn bát og margir af oss grátandi, en sumir með danslátum og hljóðfæraslætti, hlæjandi. Og nær sem vjer fórum út eftir móðunni, bar það við, að tveir menn á einni viðarskútu mættu oss, hverja vjer báðum margar reisur að leggja til síðu eður kyrru fyrir að halda, hverju þeir ei skeyttu, heldur með drambyrðum og ofsalátum strikuðu og reru oss í mót, hvatast eð máttu. En nær eð vor bátur og þeirra skúta mættust á hörðu striki og hvort öðru hjá runnu, þá með því að þeirra atkeri hjekk útbyrðis, en eg sat aftur í næst hábátsmanni, hver eð stýrði, utarlega á borðstokkinum, sem plagast, og gætti ekki að, því við vorum í meinlausri samræðu, þá snart atkerið mig á bak til í buxurnar og nam í gegn og mig burt þaðan eg sat. Og með skyndi gjörði eg mig lausan, og hljóp upp á skútuþilfarið og gaf þessum öðrum skútumanni 2 skjamba, og burt strax í vorn bát, hver að kominn var undir skipsborðið, og þóttist enginn fljótari atburð sjeð hafa, af þeim þar samankomnum. En hefðu buxurnar bilað og eg í sjóinn fallið, sögðu menn mitt hið síðasta mundi orðið hafa, hvað engum verið hefði frekari sakarþungi en þeirra tveggja skútumanna, er svo vondir og magntrássugir voru. En svo mæltist vorum höfuðbátsmanni, Jóst að nafni[1]), að vissulega mundi mjer einhver hætta að höndum berast, fyr en leið vorri lokið væri. En það teikn hefði Guð þó á mjer sýnt, að ei væri gleymandi, og ljóst merki með sjer bæri, að eg mundi vist frá þeim háska komast, þó mjer klakksárt yrði. Þessi maður var óbernskur, settur og spakmenni hið mesta, af Hollandi og var kvongaður frómri kvinnu, sú eð og sat þar gegnt mjer, er þetta við bar.

Og að næsta dags morgni uppundum vjer vor atkeri og í Jesú nafni útslogum vorum seglum; síðan var hringt og til morgunsaungs blásið og bænar, er corum kallast.

[1]) Hann hjet fullu nafni Jóst Hermansen.

Og sigldum vjer svo frá St. Önnu brú, sem er fjórðungur vegs frá Kaupinhafn[1]) og í norðvestur ofan þá leið, sem liggur að Eyrarsundi. En sem við vorum komnir að Skógshöfði[2]), er svo kallast, og viku sjóar er frá borginni, hljóp á það stríðasta norðvestanveður, sem vjer köllum vestanútnyrðing, sem verða mátti. Nú þótti oss mikið aftur að snúa og reyndum vjer til lengi dags, því vort skip Christiánshöfn var hið ágætasta gangskip eitt fyrir sig, sem verða mátti. Kaptuginn var Christophor Boye[3]), hvers

---

[1]) Skipið lagði af stað frá Höfn 8. Október 1622. St. Önnu brú nefndist þá mjór tangi, sem gekk út í höfnina frá þeim stað, þar sem nú er Friðriksspítali (í Amaliegade). Bering Lisberg: Kjøbenhavn i gamle Dage, bls. 195.

[2]) o: Skovshoved.

[3]) Í Ríkisskjalasafninu í Khöfn. eru til reikningar yfir það, sem greitt var af konungsfje til að gera út skipið. Meðal þessara reikninga er skrá yfir peninga, er hafa verið útborgaðir skipmönnum, dags. 3. Okt. 1622 og undirskrifuð af Símoni Jóhansen, yfirkaupmanni. Ýmsir af þeim, sem Jón Indíafari nefnir sem skipverja, finnast ekki á skránni, um aðra er vafasamt, því stundum sleppir skráin ættarnöfnum, og stundum gerir Jón það. Þess ber að gæta, að Jón Indíafari reit þetta í elli sinni, og því er ekki óeðlilegt að hann hafi mismint um einstaka nafn, og líka þess, að skráin segist vera yfir þá skipverja, sem höfðu fengið tveggja mánaða laun útgreidd; það er því ekki alveg víst að allir skipverjar sjeu þar taldir, þó það í sjálfu sjer sje líklegra, og komi heim við orð Jóns sjálfs hjer á undan, þar sem hann einmitt nefnir þessa launagreiðslu. Chr. Boye er þar nefndur „Capitain og Schipper Christoffer Hannssen". Jón Indíafari er kallaður „Joen Oelsen Isefjord", og á það líklega að merkja: „frá Ísafirði". Annarstaðar í reikningunum er hann kallaður „Joenn Oelssen Islender". Af öðrum, sem hjer eru nefndir, finnast á skránni: Niels Olsen [Dreyer?] konstabel, Hermann [Rygaardsen] Søderward, sem líklega hefur verið „konstabelsmat". Þá byssuskytturnar Bernt Andersen frá Engelholm, og Niels Petersen Fris, stýrimaðurinn Claus [Dirichsen]; bartskerinn Henrich Bartholomeus (ritað Bertelmeus á skránni), og aðstoðarmaður hans Hans Naunesen(?) [Sønderborg]; Simon Johansen yfirkaupmaður, og undirkaupmennirnir, Daniel Lammers, Peitter Henrichsen [Stot], Niels Gerdtsen. Jan Jansen frá Alkmar, seglgjörðarmaður, er talinn með bátsmönnum, þ. e. óbreyttum sjómönnum. Þá er presturinn Chr. Jensen frá Skelskör. Prófossinn er nefndur Gunder Börgesen, kokkurinn, Anders Søffrensen, brytar Lauritz Pedersen og Peder Mortensen.

eg fyr getið hefi. Skipherrann hjet Pjetur Andrjesson; minn constabel hjet Niels Dreyer, en byssuskyttur voru þessar: Andrjes Ólafsson, Bernt Andrjesson, sá eð gjörðist minn kammerat og trúr elskulegur stallbróðir á reisunni, item Niels Fris, Niels Skoster, Pjetur Alchmar, Pjetur Koning; ei minnist eg nöfn hinna. Buteler eður skipsbryti var einn frómur maður, að nafni Pjetur Franzson, hans mæti var Andrjes Nielsson. Kokkurinn hjet Andrjes Hansson, hans mæti Christian Hansson. Skipmann hjet Claus, það er sá sem ræður framskipinu öllu, og því að enginn hengi neitt utan skipsborðs af þvættum, og hefir vald það af sníða ef ei er aðgjört. — Vor æðri bartskeri hjet meistari Henrich, fæddur í landi Holsten, einn frábær og góður maður, minn sjerdeilis elskulegur vinur, en hans stallbróðir hjet M. Hans Sunderborg. Constabelsmæti hjet Hermann Rýgarðsson, minn hinn allratrúasti og elskulegasti trygðavin, og hafði verið hjer á landi eftirlegumaður. Kaupmenn voru þessir 3, fyrst Símon Jóhansson, Pjetur Stot og Daníel Lammers, sá var hinum yngri og hafði á sínu 13. ári út siglt strætið Magellianum[1]), í gegnum jarðríkið. Assistenter voru og 3, sá frómi Niels Gertzson, einn mjög aldraður maður, og hans stjúpson, Andrjes Michelsson og Niels Jensson. Þetta alt voru mætir menn. Seglmakarinn hjet Jans Jansson. En vor elskulegi prestur hjet Herra Christian, einn ungur, mætur og ágætur maður, mjer jafnan frábær og eftirlátur. Og nú með því að hjer eru nefndir allir skipsins embættismenn, utan prófoss hefi eg gleymt, hver eð Niels Lauritzson hjet, og skipsins stærð, sem var uppá 180 lestir, þá skal víkja þar aftur til máls, sem sá mikli norðvestanstormur sig meir og meir forjók oss í móti, og þreyttum vjer þversigling svo lengi sem færi gafst, og þar til vjer urðum öll segl inn að taka, og vorum vjer þá komnir inn undir Landskrónu í austur, og þar urðum vjer atkerum að hleypa, tveimur þeim stærstu, og lágum

[1]) Magellans-sundið.

vjer þar eftirkomandi nótt í miklum stórsjó og áhorfandi háska, svo vissum ei nær oss mundi uppslíta þá og þá. Og þá var heldur dauði en líf fyrir sjónum vísari. Mann einn höfðum vjer innan skipsborðs, sem ei var af voru liði, og meintu skipmenn, að lítil heill mundi af standa. Maðurinn var Adolph Friderich Grabov. Og með því hann var einn af þessu Austindiska compagnii, þá ljetst hann vilja oss hjer með virðing veita, að fylgja oss á veg til Krónborgar við Eyrarsund. Nú að næsta morgni hjer eftir gjörðist gott veður hvað af hverju; og nær vjer gáfum oss til verka, að uppvinda vor atkeri, þá forgekk atkerisstrengurinn annars þeirra, af því það var fast í grunni, og urðum svo það þar eftir að skilja. Og strax kom af landsuðri gott byrleiði í Eyrarsund og fyrir Krónborgar sloti lágum vjer þá eftirkomandi nótt af. En um morguninn, fyr en vjer gáfum oss undir segl, var Grabov í land fluttur, en fyr en hann stje fyrir borð, varð alt fólk á þilfar uppkallað, eftir Adolphs óskan. Og nær vjer ásamt öllum yfirvöldunum svo stóðum, hefur Grabov upp sína ræðu á þann veg: að hann segist vilja alla ámint hafa til dáða og dugnaðar, og þarmeð afli sjer hver einn gæfu og góðs ryktis. En á meðal annara orða segist hann nokkru gleymt hafa, að með því að þar væri einn maður af kóngsins byssuskyttum innanborðs, Jón Ólafsson að nafni, hver eð fyr meir hefði sjer kær verið, en svo hefði þó tilborið, að um nokkra tíma hefði missáttir orðið, og með því við ættum nú að skilja, þá væri sjer það helst geðfelt orðið, að við mættum sáttir skiljast, svo að við, hvar fundir yrðu, hjer eður í öðru lífi, mættum góðir vinir finnast, hvar upp á hann tildrakk mjer heila tveggja marka silfurkönnu af Rostockarbjór og handsöluðum hjer um og gjörði mjer einvirðuglega föðurlega áminning með góðum óskum, og með sama hætti óskaði hann skipi og fólki allrar góðrar lukku af Guði. Og þar með varð vor skilnaður, og hefi eg hann ei síðan litið.

VI. KAP.

En svo fljótt sem vor skipsbátur kom frá landi aftur, urðu atkeri uppdregin og seglum útslegið, og svo í Jesú Christi nafni hjeldum vjer út af Eyrarsundi í norðvestur undir Skáney og Halland. Á þeirri annari nótt þar eftir dó vor stýrimaður, Pjetur að nafni, og hjeldum vjer af gjörningum og göldrum gjörst hafa, og varð honum útbyrðis í sjó varpað. Hjeldum vjer svo að Noregi, og með því vindur bljes í 5 daga af suðvestri, oss rjett í móti, þá dvölduмst vjer í Fleckerey á meðan og bjuggum það til, sem oss ábrast, bæði steyptum smálóð upp á margt slag, og fleira annað hvers með þurftum. Þar inni í höfn þessari lágu 82 skip, víða aðkomin, er þar í stormi innhleypt höfðu, eftir því sem plagast, þegar svo við þarf. Og á þeim 6. degi kom um nóttina vindur af suðaustri, svo hvert skip tók til að losa sitt atkeri úr grunni, og að svo gjörðu útslógu sínum seglum, og hjeldu öll vestur yfir haf, að Englandi, Spanía, Frankaríki, Hollandi, Hamborg og Þýskalandi; enn þó vjer þeim ei seinna til verks tækjum, urðu öll skip oss fljótari úr höfnum, fyrir þess sakir að vort atkeri var steinfast að finna í grunni. Þótti oss enn nú í raun rekast ætla, þar sem vjer á fyrsta eða öðrum degi vorrar heimanferðar mistum vort eitt hið besta atkeri, og tók til svo sem í ljós leiða, að mótlæti tæki til í vöxt að fara; þetta skeður þrátt af holdlegu vanmætti og skammsýni, sem næsta lítt kann sjer í meðlæti og mótlæti að skikka, að grillur slíkar ganga ótæpt í leikinn. En sem vjer hugðum helst það, að vort atkeri mundi eftirskilið verða, og margir af oss til vorum hreldir og grátandi, þá í því hrökk og losaðist vort atkeri úr grunni. Þá skeði, sem oft ber við, að skamt verður milli gráts og gleði. Síðan, að losuðum og útslegnum seglum, hjeldum vjer úr höfnum þaðan, með blásandi byr til hafs. Og nær vjer vorum komnir út fyrir hafnarmynnið, upphóf vor prestur morgunsöng með bæn,

þakkargjörð og blessan, og nær söngur var endaður, voru flestöll skip komin aftur í sjón, þau sem fyr voru úr sigti sigld. Svo gekk oss prýðilega, að vjer höfðum flestöll skip uppdregið, þá sól var í landsuðri, eður um jafnt báðum, dagmálum og hádegi, hvar yfir sig margir forundruðu. Eitt skip var í þeim flota, sem vorir meðfylgjendur hollenskir þektu og sögðu að væri ræningjar; við hverja vor kaptugi Christophor Boye vildi gefa sig í tak með að slást og fikta, hverju kaupmenn afslógu, svo að hindraðist. En þeir sigldu oss um stund samskipa, svo vjer við ræddumst.

Síðan á öðrum degi þar eftir komum vjer sunnarlega undir England fyrir sunnan Lundún. Og að næsta morgni þar eftir sigldum vjer inn í Hæðina[1]), sem svo kallast, það er sá sjór, sem er á millum Frankaríkis og Englands. Og nær vjer komum fyrir Dofurinn í Englandi, sáum vjer land á báðar síður, og borgir tvær, sem er Dofurinn í Englandi og Calis[2]) í Frankaríki. En með því oss brast stýrimann í þess stað, sem andaðist, en þó að vjer hefðum tvo aðra, sem var Jacob og M. Jóris[3]), samt urðum vjer að upp-leita oss þann þriðja, vegna sjúkdóms og háska sem viðliggur. Og nær vjer komum suðvestur betur fyrir landið, þar sem kallast Nýport[4]), þar inni liggur Vigt, þar sigldum vjer inn til þess eins, sem nú var nefnt, en það tókst ei, því stýrimenn voru þann tíð árs ekki fyrir hendi. Vjer lágum í Vigt allraheilagramessunótt og 3 skip af Buskaia og mörg skip önnur. Buskaier höfðu það skikk um þessa nótt, er þeir lágu oss nálægt, að þeir uppsettu skriðbyttur uppá hvern topp sinna skipa, og eins aftur í þeirra rúndel, sem og á framanverðu bogspjóti, og höfðu söngva langt fram á nótt. En á þeirri annari nóttu, sem vjer þar lágum í höfn, aðhleypti stormviðri hörðu af suðaustri, svo að

---

[1]) o: Ermarsund (La Manche).

[2]) Dover og Calais.

[3]) Á skránni, sem áður er getið um, stendur ekki Jóris, en um Jacob Adrianssen er þar getið.

[4]) o: Newport, bær í eynni Wight.

einu hollensku skipi, er lá fyrir framan oss, krakaði um nóttina, í miklu níðmyrkri, upp á oss, svo að vort bogspjót innkomst í þeirra káhyttu, og mölvaði það alt til agna, er brothætt var þar inni, svo að ef stór sjór verið hefði, þá hefði vort bogspjót að sönnu giggjað[1]) og því með fylgjandi fleira. En um morguninn urðu þeir að vinda sitt skip út af voru bogspjóti og gáfu oss skuldina, hvað þeir þó ranglega gjörðu, því vjer lágum kyrrir fyrir, er þá rak upp á oss. Svo hjeldum vjer þaðan úr höfnum á næsta eftirfylgjandi degi, og að Plemen[2]); þar gegnt sem vjer lágum var staðurinn Hanton, með sömu merkjum, sem að fornu greinir[3]). Þar lá eitt ræningjaskip mikið og vel út búið, en þeim megin sem vjer lágum kallast Drakshús, það eru þær hallir, sem kapteinn Drak[4]) hafði gjöra látið, sá eð fyr meir var í Englandi, á dögum Elísabetar, sem var forðum meykóngur í Englandi, Anno 1590, sú eð var móðursystir Jacobs kóngs[5]).

Við hafnarmynnið, sem inn er siglt, sem í austur liggur frá Hanton, nærri viku sjóar, þar stóð eitt stórt og mikið blokkhús með stykki og varnir á[6]), og hverjir sem þar innsigldu hlutu sín toppsegl að lægja til helftar, annars var til sett, að þau af því blokkhúsi í sjó skjótast skyldu. Drakshallir eru með kopar og blý þaktar, og var oss það sagt af landsmönnum, að hann lægi þar á höfninni í þremur kistum niður söktur, fyrst í trjekistu, næst henni í blýkistu

---

[1]) o: bilað; cfr. geggjaður.

[2]) Plemen er líklega Plym-fljótið eða öllu heldur Plymouth-Sound og Hanton er þá bærinn Plymouth sjálfur, við mynni Tamarfljótsins (Hamoaze).

[3]) Jón Indíafari hefur ekki minst á þessa borg áður, svo þetta er misminni.

[4]) Það er auðsjáanlega átt við hinn mikla víking og farmann Sir Francis Drake († 1596).

[5]) Elísabet drotning var ekki móðursystir Jacobs 6. (1.), en Margrjet Tudor, föðursystir hennar, drotning Jacobs 4. Skotakonungs, var amma Maríu Stúart og langamma Jacobs 6. (1.).

[6]) Líkl. er átt við virki á St. Nicholas eða Drake's Island fyrir framan höfnina.

og utan yfir lengst í járnkistu, og liggur þar svo fyrir þremur atkerum vel forvaraður.[1]) Og með því þessi Vilhjam Draco var mikill sjókappi og einn fyrir sig hinn forsóktasti, sem útsiglt hafði í gegnum jarðríkið á litlu skipkorni, sem sundur skrúfa mátti í 4 parta, svo hver þess fjórðungur skyldi viðráðanlegri vera, ef yfir land þyrfti að flytja eður í þröngt knípi kæmi. Og með þetta skipkorn sigldi hann í gegnum Veigat og kom svo hingað úr norðri upp á Ísafjarðardjúp og hafði lengi legið fram undan Arnarnesi og kölluðu íslenskir menn Draks duggu[2]) þetta hans skip. Item vann hann einn tíma mikinn prís fyrir suðvestan Írland, í tíð meykóngsins Elísabetar, með 5 skipum á 60 spönskum stórskipum. Og nær sem síðast skyldi hjeðan, veitti honum mjög þröngt um andlát; þar fyrir bað hann um, að hann flyttist út á sitt skip, þar mundi Guð sig burt kalla, og tilskikkaði að svo skyldi um sína greftrun öllu haga, sem nú var greint.

Við þessi Drakshús og í þann stað, þar lá við ströndina, fóru vorir yfirmenn til lands að uppleita sjer einn stýrimann; og í einu gestaherbergi fundu þeir einn stýrimann, sem fyr hafði reist til Indíen, sá eð Albert hjet, og ræningjar höfðu tælt með sjer að sigla fyrir stýrimann, og í þann tíma meinti þá friðmenn vera. En síðan varð þeirra þessara óknytta var, að þeir ránsmenn voru, og vildi því gjarnan þá viðskildur vera og það til vinna, ef vjer gætum

[1]) Drake andaðist á sjó fyrir utan strönd Mið-Ameríku og var líkinu sökkt í haf, svo það er rangt að hann sje grafinn á Englandi.

[2]) Hjer er líklega blandað málum, því Sir Francis Drake mun tæplega hafa komið til Íslands sem skipstjóri; hvort hann kann einhverntíma að hafa hrakist þangað veit eg ekki, en þó getur svo verið. Hafi hann siglt þangað, þá hefur það líklega verið á árunum 1580—1585, eftir að hann kom aftur úr ferð sinni kringum heiminn, og áður en hann fór aftur til Vestur-Indía 14. Sept. 1585. Víst er það, að Drake hafði mikinn áhuga á að finna sjóleið fyrir norðan Ameríku og skrifaðist á við Davis um það (sjá Barrow, Life of Drake. 2. Ed. London 1844, bls. 80). Samt finnst mjer óhætt að álykta, að eitthvert enskt skip, með fyrirliða með nafninu Drake, hafi komið á Vestfirði á síðari hluta 16. aldarinnar eða þá laust eftir aldamótin 1600. — Um siglingar Englendinga til Íslands um þær mundir sjá Þorv. Thoroddsen, Landfræðissaga Íslands I, bls. 147—148.

sjer sem fyrst náð af þeim, sem nú í þetta sinn lágu þar ásamt öðrum skipum, lítinn veg frá oss að suðri við, á litlu og fallegu gangskipi, sem var jakt hins stóra skipsins, er lá suðvestan fram við Hanton. Um kvöldið seint, er dimt var orðið, skipuðum vjer út vorn bát af völdu fólki, og svo sem þeir höfðu við hann í landi þar um ráðslagað. Vjer höfðum 3 stykki smá af kopar, er falkónur heita, fram á bátnum. En strax sem vjer komum þeim í nánd, gjörðu þeir sterkt hróp allir oss í móti og afsögðu oss hann um kvöldið og ljetu sína glissandi lunta tendraða á bæði borð til reiðu standa og ljetust til verka búnir hinna verri, utan vjer aftur heim hjeldum, en kváðu oss frjálst að morgni næstum hann að sækja, ef ei sjálfir með kæmi Vjer hlutum hvað sem gilti heim aftur að snúa. En um morguninn komu þeir með hann til vor, og undu illa við hag sinn og kváðust seinna mundu slept hafa, hefði þeirra aðmíráll verið sjer nálægra. Þetta urðu þeir svo búið að sekkja og með þögn þola. En þessir menn voru lítt skárri að líta en þeir í gálga hafa um hríð hangið, en tillit þeirra sem viðbjóðslegra varga. Að næsta morgni eftir gjörðum vjer oss þaðan ferðbúna og fyr en dagaðist vorum vjer undir segl komnir við tunglsbirtu. En með því vindur var oss þver, nær vjer skyldum út af höfninni halda, lá oss við háska hjá greindu blokkhúsi, þegar fram hjá því strauk, svo nálægt að ei varð sjeð, hvort vjer þar mundum frá með lífi sleppa. En miskunsamur Guð leiddi oss svo farsællega hjá klettinum, að ei skaðaði nje snart, en svo nálægt rann þessum klett, á hverjum blokkhúsið stóð, að því nærri snart skipssíðuna á stjórnborða. Og sem vjer þar hjá sluppum, vorum vjer strax í þann spanska sjó komnir, hver eð umbeltar allan þann vestra part Englands, og brimið af þeirri miklu hafsöldu, sem kemur af því víða vesturhafi og út af þeim spanska sjó, gengur upp undir þann skóg, er út frá Hanton liggur, út í mót hafinu.

VII. KAP.

Eftir miðdag sneri vindurinn sjer til landnorðurs, sem var vor beinasti byr, og nær vjer komum fram undan Barlis[1]) í Spanía, varð öllu fólki með klukkuhringing og síðan með trómetsblæstri uppbent á þilfar, artíkular upplesnir og fólkið ámint til guðrækni og góðra siða, þar með til hlýðni og hollrar umgengni fyrir guði og mönnum, og í það sinn lýst vegarlengd þaðan og til Indía rjett fram að vera 3500 mílur, en þar að auki allir afkrókar, sem mikilli vegarlengd viðbæta. Voru þá 3 orður gjörðar eður kvartjer af öllu skipsfólki, og jafnmargir menn í hverri, og þau 3 blöð og fólksregistur voru á þilið uppfest, fyrir framan káhyttudyrnar, þeim til beggja handa, er til stýris gengu. Sú fyrsta orða var nefnd kóngsins kvartjer, sú önnur prinsins kvartjer, sú þriðja hertug Uldrichs kvartjer. Þessum báru öll verk á víxl utan borðs og innan, sem er: bátsróður, skipsvakt, sem umbyltist eftir þriðjungstölu, skip að fága og útvaska hvern og einn morgun, fyr en morgunsöngur hefst, af því kvartjeri, sem dagvakt eður morgunvakt tilfellur. Í hverju kvartjeri gengur og öll vinna á víxl, svo að allir hafi og fái jafnt ómak, utan borðs að standa, vatn upp að draga, hvernin sem viðrar, nær mögulegt er, aðrir við að taka og í stampa að hella, þá fram og aftur og ofan í skip að draga og með skörpum hrísvöndum alt gróm upprifa og með hampkóstum að strjúka. Item ofan í skip að vitja, seglum að viðsnúa, púðri að umbylta, svo það ei saman renni, til pumpu að ganga, og til þess fleira sem við liggur. Yfir hvert eitt þessara kvartjera var einn kvartjersmeistari settur, sem bátstjórn hafði og var upphafs og áminningarmaður til alls þess, sem í hverju kvartjeri til fjell að athuga, erfiða og umgangast og umhirða, og við hver kvartjerskifti skyldi hrópa og sinni vakt til segja. Eg var í hertuga

[1]) máske o: Barlenga eða Berlenga-eyjar fyrir vestan Portúgal, RC. geta upp á Belle Isle, ey fyrir sunnan Bretagne.

Uldrichs kvartjeri og minn kvartjersmeistari hjet Jacob Róð[1]), einn frómur mann og varð minn góður vinur, hann var fæddur í Stralsund og uppólst þar ei lengur en til hann var 9 ára gamall, en síðan í Hollandi, og hafði því alt hollenskt skikk, bæði í trúarbrögðum og öðru háttalagi. Ei höfðum vjer utan einn trómetaria, Jurgin að nafni. En tala alls fólksins innan skipsborðs var 88, með ungum og gömlum[2]), með yfirsettum og undirgefnum, þar af gengu til stjórnar 58, og svo 19 voru í hverju kvartjeri, enn 2 ungir menn, hjet annar Thómas, en annar Michel, voru teknir til ljósvaktara á nætur við lampann, sem á milli kompásanna brann í nátthúsinu.

Einn maður, Franz[3]) að nafni, í Danmörk fæddur en í Hollandi uppalinn, ungur mjög, nær 22 ára gamall að aldri, sat í fangelsi frá því vjer vorum í Vigt og til þess nú var nefnt, fyrir sakir þess misgjörnings, að hann í móti skipsins lögmáli og kóngl. Majest. artikulum hafði sig svo stórum forsjeð, að hann í reiði dró sinn kníf til eins annars í bátnum, og aftur innan skipsborðs í sama sinni. En hverjir, sem slíkt gjöra á þeirri reisu, skikkast, eftir artikulanna hljóðan, að prófossinn skuli við stóra mastrið þeim sama hnífi stinga í gegnum hans hægri hönd, hvað og einnin þennan sama mann ske skyldi, og nú af prófossinum var fyrir stóra mastrið leiddur. En með því þetta var hið fyrsta brot á þessari reisu, er straff útheimti, og alt fólkið gjörði sína almennilega bæn fyrir hann, þá varð því svo gegnt, að hann í það sinn skyldi frá því mikla straffi frelsast, en samt skyldi lögmálinu með nokkru fullnægja, svo að kóngl. Majest. lögmáli yrði ei niðrun gjörð, og varð svo ályktað, að hann skyldi slást með einu kaðalshöggi af hverjum

[1]) á skrá Símonar Jóhansens er hann kallaður Jacob Roude.

[2]) á skrá Símonar Jóhansens eru aðeins taldir 73 manns.

[3]) jeg tel óvíst hvort getið er um þessa þrjá menn á skrá Símonar Jóhansens. Franz er máske Franz Mönting, „kajuttvegtter", en Thómas ef til vill Thomas Jensen, sem er á skránni talinn með „bátsmönnum«,

manni, að fráteknum yfirvöldunum öllum, svo hann fjekk 80 slög á sinn bakhluta, þar hann stóð í einum ljereftsbuxum. En með því þessi maður var ungur og í mörgu vel að sjer, vorum vjer 4 ungir menn honum kærir og að nokkru leiti honum áhangandi í því sem meinlauslegri vináttu og stallbræðraskap til hnje, og höfðum vjer oss því sambundið, nær að oss kæmi, honum að vægja, en þó skyldi í ásýndinni slík linkind ei merkjast. En nær sem þetta straff af öllum var endað og útgjört, og prófoss skyldi þetta kaðalsverð (fljettað málfaðmur að lengd) afgreiðast til varðveislu, bauð kaptuginn, Christofor Boye, honum sterklega oss fjóra höndum að taka, fyrir stórmastur leiða og fjögur slög hverjum af oss til endurgjalds (sem vondum hræsnurum) að útgreiða, oss og öðrum til langgæðrar og sterklegrar viðvörunar, að engir framar slíks dirfast skyldu neina hræsni að brúka, þar straff skyldi útgreiðast, eður hæðni lögmálinu auðsýna, hvað svo mikla þýðing hefir. Eftir artíkulanna lestur (hverra innihald og tölu að mjer er ómögulegt að útskrifa og hjer inni að greina) og skipstraff yfirstaðið, fólk skrifað og skikkað í hvern skutul, sem voru að tölu 7 menn í hvern, og ráðvandur og guðhræddur maður, einn af hverjum 7, til skutulsmeistara útvalinn og skikkaður, hverjum að befalaðist að niðurþagga og öftrun gjöra þeim sem vanskikkan auðsýndu með ótuktugum orðum eður með öðrum ósómasamlegum atvikum yfir máltíð, og hver sem honum óhlýðugur fyndist, skyldi prófoss sagður og í káhyttu auglýstur og eftir málsvexti straffaður, og hans laun kortuð, og skyldi jafnan slík peningaútlát hverri líkamlegri refsing fylgja, til öftrunar blóti, eiðum, reiði, óguðlegri ræðu og mörgu öðru ósæmilegu til máls og gjörða, bæði innan máltíðar og utan. Einkum krafðist góð umsjón að væri prestsins áminningu hlýðugir í öllu því sem hans embætti við kæmi innan skipsborðs. Og yfir alt fram hafði prófoss sig með bókareiði til sterklegrar aðsjónar, umvöndunar, trúlegs aðhalds og án manngreinar og mannvirðingar hræsnislausrar aðgætni forpliktað upp á sjón og heyrn, hvað orð og verk sjerhvers manns áhrærði, hvar sem vera kynni fyrir utan

káhyttu. En öll yfirvöld, sem sinn sess í káhyttu höfðu, nefndust það breiða ráð, í hverju ráði að er prófossinn jafnt þeim öðrum kaptuga, kaupmönnum, skipherra, undirskipherra, stýrimönnum, trómeturum, hábátsmanni og þeim yppasta assistent, ásamt prestinum þar yfirverandi í hvert sinn rjettargangur skyldi haldinn verða, og allir slíkir skyldu lögin og artíkulana styrkja með fullri auðsýnandi alvöru. Í öðru lagi voru þeir menn og tilsettir sem mersusegl skyldu inntaka í hverju kvartjeri og kallast mersclemmer eða mersuklifrarar. Enginn var vaktfrí utan presturinn, kaupmenn þá ekkert viðlá og sá elsti assistent Niels Gertzson. Vor prestur hjet Christián, ágætur ungur maður og mjer jafnan ástsamlegur. Fjórir timburmenn fóru heiman, af hverjum einn dó í Afríka á vorri útreisu, Þórður að nafni. Cláus From var þeirra hinn helsti.[1])

Og nær sem alt var í lag sett með slíkum og þvílíkum hætti sem nú var greint, svo var og einn eiginn skamtur skriflega skikkaður af brauði, smjöri, kjöti, hörðum fiski og söltuðum víni frönsku og spönsku, item rínsku, frönsku og hollensku brennivíni. Var hverjum einum ætlað: Fyrst á kjötdögum, sem er sunnudagur, þriðjudagur og fimtudagur, var hverjum einum af kjöti hráu 2 skálpund tileinkuð í 2 máltíðir; item á fiskdögum, sem er mánudagur, miðvikudagur, föstudagur og laugardagur, var og hverjum einum tileinkað í miðdagsverð og kvöld 2 pund af hörðum kieldinafiski[2]), sem barinn, bleyttur og soðinn verður, og 1 skálpund í hvern skutul[3]) eður fyrir hverja 7 menn til bráðsmjörs út heila viku; item eins potts mælir af grjónum á fiskdögum og eins af ertum eður baunum á kjötdögum; item hvern laugar-

[1]) á skrá Símonar Jóhansens er getið um 6 timburmenn, Claus From (Fromme) virðist þeirra æðstur. Þar er enginn Þórður nefndur sem timburmaður, en meðal „Kayutvegtter och seigleger" er nefndur Thord Nielsen, og getur verið að sje átt við hann.

[2]) o: saltfiski frá Kildin við Norðuríshafið, sjá bls. 102.

[3]) á þátíðardönsku Schiöttel, nú o: Bakke, svo kallast flokkur hermanna, er eiga mötuneyti saman á herskipum.

dag var smjör og brauð útvegið og hverjum einum $3^1/_2$ pund brauðs, sem eru 7 merkur og 1 pund smjörs; item vart hálf mörk víns (sem þeir kalla myschen[1])) var hverjum manni, ein til miðdags og önnur til kvölds, eftir máltíð haldna gefin, fyrst af frönsku, meðan það sýrðist ekki og síðan af spönsku víni, hverja ranzon og afdeild að hver maður hlaut að drekka strax fyrir buteleries dyrum (það er brytans búri), en ekki í burt berast. En til drykks af öli, meðan það varaði, sem var í 3 mánuði, var hverjum einum 3 marka kanna tilsett, sú eð kallast flabkanna[2]) og það með degi og nóttu, sem eru 24 stundir. En strax sem menn komu suður fyrir Tyrkiríið, og þar suður á lengra, dugir ekki lengur öl til drykks nje geymslu fyrir súrleika sakir, úr því er vatn gefið hversu lengi sem þeirra útidvöl drýgist. Og hver sá innan skipsborðs, er þann glæp hendir, að hann steli hálfri flabkönnu vatns frá öðrum, hefir til hengingar unnið, svo það bevísað verður. En svo er vatn heitt sem af eldi tekið væri og þar með fordjarfast það mjög í fötum og pípum, svo alt hlýtur með járnböndum að girðast, annars dugir það ekki til þeirrar reisu, utan með þeim hætti sje það og fleira sterklega varðveitt.

Nú eftir fylgir það hvað sjerhver hlýtur með sjer til þeirrar reisu að kaupa og hafa sem er: Fyrst margar skyrtur, tóbak, negliken, muskater, comen og engifer, malið og ómalið, þar með brennivín og fleira annað. Item eitt línlak fyrir hverja tvo, sem haft verður undir það regn, er úr lofti fellur, nær skruggur, eldingar og stórar reiðarþrumur um dynja og drífa, og verður í hvert þess horn bundið og svo upphengt undir regnsteypuna, og ein lítil blýkúla er látin í mitt línlakið og þar undir er sett kannan svo lengi að hún er full, hvert vatn að menn drekka í sinni stórri neyð og ofurmikilli þorstaþvingun, hvar af þrátt koma ýmislegir sjúkdómar, svo óheilnæmt er það vatn mörgum nær svo til

---

[1]) á þeirra tíma dönsku „Møtschen"; einskonar mælir.

[2]) holl. flapkan, trjekanna til nota á skipum.

vill. Það eitt af mörgu verður í kóngl. majest. artíkulum fyrirboðið sjerhverjum, að leggja sig til svefns í votum ullfötum, sem af regni eru vot orðin, því það oftlega við ber að menn þeir sem til slíks reynt hafa, að sofa í votum fötum, hafa fengið rauðbleika orma í sitt hold, sem bartskerar útvinda úr þeirra holdi með tvinnaþræði, en sje svo að þeir slitni, verður þess manns bani, er slíkt er til fallið. Og skal hjer um nú að sinni ei meir talast, heldur aftur víkja til þess efnis, er eg frá hvarf, er setningar alls háttalags voru auglýstir, sem á reisunni skyldu orðentlega og varanlega við makt haldast. Svo og var öllum strengilega tilsagt í öllum stöðum og viðvíkjandi pörtum prestinum og öllum hans áminningum, kenningum og tilsögnum heyrugir og hlýðugir vera skyldu. En hver annars sjer breytti eður dár til orða eður gjörða auðsýndi, skyldi þess líf gilda; og sjerhver skyldi sig vakta til corum kvöld og morgna, þegar hringt væri, hver klukka að hjekk við bitann fyrir framan stýrpligtinn[1]). Henni var og hringt nær artíkular skyldu á hverjum mánudegi upplesast fyrir öllu fólkinu, en ætíð til borðs.

VIII. KAP.

Og sem alt þetta var nú skikkanlega fram sagt og alt annað hvað til hlýddi, var til miðdagsmáltíðar hringt, og í hvern skutul 9 marka trjestaup af spönsku víni gefið fyrir utan vorn ranzon. Síðan upphófu stýrimenn, um hvert miðdegi, að taka og ná sólarinnar hæð, og byrjaðist fram undan Barlis í Spanía, sem fyr var greint, og hjeldum vjer þeim landnorðanvindi og besta hlaupbyr frá Englandi og hjeldum mjög í vestur í fyrstunni þaðan, og fyrir norðan

[1]) gl. d. styrpligt, holl. stuurplikt, svo nefndist einskonar pallur eða bekkur aftantil á skipinu, dálítið hærra en þilfarið, handa þeim sem stýrði.

Írland[1]) og svo í gegnum allan Spanska sjóinn, undir Barbaríið[2]), sem eg ætla 600 mílur vera muni.

Einn dag í þessum hálfum mánuði er vjer á leið vorum í gegnum Spanska hafið, nærri fram undan Stræti, sem þeir fyr kölluðu Njörfasund, mætti oss eitt skip upp á stríðsvísu útbúið, og kváðust frá Brasilíu komnir vera og til Amsturdam sigla vilja og ljetust friðmenn vera. Þeir höfðu 4 trómetarii inni, og bljesu forkunnar vel. Vjer gjörðum oss augljósa og skutum 3 stykkjum og voru mjer 2 af þeim í varðveislu sett, þau láu á stjórnborða nokkuð framarlega. Nú var alda úr Vesturhafi, en lausasjór úr norðaustri og var ógott utanborðs stykkin að hlaða og treystu fáir sjer til, en svo framandi ekki sæi lítilmensku til vor, bað constabel mig að hlaða mín stykki utanborðs, því sú skipssíðan venti til þeirra, en menn ljetu segl kala. Og nær eg var búinn að hlaða það fyrra stykkið, en lá útbyrðis á því öðru kom mikill öldu sjór þrisvar undir bakborðssíðuna og hratt skipinu niður á stjórnborðssíðuna, að stykkin rákust öll í sjó og eg með rjett á höfuðið, svo eg drakk mikinn sjó í mig, svo mjer var nær búið af stykkinu að flotna; en eg fyrir Guðs náð fjekk mjer svo fast haldið allar þær 3 bárur af, að mjer enginn skaði tilfjell utan eg allur vöknaði, en minn constabel hugði mig horfinn vera, og eg fjekk hjer af stórt lof, en Guð yfir alt. Kaptuginn sendi mjer brennivínsstaup úr káhyttu til heilsubótar, og úr því komst eg meir og meir í hans kynning og elsku. Síðan hjeldu þessir framandi skipmenn oss í frá, en hefði verið náðugra veðurlag en þá var fyrir hendi, mundum vjer betur hafa athugað frásögn þeirra og rannsakað rjettlæti þeirra, því yfirmenn vorir meintu misjafna menn verið hafa. Á þessum 14 dögum bar ekki til tíðinda stórra, utan einn sunnudagsmorgun hljóp vort skip í vind óvarlega fyrir sakir vankunnáttu þess manns,

---

[1]) Þetta er líkl. rangt; þeir hafa hlotið að sigla fyrir sunnan Írland.

[2]) Barbaríið, líka kallað Tyrkiríið, eru víkingaríkin á norðurströnd Afríku (Marokkó, Túnis og Algeir).

er við stýrið stóð, er Franz Andrjesson[1]) hjet, og var smiður að handverki, því þar voru nokkrir þeir innan skipsborðs, sem aldeilis voru til sjóferða ótamir, er sig höfðu frá ýmsum handverkum til þessarar reisu skrifa látið; en af því veðrið var hart og hvast, var búið við töpun eður segl og mastur yfir borð, en útá þilfar að ganga var stór hætturaun fyrir kaðlabraki, er um gekk höfuð allra er til voguðu, en þó fengu fáir menn þar af raun stóra, að frá teknum Thómas einum, sem var lampvaktari á nætur við kompásinn, sá eð um stund lá í svíma. En svo var þessi góði mann Franz hræddur að hann vissi ekki hvað hann af sjer gjöra skyldi og bar sig mjög lítt. En Guð gaf sína náð þar til að skipinu varð aftur snúið til lags og undan vindi, og seglin viðrjett sem hæfði. En með því að Franz var nýr bátsmaður og í námi þar um, var honum þessi misgjörningur kvittur gefinn, og það hann var einn frómur maður, einnin var hann mjög efidur en var þó hið mesta spakmenni eitt fyrir sig sem verða má.

Nú sem vort skip hafði fulla 14 daga undir seglum runnið frá Englandi sögðu stýrimenn oss þá, að nú væri undir Barbaríið komið, og þótti mönnum þá vera í óttasamlega staði komið, því fyrir Tyrkneskum er uggandi á bæði borð þá þar er komið, bæði með sín skip og galeiður, hvar með þeir jafnan grassera fólk og herfang að yfir komast, sem útsendast jafnlega af þeim smákóngum, sem í Tyrkiríiñu allvíða yfirdrotnan hafa og Baska[2]) þar nefnast, og ei síst af þeim hertugum og smákóngum, sem yfir þeim eylöndum drotna, er inni í Strætinu liggja, hverjum hertoginn af Malta[3]) mikla mótstöðu gjörir, og tíundir verða lagðar af kristninni, einn ágætur og vellauðugur herra. En með því að hlíf Drottins var daglega yfir oss, urðum vjer við

---

[1]) á lista Sím. Jóhansens er getið um smið að nafni Franz Clausen.

[2]) o: Pasja, tyrkneskur titill.

[3]) o: stórmeistari Jóhannesarriddaranna; þeir sátu þá í Malta og er viðureign þeirra og Tyrkja þjóðkunn.

engan voða varir, hvorki af þeirra hendi nje annara Guðs óvina; og ásettu stýrimenn sjer nú að sigla á milli þess barbariska odda og þeirra Afríkanisku eður Flamsku eylanda, sem og enn kallast Asoris. Þau liggja í vestur frá Lisbon í Spanía, nærri 200 mílur, þau reiknast til Afríka en liggja þó nálægra Evrópa, en heyra þó til kónginum af Spanía. Þessi eylönd eru sjerdeilis 7, sem er Tercora, St. Michael, St. María, Gregoria, St. Georgi, Faial og Pisco[1]). En ef vjer hefðum siglt fyrir þau norðan til, þá eykur það við nálægt 100 mílur til vegarlengdar, þar fyrir hugðum vjer oss til leiðgreiðslu í millum Barbarí og þessara Flamsku eylanda að sigla. En svo sem eg fyr á veik að vjer höfðum þá marga menn innan skipsborða, sem aldrei höfðu til skips verið eður stjórnar, þessvegna áttu stýrimenn mikla raun, fyr en slíkum mönnum varð til vits vikið eður lags leiddir, en vant er við stýri að standa og rjetta stjórn að fremja, þá vindur liggur jafnt í báðum skautum, einkum í mikilli sjóöldu og skaflasjó. Og nú fyrir sakir greindra tilefna bar svo við sem oftlega skeður, að oss var nær búið að komast í mikla ólukku og í dauðans neyð, hefði Guð oss ei hjálpað með sinni náð og útrjettri hjálparhönd. Þar sem vjer hugðum fyrnefnda leið að sigla milli Barbarí og eylandanna, hafði oss fyrir vanstjórn of mjög borið á bakborð að því fasta landi Barbaría, svo að um affarandi nótt laugardagsins, nær fyrsta vakt var afstaðin og komið var á þá aðra, og eg var fyrir lítilli stundu sofnaður, þá var stappað í þilfarið og hrópað: Land, land! og »Upp, upp, hver maður!« En sá sem við stýrið stóð, og Pjetur Jansson hjet, hljóp burt og kvaðst sínu gjaldi bjarga verða og slepti stýrinu; en einn að nafni Pjetur Van Bergen[2]) sá

[1]) Jón Indíafari á hjer við Azoreyjarnar og eyjar þær er hann nefnir eru nú kallaðar Terceira, São Miguel, Santa Maria, Graciosa, São Jorge, Fayal og Pico. — Hann sleppir hjer Corvo og Flores en nefnir þær síðar sem sjerstakan eyjaklasa. Þangað kom hópur af Flæmingjum árið 1466, og því voru þar kallaðar flamskar. Nú eiga Portúgalsmenn þær.

[2]) um hann er getið, að jeg held, á skrá Símonar Jóhansens þar

eð lá gegnt mjer aftur við stýrpligtinn, er svo kallast, hljóp í andfælum upp til stýrisins svo að hann fyr en jeg fjekk gripið til stýrisins, en eg í hjálparlínuna, sem höfð er til styrktar þegar miklir stormar eru og margir hljóta til stjórnar að ganga, en þó óforvarandis en alleina af Guðs ásettu ráði vjek á þann veg stýrinu sem skyldi, svo skipið snerist strax að vindi við, og í því gangur ákomst, tók skipið 3 dynki með eftri skutnum svo margir um koll fjellu á þilfarinu, svo kaptuginn grjet og yfirvöldin öll skipsins; en Guð gaf lukku til að skipið rann heldur fimlega frá landi, nær sem það kendi fullra segla. En vindur stóð oss í gegn úr norðausturhafi rjett þvert upp á landið, en þar oss hafði inn borið að landi var ein breið vík og var þar næsta óhægt út að komast í rúman sjó, því við hvorn enda víkurinnar skar sig einn oddi út á hvort borð, og varð það að halda sem halda vildi, og urðu öll segl í toppi að standa, svo að möstur og stengur stóðu bjúg sem bogi. En á þessum hluta landsins og Barbaríisins útodda búa mannætur, þeir eð leggja menn uppá járnristur, að steikja sjer til fæðslu og var þetta eitt fyrir sig furðanlegt dásemdarverk vors elskulega, miskunsama Guðs, hverju mjer síst hefði borið að gleyma, hans háleita nafn sje af oss og öllum tungum ljúflega lofað og dýrkað nú og æfinlega. Amen. Um morguninn nær bjart var orðið sáum vjer uppá landið, sem fagurt var álits, eggsljett, með fögrum þorpum og söndum, hvítum og bleikum, og í mörgum hópum fólk samankomið, því um nóttina hafa þeir víst mátt heyra vort svakk og kvak, og því sjer svo í margfjölda samankomið, með vopnum og herbúningi. En sá maður, sem stjórnina forljet, var um nóttina í fangelsi settur og vildi vor kaptugi að hengdur verið hefði, en hann fjekk því ei ráðið, því hann var

---

sem nefndur er byssuskyttan Peder Pedersen frá Bergen, sem þá líkl. ekki er Bergen í Noregi, en Bergen op Zoom á Hollandi; hins er ekki getið þar að eg held; að vísu er nefndur „jungmand“ Peder Jensen frá Kaupmannahöfn, en þar sem hinn, einsog rjett á eftir er sagt, var Hollendingur, getur það varla verið sami maðurinn.

hollenskur og landsmann kaupmannanna; en nokkur slög fjekk hann af prófoss fyrir stóra mastri, og nefna þeir hver 4 slög mánuðssold, það er mánaðarlaun, upp á gamla gletni og skipsvísu. Síðan var prjedikun haldin fyrir miðdag á þessum loflega 22. sunnudegi eftir Trinitatis, og af prestinum ljúflega ámintir Guði slíkt miskunarverk og föðurlegan velgerning auðmjúklega og innilega að þakka, og hann lengi og vel geyma, og oss skikkanlega eftir Guðs vilja og boðorðum halda og varast jafnan vorn Guð að styggja eða til reiði að reita, svo Drottinn ekki yfirgefi oss í ómildra hendur. Svo hjeldum vjer í vestur og vest-suðvestur, út fyrir Barbaríið, á millum þess og nefndra eylanda, og var oss land horfið fyr en rökkva tók. Svo sigldum vjer nætur og daga með besta byrleiði, hið beinasta eftir því sem vegur lá, alt hvað aftók, og hjeldum sama vindi, sem þeir kalla tapass eður masson[1]). Í Blálandshafi er eitt rif, og liggur um þvert fyrir þeim þar um sigla og er mikið umferðar. Þetta rif kalla þeir Ambroul[2]) og hafa fyr meir mörg skip á þeim sandgrynningum tortímst, og hljóta því siglingamenn er þá leið fara, mjög í vestur fyrir það að sigla frá beinum vegi, og á meðan menn eru ekki fyrir það komnir, brúka prestarnir eina mjög fagra bæn, sem kvöld og morgna er lesin nær corum er haldin. Í vestur frá þeim Flamsku eylöndum liggja tvö eylönd er kallast Covo og Floris[3]), á þeim eru 4 borgir, þau heyra og til þeim spánska kóngi. Þau Canarisku eylönd liggja nokkuð í norðvestur frá Caput de Bajador í Afríka þau eru 7. Í þessum eylöndum er mikið sykur, vín og önnur vara, þar inni eru 4 staðir. Þessi eylönd byggjast og af Spönskum og Portogaliskum og eru undir þeirra regimenti. Þau Capoverdisku

---

[1]) líklega er „tapass“ afbökun. á „passat“, „masson“ á „monsun“; höf. á auðsjáanlega við „staðvindana“ („passatvindana“).

[2]) líkl. er átt við „Abrolhos“, blindsker og grynningar, sem menn áður töldu vera fyrir suðvestan Grænhöfðaeyjar. Annars er orðið „Abrolhos“ notað um þesskonar víðsvegar á hnettinum.

[3]) hjer er átt við tvær af Azoreyjunum, Corvo og Flores, er liggja nokkru vestar en hinar.

eylönd liggja nokkuð í vestur frá Capoverde í Afríka, og eru þau 10. St. Thómas eyland liggur rjett undir línunni, þar á er mikið sykur, og einn stór staður sem heitir Pavoasa. Anabon[1]) heitir eitt eyland fyrir sunnan línuna, og St. Helena eyland, sem Portogaliskir hafa fyrst bygt og fundið, um hvert eg vil með Guðs hjálp fleira tala nær þar að kemur, er eg var á minni heimreisu frá Indíen.

Á þessum vegi og í þessu mikla hafi urðum vjer varir við 4 fiskakyn, sem þeir svo nefna, alcorem, duradd, bónet, og sá fljúgandi fiskur[2]). Alcorem fangast með 7-önguðum ljóstri, sem hafður er í einni skutulrá, og sá sem hann fangar hlýtur að sitja útá blindránni, sú að er föst við bugspjótið, og nær hann veður uppi, skutlar hann í hans bak þessum ljóstri. Einn maður á voru skipi Andrjes[3]) að nafni, mjög efldur maður, og var kallaður Stóri Andrjes, hann skutlaði alla þá 9 er náðust á vorri útreisu. Einn tíma bar svo við að hann skutlaði einn þeirra, og var úti gott veður, en þó mjög hvast, að enginn af oss vissi neitt af, fyr en hann kom upp á skipið á stjórnborð upp yfir sitt höfuð gegnvotur, svo oss brá undarlega við, en lá brotin sú seglrá, er hann á sat, í tvo parta, en strengir hjeldu fastri svo ei náði burt að flota; og svo striður var sá fiskur, og svo sterkur var sá Andrjes, að í þeirra viðurvist eður viðskiftum hrökk þessi seglrá sundur hreint í tvo parta, svo Andrjes fjell í sjóinn, en fiskurinn hljóp burt með þin og ljóstur. En þó skipið stryki undir sínum seglum öllum, samt gaf Guð það, að Andrjes náði í hnattmiðans hanka,

---

[1]) o: Annobón. — Á St. Thomas hefir stærsti bærinn sama nafn og eyjan, São Thomé á portúgölsku. Borgina Pavoasa þekki eg ekki.

[2]) alcorem er líkl. halicore, sækýr, sem að vísu ekki er fiskur, en spendýr er lifir í suðrænum höfum sumstaðar; duradd er fr. daurade, dorade (l. aurata) algengur fiskur í Miðjarðarhafinu og suðurhöfum; bónet = fr. bonite, e. bonito (scomber pelamys Linn.) einskonar stór makríltegund, sem ofsækir flugfiska), flugfiskurinn (exocetus volitans) er algengur í suðurhöfum.

[3]) máske AndersKnudsen, timburmaður á lista Símonar Jóhansens.

er svo sítt hjekk utanborðs, að því nær til sjómáls náði, nær hann bar aftur með skipsborðinu, og áttu menn hann svo sem úr helju að heimta, og þótti öllum hið mesta mildiverk Drottins, sem og í sannleika svo virðast mátti og sig sjálft vottaði að ei skyldi gleymast, hvað og strax var inn skrifað í vorn journal, sem og alt annað, hvað sjerhvern dag við bar á heillri reisu fram og aftur. Síðan gjörðu timburmenn aðra sterkari blindrá, og með betri kostum. Þessi Andrjes skutlaði og á þeirri útreisu 9 höfrunga og 7 hámeyjar sem vjer köllum hámerar. Höfrungar voru í hvert sinn veglega matreiddir með soðjukki stundum með hunangi, stundum með svisker[1]). Hámeyjar voru og matreiddar og með skörpu salti soðnar og með vínediki etnar. Eg og margir gátum þær ei smakkað utan í fyrsta sinni. Nær gott veður með hægð tilfellur á reisunni halda menn sjer utanborðs á skipföstum köðlum, nær fyrst sundlist læra, utan einn fram á og annar aftur á hljóta þar dyggilega vakt að standa yfir þeim í sjónum eru, því hafið er fult af þessu illþýði, nemlich[2]) hámeyjum, sem fast sækja eftir mannskjöti, og fyr meir hefir þrátt við borið að þær fyrir vangæslu sakir hafa mörgum að bana orðið, svo margt er að varast. Það annað fiskakyn er duradd, og er að stærð sem stór lax, og sumir minni, lystugur og mjög góður að eta, hann fangast með öngli, á hvern látin er rauð þríhyrnd klæðisbeita; þessi öngull hangir á tilmæltum löngum þintaum, hver taumur að bundinn er upp í blindrána vel utarlega, og nær svo sem hálfa alin ofan úr sjómáli. Á miðjan þennan öngultaum er bundinn útspýttur og þaninn einn ferskeyttur dúkur eða sem nefklútur að stærð, og nær sem siglt er undan vindi, þá blæs í þetta taumsegl, og það kippir þessum öngli upp úr sjómáli, og sýnist sem spriklandi fari með rauðan lit ofan um sjóinn; en nær þessi fiskur er í kafinu nálægt og getur sjeð öngulskvikið, meinar hann lifandi og rauðan fisk vera, og hleypur eftir honum

---

[1]) o: d. svedsker = sveskjum.
[2]) = þ. nämlich, nefnilega.

með gin opið að grípa hann, og verður svo fastur. Og með sama hætti fangast hinn þriðji fiskurinn, sem kallast bónet. En hvernin sá fljúgandi fiskur höndlast skeður með þeim hætti, að strax sem þeirra uggavængir eru þurrir, þá falla þeir þar niður, sje þar sjór undir, skip eður hvað annað, og þar fyrir nær gott og spakt veður er, láta menn sína báta fljóta eftir skipunum á löngum kaðli, svo á morgnana með sólaruppruna koma þeir í stórhópum upp úr hafinu, og strax til flaugar hefja sig upp í riðlum, en hvað langt að mjer virðist nærri 900 faðma vera þeirra flaug, og liggja þeir svo eftir í bátnum, stundum 4, stundum 8, stundum 12, fleiri og færri, eftir því sem til vill, stundum verður fyrir þeim stóra skipið sjálft; þeirra lengd er málfet og eru góðir að eta. Villifugl mikill er í þessu hafi, sem á kvöldin setst á rámúlana, og verða svo handteknir, svo á morgnana var oftlega bátur vor fullur af þeim, sem á þilfarinu stóð bundinn, og völdum vjer af þeim oss til matar, sem oss þóttu skástir vera, hina ljetum vjer fara sinn veg, en af þeim er ekki til matar að slægjast fyrir megurðar sakir. Þessi fugl er allur svartgrár, langur í flaug en stuttur í búk, og svo er alt fuglakyn í þeim löndum. Hafsúlu sáum vjer þar víða en ei í villu hafi, því hún fer aldrei víðara en á landsbrún, og hafa siglingamenn það til marks, að nær þeir sjá hafsúlu þá vita þeir sig á landsbrún komna vera, hvar sem það er. Hollenskir kalla hana Johan De Genti[1]). Halcion[2]) er og í þessum sjó, af hverjum vor kaptugi skaut eitt sinn tvo, hverir gjörla sjást hálfa viku sjóar, þeir eru hvítir að lit, þeir eru helmingi stærri en álft. Í sinni flaug eru þeir frá einum vængsodd á annan 2 málfaðmar, þeir voru magrir, en þó góðir átu. Einn fiskur sjest stundum á þessari reisu, af hverjum vjer sáum 2, sinn í hvort sinn, er þeir kalla

---

[1]) o: Jan van Gent.

[2]) Halcyon (d. Isfugl) getur ekki orðið svo stór sem hjer segir, og er því líklega átt við albatros, sem geta orðið ca. 17 fet milli vængsodda.

sunnfisk eður sólarfisk[1]), hvers náttúru að svo er hagað, að nær hann veður uppi og sje hann ei niður kominn áður en sól rennur upp, svo kemst hann allan þann dag aldrei niður, til þess að sól er undir gengin. Hann er stór vexti og óttalegur, og svo flækist hann í bárum allan þann dag, sem eitt grámórautt skrímsl, hann er digrari en hákall.

IX. KAP.

Einn sjerdeilis viðburður sjest stundum á þessari leið, sem þeir kalla slúkupp[2]), hvern vjer og í tvær reisur sáum ei lengra burt en vel viku sjóar frá oss; hann er mjög óttalegur tilsýndar, hann stendur beint upp sem stafur, sjórinn rennur rjett upp og niður í himininn úr hafinu, og þegar að þrot og uppgjöf verður á slíku, þá þverrar fyrst uppi, sem hæst maður fær litið og hverfur svo skjótt sem augað fær nokkuð greiðlega eftir litið, og segja vitrir menn, að sá hafsdráttur eður uppsúg verði úr himins opnan, og hvað sem þar fyrir verður hlýtur upp að fara, þó eitt stórskip væri. En svo sögðu oss stýrimenn og þeir sem að Indíum siglt höfðu, að einn tíma hafi helmingur skipsins í burt numist, sá hinn fremri hluti þess. Og strax sem vjer það lítum, gripum vjer vor höfuðklæði af oss og fjellum til bænar. Sá annar viðburður, sem á þessari leið er, er svo, að stundum sýnist að menn sjeu upp á grynningar komnir eður leirrif, og helst um kvöldtíma ber svo við, hvað oss og henti eitt kvöld, er vjer frá kvöldsöng gengum, og brá oss mjög

---

[1]) Á ensku eru ýmsar fisktegundir kallaðar „sunfish", er ekki gott að vita við hverja þeirra höf. á, líklega er þó átt við tunglfiskinn, d. Klumpfisk (orthagoriscus).

[2]) hjer er átt við skýstrokkinn; orðið „slúkupp" finst í lágþ. og dönsku þeirra tíma (d. slugop, lágþ. slukop) í merkingunni „sá er svelgir alt í sig", „átvagl", og er ekkert því til fyrirstöðu að sjómenn hafi notað það orð um skýstrokka.

þunglega við. Vor kaptugi kannaðist við það strax og þeir stýrimenn sem að Austindíen siglt höfðu, en þó samt til vareygðar útgreiddu stýrimenn meir 100 föðmum, hvað þó ei umgilti í einu villuhafi. Miklir straumar eru í þessum villusjó, er stundum áhlaupa, svo að furðu gegndi, ýmist með eða móti. Eitt sinn sigldum vjer í vænni byrkylju frá miðdegi til annars, og nær stýrimenn höfðu sólarinnar hæð náð eftir venjunni, spurðu þeir mig og nokkra að, hversu margar mílur á þeim 24 stundum að vjer meintum oss siglt hafa? Vjer gátum til 30, sumir 40, en þeir kváðu oss til baka 18 mílur rekið hafa. Tíu menn rannsökuðu sólargang fyrir og um hvert miðdegi, sem var fyrst 3 stýrimenn, þá kaptuginn Christophor Boye, 3 kaupmenn, skipherrann, assistent Søfren Nielsson minn góður vin, og einn byssuskytter Andrjes Ólafsson. Og strax sem vjer útsigldum, bauð kaptuginn mjer að læra upp á stýrimannsskap og taka sólarinnar hæð, en eg hafði forlofað mig 3 mönnum að kenna þeim á bók, hvað eg og fullkomnaði með guðlegri tilhjálp. En hver þeirra lofaði mjer sínum 3ja mánaða peningum en eg fjekk ekkert þar af; því í artíkulunum bannast að nokkur sá, sem ætti kvinnu, börn, foreldra eður systkini mætti sínum launum forlofa utan hann sjálfur til entist, en allir þessir 3 menn burtsofnuðu í Indíum.

Og nær vjer komum undir línuna Equinoctialis[1]), sem er miðdikismæliþráður jarðríkisins og því kallast miðjarðarlína, sögðu stýrimenn oss að vjer hefðum hana nýársnótt í gegnum siglt, reiknaðist frá því (að mig minnir) að sólin hefði verið í línunni fullar 12 eða 13 vikur. Um þann tíma kvað þar engum manni vært vera fyrir ofurhita sakir. En nær sem vjer þar vorum var þar frábær hiti, svo að sá sjór, er fyrir nauðsynja sakir var upp dreginn, var svo mjög bráðheitur, að menn gátu varla hendi í haldið, nær fyrst uppkom, og á þeim mat sem skyldi afvatnast mátti ei lengur sjór á standa en 4 glös, það eru 2 partar úr eykt. En ef lengur er, verður sá matur sem sót að lit nær soðinn er, og má

[1]) Miðjarðarlínan, æquator, var stundum köllud svo áður, einsog sjá má á gömlum kortum.

fyrir borð berast. Nær sólin er rjett í línunni, sem tvisvar á hverju ári við ber, sem er vor og haust, eftir því sem hennar gangur er frá oss og til, þá blása þar allir vindar úr miðju lofti, svo engin skip kunna þá þaðan í 12 eður 13 vikur burt að komast, sem fyrri skeð hefir, og þar með fá menn undarlega sjúkdóma. En nú forðast menn um þann tíma þar að koma fyrir sakir þess sem nú var nefnt. Ei blása á þessari leið austan- nje vestanvindar, utan norðan- og sunnanvindar, og stendur norðanvindur á vetur og þá hljóta menn hjeðan ferð hafa þangað, en sunnanvindur um sumar, og stendur hvor í hálft ár, en á sumur sjest eigi skýskaf á himni í Indíen, og verða því hitar svo miklir að aldrei dregur fyrir sól, en á vetur blæs norðanvindur með regni úr hófi því sem hjer skeður, eldingum, skruggum, reiðarslögum og jarðskjálftum, og vara fram að páskum. Nær sem menn eru komnir suður fyrir línuna og menn hafa siglt öll himintungl aftur yfir hvirfil sjer, þá sýnist sem þau öll öfugt gangi, sem er sól, tungl og stjörnur. Nýtt tungl sýnist þá svo sem það hið síðasta í tungli vor hjer á meðal og bregður mönnum í fyrstu þar við mjög undarlega. Ský á lofti sýnast oftlega með ýmsum myndum, og skeður af sólarinnar skarpri verkan, og þeirra ofurþurk þar af. Svo er sólarinnar hiti frábærlega mikill, að menn þeir eð standa framarlega á skipinu og vilja aftur komast, hljóta sig fyrst þar til að mynda, og síðan hlaup gjöra hið harðasta, því svo verður þilfarið heitt svo sem brennandi eða sem í funa stigið væri, og alt bik fer burt af skipinu og öllum skipsins reiðskap, svo að skipið sýnist alt hvítt og skinið. En því-líkt ormakyn, sem gegnsmjúga sum þau trje, hjer finnast rekin, gegnbora að mestu þau skip að Indíen fara, svo undir furuhúð hljóta þeir blýhúð að hafa. Og nær vjer vorum komnir 3 gráður suður yfir línuna, sáum vjer koma eitt skip í móti oss, svo sem frá landi við, og hugðum vjer óvini. En sem vjer litum þeirra toppmerki, er þeir flag nefna, þektum vjer gjörla hverjir þessir menn voru, því 11 eður 12 vikum fyr en vjer útsigldum, sendist eitt skip út frá vorum kóngi til Indíen, sem nefndist Flensborg, í það

land sem kallast Moritzen[1]), eftir svörtum við, sem blý-
þyngd hefir, og út verður vegið í metum, með hverjum
þeir forprýða skápa, þilverk innanhúss, byssustokka og hvað
annað fleira, sem viðvíkur, og skyldu sjálfir hann upp-
höggva, þar vex í skógi, og urðu með oss fagnaðarfundir.
Með þessum vorum vjer lengi í samfylgd og varð oss það
til stórrar skemtunar. En nær vjer þar næst land litum
var það Afríka, 12 milur frá Caput de Bona Sperantia, sem
kallast Bay van Sardanien[2]), og voru þá liðnar 18 vikur
fullar, sem vjer höfðum ei land litið, og 2 dagar að auk, frá
því vjer sleptum Barbarii úr sjón, en þetta var þriðju-
dag. Sá maður er fyrst sá land fekk flabkönnu víns, og
vjer glöddumst þar við mjög. Einn maður á hinu skipinu,
sem var hollenskur, sem og hinir allir aðrir, hafði eitt sinn
fyr meir við þetta landspláss komið á sinni indíaniskri reisu.
Þar sem vjer innsigldum var svo sem einn breiður fjörður
og eitt mjög fagurt land á báðar síður, mjög lystilegt með
skógi vaxið. Úti í þessu fjarðarmynni var einn stór hólmi,
á hverjum voru margir selar, þeir eð gengu sem menn
væri, og vjer meintum fólk vera. Nær vjer inn hjá sigldum,
lá þessi hólmi á bakborð við oss, mjög fallegur tilsýndar,
á honum var og margskonar fuglamergð, einkum páfugl
hver að er tveggja faðma í sinni flaug, með frábærlega
fögrum lit. Item halcion með hvítum lit. Í þriðja lagi
er þeir kalla crobgans[3]) eins stór með gráum lit, hvers vjer
og neyttum. Í fjórða lagi einn minni fugl, er þeir kalla
pihvin eður pichvin[4]), hann hefir bæði sels tegund og fugls;
hann hefir sels húð en fugls sköpun. Hans vængir loða
til samans sem fugls fit, og er að stærð sem æður og þvílík
hans egg sem æðar, hann flýgur ei lengra en yfir breiða

---

[1]) o: eyjan Mauritius, viðurinn, sem talað er um rjett á eftir, hefur líklega verið íbenviður.

[2]) Caput de Bona Sperantia = Góðrarvonarhöfði; Bay van Sardanien = Saldanhaflóinn.

[3]) holl. kropgans, d. kropgaas = pelíkani (pelecanus onocrotalus),

[4]) líklega er átt við pingvin (aptenodytes), þó lýsingin sje ónákvæm, meðal annars að því leyti að þeir fuglar geta ekki flogið.

damma; og nær hann liggur á sínum eggjum, svo vill hann ei út fljúga af sínu hreiðri, en bítur menn í hendur og fingur, sem hans eggjum ná vilja, svo ávalt hlýtur einn að hamla, nær annar skal taka. Svo skeði mig eitt sinn, að vor prestur og eg fylgdumst þrátt þegar á land gengum, og skyldum ná eggjum, og varð sá að halda þeim með stokknum, er ei tók, en nær hann svo hjelt, náði hann samt til mín og beit mig illa í minn hægri handar fingur, hvað prestinum þótti sjer mikið hafa á orðið.

X. KAP.

Og nær í fyrstu vjer þar inn komum lögðumst vjer þar nálægt þessum hólma, og fóru yfirvöldin með þeim litla bát til hólmsins með nokkra menn, og eins af hinu skipinu, Flensborg. En mjer og mínu kvartjeri byrjaði þennan dag með þann stóra bát að fara, hvern þeir kalla skiötte[1]), og höfðum vjer þá ei með bát farið vel í 20 vikur, utan eitt sinn með þann litla, nær vor kaptugi skaut þá tvo fugla. Vjer höfðum tvö net innan skipsborða sem eitt var 200 faðma langt, en annað $1^1/_2$ hundrað faðma að lengd, hver vjer með oss tókum og rjerum nokkuð inn á þennan fjörð, vel hálfa viku sjóar, og í það sinn sáum vjer engan riðlafisk uppi krapa, fórum vjer þar á land að skoðast um. Í fjörunni láu þær fögru tómu skeljar, sem varla verða brotnar, en eru svo fagrar nálega sem gimsteinar; af þeim tókum vjer nokkrar. Þar gengum vjer upp í skóg þann, er mjög þykkur var, og lá upp á hæstu fjallshæðir og langt með sjóarströnd. Svo var hann frjófur sem smjör væri höggvið, svo með vorri verju eður pampert[2]) hjuggum vjer hvert feðmingsdigurt trje, þar vjer tilreyndum, sundur með einu

[1]) ɔ: skøjte, uppr. af hollensku orði schuit(je).
[2]) pampert, einskonar stutt sverð.

höggi eður tveimur. En nær maður vill sjer nokkurn efnivið af þessum skógi höggva og hann geymist í 6 vikur og náir að þorna, verður hann svo harður sem eitt bein. Þar hjuggum vjer upp nokkur grasker, er í Danmörk svo kallast, en í Spanía simpherphei[1]), það er skapt sem afmáluð sól: innan í því miðju er sem einn stór hnöttur, að stærð sem eitt lítið mannshöfuð; í þess geislandi öngum og hnetti, nær þeir það brjóta, er feitt og grænt oleum, í hverju að er sú besta lækning og smurning til meiðsla og meina, nálega jafnskjótt og því verður á brugðið. Þetta hjelt Doctor Hans Resen (góðrar minningar), erkibiskup í Sælandi forðum[2]), að verið hefði sá lundur, sem Guð ljet vaxa yfir höfði Jonæ spámanns, með sömu skikkan, sem ei er óliklegt. Síðan komum vjer heim til skips aftur með tvær hendur tómar og engan ábata af sjóaflaföngum. Voru þá margir fuglar í skipið komnir, sem matreiðast skyldu, af slíkum er eg fyr nefnt hefi, hverjir á hólminum handtakast máttu, sem og selarnir, hverjir gægðust framan í oss og beljuðu við, af hverjum þeir velja þá hina yngstu og smærstu til matar, er með soði og sviskum og einnin með hunangi matreiddir verða. En á þessum hólmi er mjög stöðuvant, á þeim flúrum og þar gras er, sakir fugla og sela dríts. Efst uppá hólms hæðinni stendur ein há stöng, á hverja negld er ein breið fjöl eður skífa, og á þeirri skífu standa meir en þúsund fangamörk. Þar uppreistum vjer og einn stólpa og skífu á negldа og skar Cláus From, vor timburmann, þar uppá ⁂ og þar stendur mitt og margra annara fanga-

[1]) á dönsku er til jurtarnafnið „Græskar"; „simpherphei" er bersýnilega spænska orðið „siempreviva", sem er notað um ýmsar sígrænar jurtir, en það er líklega af misskilningi að Jón Indíafari notar það um þessa plöntu. Líklega hefur það heldur ekki verið grasker (lat. cucurbita, sp. calabaza), þó það máske hafi líkst því til að sjá.

[2]) Sjá ath. bls. 36; í biblíuþýðingu sinni hjelt hann því fram að Jónas spámaður hefði setið undir graskeri, og svo hefur hebreska orðið verið skilið í mörgum biblíuþýðingum (t. d. í hinum algengustu ensku og spænsku þýðingum); í ísl. þýðingunni Oxf. 1866 er orðið lagt út „undurnjóli".

mark á þessari skífu, eftir siglingamanna vísu. Við þessa hólms kletta, nálægt því sem vjer plöguðum að lenda við hólminn, lá einn mikillega stór hvalur, sem menn meintu að vera mundi 400 eða 600 álna langur, með miklum hrúðurhnyðjum á höfði og baki, með frábærlegu öskri, svo manni fanst land skjálfa við, og var því óttalegur mjög, bæði af ógna stærð, enda af hans mikilli skjálfandi raust. Að hólminum gengur mikið hafbrim, á þann veg er til hafs vendi, í hverjum brimsúg að þessir selar, á milli þess þeir gengu á landi, bárust ýmist fram af þessum flúrum eða upp aftur, en nær útdráttur kom, og þá frambar, svelgdi þessi hvalur mikinn fjölda af þeim, og sumir gáfust upp aftur, svo það var bæði óttalegt og til gamans á þetta að horfa. Presturinn og eg skutum á víxl til hans tíðum, hverju hann gegndi ei meir en litlu dufti. Þrír menn flógu einn lifandi sel einn tíma og sleptu honum svo fram í brimið til hinna, varð þá mikið gnöldur og háreysti þeirra á milli, nær þeir litu hann rauðklæddan.

Síðan, að tveimur dögum liðnum, uppdrógum vjer hvorutveggja vor atkeri og sigldum inn lengra á þennan breiða fjörð, alt inn að einu eylandi, er þar lá inni; þar lágum vjer í 14 daga og hreinsuðum vjer vor skip neðan, sem mjög voru slýjuð og hrúðruð, og þar voru skipin ofan að sjómáli og upp á topp lapsalveð[1]) og smurð, það er: öll bikuð og stoppuð, utan borðs og innan, með þilfari og öllu því þar til hlýddi, og þar ofan í voru brotnar þær fögru skeljar, sem í bikinu storknuðu, og nær alt var klemt og fullharðnað, þá glistu þessi skeljabrot í sólskini, sem gimsteinar um alt þilfarið væru niðurskrúfaðir og settir. Á meðan þetta verk yfir stóð, fór hvert kvartjers fólk langt inn á þennan fjörð, með netin til fiskidráttar, vel viku sjóar. Þar inni lágum vjer í stóru tjaldi og gjörðum oss þar einnin laufskála, og 2 er sjúkir voru í 9 eður 10 nætur, sem voru þeir Þórður og Andrjes og vildu fegnir þar andast og greftrast, en Herrann setti þeim í öðrum stað afgangstíma og legstað,

[1]) d. lapsalve, bika upp.

sem var þeim eina á landi, en öðrum á sjó. Þar inni höfðum vjer mikinn fiskidrátt á víxl til beggja skipanna. En þeir Hollenskir, sem voru á Flensborg, höfðu ekkert net, og meðdeildum vjer þeim allan helming við oss. Einn tíma drógum vjer í einum drætti 12 tunnur af þeim dýrlegasta fiski, hver oss var óþekkjanlegur, en á mörgum vissu þeir nöfn, eftir því sem Spanskir fá þá nefnda, þó eg hafi því sem fleira gleymt. Sá fiskur, sem þeir kalla carvala[1]), er langur og mjór sem áll, en þó flatur en ekki sívalur, hann er mjög góður átu. Abborar eru nokkrir þar í bland og karfar. Einn af þeim er sem rúða í glerglugga að sköpun, mjög góður og lystilegur átu. Einn þeirra er í fyrstu að sjá, meðan hann er ósundraður, sem eitt marglot, sem fagrast er tilsýndar, en nær sem það hýði er af honum tekið, er þar spegilfagur fiskur undir, og nær hann er krufinn, út vellur af hans kviði besta blek, sem hin besta substantia. Hinir aðrir eru með mörgum hætti að sköpun, fegurð og smekk. Einnin er þar makríll, sem þeir og kalla machrael, mjög lystugur og góður átu. En það fólk er þar bjó vildu ei nje voguðu oss að finna. Víða fundum vjer þeirra vistir við sjávarströndina, þar sem þeir veiða fiskinn í sínum netum, þar strax steikja þeir þá og matgjöra fyrir sig. En upp á fjöllunum, sem að eru öll með miklum skógi og dýrlegum grösum og blómstrum vaxin, þar kyntu þeir stórt bál, hvar margt fólk stóð um kring, en ei vildu þeir ofan koma til vor, enda voguðum vjer og ei upp til þeirra. Sumir meintu, að þeir myndu benda oss upp til sín með sínum bálloga til að finna sig. En aðrir meintu til þess að tæla oss í sínar snörur. Þriðju meintu þetta vera þeirra afguðabál. Síðan að liðnum 13 dögum hjeldum vjer þaðan og sigldum þær 12 mílur á næsta degi til Caput de Bona Sperantia. Og nær vjer komum þar fyrir, og vjer vildum upp að landi halda, þá sáum vjer þrjú stór skip þar undir land komin og vorum vjer hræddir mjög, því vjer hugðum

[1]) jeg veit ekki með vissu við hvaða fisk hjer er átt

það Franska vera mundu, því þeir flakka víða fyrir hvalveiði, og vjer fundum 3 pípustampa með grotta eftir þá, á því eylandi er vjer dvöldumst. meðan vjer smurðum vor skip, en vor á milli var óvingan í þann tíma, af hverju það reis milli kónganna minnist eg ekki[1]). En frá snúið gátum vjer ei, því vindur stóð af hafi og urðum vjer undir landið að halda fyrir kost og muni, enda nauðsynjaði oss stórum þar að koma, vatn að taka og ferskt kjöt að fá fyrir vort fólk, sem mjög var svekt orðið á þeirri löngu reisu. Vjer bjuggum oss til höggva, ef með þyrfti, og lofuðu hinir að fylgja oss, meðan líf til hrykki. En nær vjer komum nær landi, sáum vjer þeirra toppmerki, að þeir voru engelskir menn, og urðum vjer þar við næsta glaðir. En nær vjer sigldum þeirra á milli upp betur að landi við, strikuðum vjer hvorugir fyrir þeim, hvað þeim illa líkaði, og kom strax þeirra aðmíráll um borð við oss og var ævareiður. En vor kaptugi var engelskur að faðerni, en norskur að móður, og talaði góða engelsku, og var strax til friðs, drukku þeir svo langt fram á nótt. Tvö þessara skipa voru á sinni heimreisu en eitt á sinni útreisu, og skal nú tala um þau 2 skip, sem voru á sinni heimreisu og mikinn ríkdóm höfðu inni, af því þeir yfirunnu eina spanska kráku á sinni útreisu, sem var fermd af kláru myntuðu silfri, sem var stykki van achten[2]), og var þeirra aðmírálsskip uppá 700 lestir, en hitt uppá 500 lestir, og höfðu þeir slegist við þá í 2 nætur og 2 daga, og mist 5 menn, höfðu þeir út varpað öllum sínum pipar og indíaniskri vöru. Og aldrei sögðu þeir svo rík skip hefðu komið inn fyrir Lundún, sem þessi 2 skip. En svo var krákan þeim stærri, að þeir gátu ei tekið nje upp-

---

[1]) Skipin, sem Ove Gjedde vann (sjá bls. 192) og taldi vera víkingaskip, voru frönsk; út af því varð ósamlyndi milli Frakka og Dana um hríð, og ljeku hvorir aðra grátt er hittust, þó eigi væri kallað friði slitið milli þjóðanna.

[2]) svo var á þeim tímum oft kallaður spænskur silfurpeningur, real de à ocho, sem gilti 8 reales, (1 real = hjerumbil 15 til 35 aurar, eftir mismunandi gæðum silfursins).

unnið alt hennar gjald, svo þeir í vald ljetu Hollenskum það eftirblifna, og þeir gátu eigi meðtekið, og bíföluðu þeim krákuna upp brenna að lyktum.

XI. KAP.

Yfirmenn þessara skipa hjeldu sig ríkmannlega í stáss og klæðaburði, svo að nær þeir gengu á land, ljetu þeir á stöng bera eina forgylta húfu yfir sjer og sínu höfði fyrir sólarinnar hita og bjartleika, er þeir kalla chipsol[1]) eftir indíanskri vísu. Ei var svo neitt lítilmenni þessara skipa, að nær á land gengu með sínum herrum, og jafnvel þeirra smáu pickers[2]), að ei væri að henda spánska dali, sem hjer plagaðist völur. Einn dag ljet M. Henrich, vor bartskeri, og eg, flytja okkur til þess stærra skipsins, nær þeirra yfirmenn voru á land komnir. Og nær eg fyrstur manna stje upp úr vorum bát, og eg stóð við borðstokkinn, var einn ungur mórskur maður að fága þeirra skip, og strax sem hann leit mig, brá honum lítt við, og bljes í sinn hnefa eftir indíaniskri vísu, og strax kom einn piltur af þjenurunum, og spurði mig hver eg væri? Eg sagði honum slíkt sem var, og hver maður bartskerinn væri slíkt hið sama og einnin. Hann rak í há köll, eitt til constabel og annað til meister barbírs, það er til þeirra bartskera, svo þar kom einn eftir honum en annar úr arkelíinu eftir mjer, og urðum í besta máta af þeim trakteraðir með því besta spanska víni. Eg skenkti honum 2 stikur af tilbúnum og góðum tóbak, og hans mæti hálfa stiku, hvað hann mjög prísaði og þakkaði og hann skenkti mjer indíansku ljerefti í 2 skyrtur, sem kallast caton, og er gjört af bómullu. En hans mæti lá

[1]) á eldri ensku: kippesole, síðar kittysol, kitsol, afbökun úr portúgalska orðina quita-sol, sólhlíf.

[2]) líklega er átt við vikadrengi á skipunum.

mjög lemstraður, hvers handleggur brotinn var af skotum. Hann skenkti mjer eina litla skál, sem gjörð var af perlamóðum. Að endaðri þessari þeirra veitingu, loknum kveðjum og mildu þakklæti af okkar hendi, tókum við orðlof til burtferðar og ljetu sína 4 menn flytja okkur til okkar skips, og gjörðum við þá vel lystuga eftir föngum.

Einn dag fór eg í land og mitt kvartjer og vor yfirvöld ásamt þeim engelsku; var bátsmönnum skikkað vatnsföt að fylla, en oss öðrum 24 með byssum og brennandi luntum yfir þeim vörn og vaktan hafa fyrir landsins illþýði, er sig þar tíðum hylur við ströndina í skógarrunnum, nær svo við ber, að framandi sjófólk og siglingamenn eru fyrir hendi, því þar er engin bygð við sjóinn sakir ljóna og annara meinvætta, af hverjum þar er mikill fjöldi. En þessir skálkar eru mannætur, er þar um ringla, þeir höfðu drepið 7 menn og etið af þeim 2 engelsku skipum á þeirra útferð, og höfðu náð þeim með lymskuhætti, að þeir huldu sig í runnum og skutu þaðan til þeirra með sínum bogum. Þar með sækja þeir eftir járni og kopar framan á sínar pílur, og gefa siglingamönnum naut þar fyrir oftlega. En til bygða er svo langt upp á landið, þar sem rjett fólk er, að menn naumlega komast aftur og fram á tveim dægrum. En hvað þeir fá útvegað af þessu áðurnefndu hjá aðkomandi mönnum, selja þeir það út aftur þeim, sem uppi í landinu búa. Svo fæst ein stór kýr fyrir þriðjung járnsviga af tveggja tunnu fati, og kalla þeir járn og kopar bras, en vort brauð kalla þeir vúracka[1]). En því sækja þeir svo mjög eftir járnföngum, af því þar var í þann tíma sífelt stríð að spyrja upp í landinu, í millum tveggja herra. Þetta fólk nefnist í öðrum löndum Capher[2]), af hverjum eg fjekk þrjá að líta í þessum

[1]) „bras“ virðist vera lánað úr ensku „brass“, en „vúracka“ get eg ekki sagt með vissu úr hvaða máli er. — Eg gæti þó helst hugsað mjer, að þessir menn hafi verið Hottentottar, og þá máske Namaqua-Hottentottar (á því máli heitir t. d. „sá sem á nóg brauð“ berecha, en brauð beréb, sjá: Kroenlein, Wortschatz der Khoi-Khoin (Namaqua-Hottentotten) 1889, bls. 42), en það er aðeins laus getgáta.

[2]) = Kaffar; nafnið er upprunalega komið úr arabisku: kâfir =

stað; þeir eru svartir, brosleitir, hýreygðir og hrokkinhærðir, en þó mótlíka sem á unglömbum er þeirra hár. Þeirra neðri vör hangir nokkuð, með snjóhvítar tennur í munni. Þessir þrír dönsuðu fyrir oss, bæði á landi og á skipi, fyrir brauð og klúta, og naktir gengu þeir utan fyrir sinni blygðan. En svo var þeirra dansleik háttað, að undir eins og þeir kváðu og sögðu »hottentott!«[1]), þá sprettu þeir með sínum 2 fingrum og með sinni tungu og fótafari, svo alt að fylgdist. Þessir þrír lofuðu oss einni kú til forfrískunar fyrir oss, sem mjög höfðum þess þörf, því flest af voru fólki tók til að þvingast í limaburðum og stirðna í viðvikum, en þó blóðtökur og púrgatsíur væru tíðkaðar á reisunni. En vjer fórum fyr en þeir aftur komu, en launin hálf tóku þeir út áður. Nú er til þess að víkja, sem vjer gengum á land frá bátnum með vorum yfirvöldum ásamt þeim engelsku og spátseruðum með sjóströndinni, hvar að voru fagrir sandar með sjerdeilis skemtilegu áliti. En sá þari, sem á land rekur, er allur öðruvís en hjer plagast. Hann er flestur á mynd sem trómetspípur og allur holur innan; þá er enn annars slags, að mynd sem egg, og er líka holt innan, svo að sumt af því tekur hálftunnu, og sumt heila, en er svo ljett upptaks sem pappír, af því taka siglingamenn sjer nokkuð til hnattmiða, nær þess við þarf. Og nær vjer svo gengum með ströndinni að spátsera, litum vjer hóp þessara illþýðisskálka fyrir framan landið, og þar fyrst á braut, þeir eð án báta á sundi lögðu net sín. En vjer, sem hjer um ókendir vorum, meintum selahnapp vera.

---

vantrúaður; það hefur verið notað um ýmsar Suður-Afríkuþjóðir, einkum þær er tala bantú-málin. Stundum eru Hottentottar taldir undir þann flokk.

[1]) orðið „hottentot“ og þjóðarnafnið Hottentottar er svo til komið, að í bantú-málunum eru til ýms hljóð, sem ekki eru til í öðrum málum, og eru mynduð með því að skella tungunni ýmislega í góminn; á ensku hafa þessi hljóð verið nefnd „click sounds“, og mætti kalla þau á íslensku „smellihljóð“. Hollendingar bjuggu nú til þessi atkvæði „hot en tot“ = „hott“ og „tott“ til þess að líkja eftir þessum hljóðum, og varð það smámsaman að nafni á sjerstakri þjóð og máli hennar.

En á meðan vjer svo þetta hugleiddum og hvað fleira sem fyrir sjónir bar, gengu oss úr minni vorir menn, sem vjer skyldum vaktan á hafa. Og nær vjer vorum þangað komnir, sem vor yfirvöld og Engelskir með sínum staðar numdu, tendruðu þeir þar eld og gengu sveinar til línþvottar, en aðrir til leika ýmsra. En trómetar[ar] iðulega voru í sín trómet blásandi, en herrarnir voru niður setstir í þessu skemtilega rjóðri og upphófu víndrykkju sín í milli, og var þetta nær hálf míla frá voru fólki og þar sem bátar stóðu. Og nú sem vjer vildum þangað aftur hverfa, kom einn Engelskur oss í móti heldur hvatlega gangandi, og bar oss þá fregn ógóða, að alt vort fólk væri drepið af þeim vondu mannætum, sem vjer hefðum við ána þar eftir skilið. Nú má hver vel gegna, hvernin oss muni viðbrugðið hafa, utan vjer tókum til hlaups það mest hver gat og orkaði; margir af oss töldu sjer þungar tölur á veginum, að vjer líflátnir verða mundum fyrir vonda aðgætni, svo að eg og einn að nafni Niels Fris höfðum nóg að gjöra að eyða þeirra dugleysi og vanstyrktarorðum. Og nær vjer komum svo nær, að vjer sáum þangað, er þeirra var von, gátum vjer litið hvern í sinni iðju standa, með fullri tölu, hvar af vjer stórlega glöddumst af hjarta, með gráti gjörandi Guði auðmjúkar þakkir. Vorum vjer þá svo þreyttir af hlaupum, nær vjer þangað komum, er þeir voru, og sögðum vjer þeim, hvað vjer heyrt höfðum, hvar til þeir kváðu ei annað tilhæfi vera en 5 menn af þessum óskapalýð hefðu til komið og beðið sig að gefa sjer hálfan járnsviga. En þeir aftur með bendingum kváðust ei mega, en þeir blökku bófar hefðu bent sjer upp í runnana, hvar uppá sá hinn engelski sjeð hafði, og hljóp af stað í því sama bili. Og fötin urðu fylt og hvað annað, sem tilhlýddi, fullgjörðist að mestu, sem var línklæða þvottur og ullklæða. Og þann 20 marka áttung, er eg geymt hafði undir mínu höfðalagi frá Kaupinhafn og þangað fullan vatns, fylti eg þar aftur. Síðan komu yfirvöldin hvorutveggju og fylgdumst vjer til skips. En að næsta morgni eftir drógum vjer aftur til lands með þann framliðna mann, annan þeirra er fyr voru nefndir og sjúkir

lengi legið höfðu, hver þó djúpt væri grafinn, var næstu nótt eftir hans gröf af ljónum[1]) upprótuð, svo sem plagast allra hinna annara, sem þar verða grafnir. Þar með höfðum vjer vor brjef í land, þau sem skrifuð voru um vora velgengni til Danmerkur á útreisunni þangað eftir venjunni, þar við sjóinn verða í einu koffri í eina mjög djúpa gröf niðurlögð, hvar yfir einn stólpi er settur, á hvern ein lítil fjöl er negld, með þessu marki: ⚓ og þar með þessi orð skrifuð: »Hjer undir liggja þau brjef, sem komast eiga til Danmerkur, frá skipinu Christiánshöfn,« en það er siglingamanna vísa, að hverjir, sem eru á sinni heimreisu, taka hinna brjef, sem eru á sinni útreisu, og þeir finna í þessum greindum stað, með nefndum ummerkjum; það sje nú nóg hjer um talað.

En nú með fæstum orðum skal tala um Afríka[2]), sem nú er hinn fjórði partur veraldar, og er stærri en Evrópa, og minni en Asia, því Asía er svo stór sem Afríka og Evrópa. Þessi álfa, Afríka, liggur rjett undir sólinni og hennar gangi, hún afdeilist af línunni í 2 parta, og nær suður fyrir línuna og norður nær 25 gráður, svo öll sú álfa er heitust undir sólunni í allri veröldu, og nær til Asía í Egyptalandi og til Arabía, og af sjónum umbeltuð. En í millum þess og Asía er það Rauða Haf og það Mórska haf[3]), en þar sem að norðan vendir, í millum Afríka og Evrópa, er Strætið[4]). Afríka er ekki svo gagnbygð sem Evrópa, heldur víða í eyði og stór skortur á vatni. Í þeirri álfu eru mörg villidýr, sem eru fílar, sem kallast elefantar, ljón, panterdýr, drekar, apynjur, felfross[5]), pinsvín, slöngur, basiliscus, krókódílar og fleiri önnur skaðleg dýr. Afríka deilist í 13 parta, af hverjum að er Egyptaland og Barbaría og Numidia, og nær til fjallsins Atlas, sem eins er og Hekla hjer innanlands og til

[1]) það hafa líklega verið hýenur, en ekki ljón.

[2]) Þessi lýsing er tekin úr Compendium Cosmographiæ Hans Nansens, sbr. formálann.

[3]) líkl. á Jón Indíafari hjer við Indlandshaf.

[4]) = Gibraltarsundið (Njörfasund). Stundum er orðið notað um sjálft Miðjarðarhafið.

[5]) = þ. Vielfrass, d. fjældfras (gulo tuscus).

þeirrar óbygðar Lybia og í vestur að Vesturhafi. Í Nigritterlandi[1]) eru 25 kóngaríki. Í því landi eru fáar borgir. Innbyggjarnir eru svartir, þeir búa í torfþöktum húsum, sem eru með torfveggjum. Þessi lönd eru öll frjósöm með rísgrjón, bjúgmjöl[2]), bómull, fje, gull og elfenbein. Abissini[3]) er eitt gott og stórt kóngsríki. Því stjórnar Preto Jóhann[4]) eður Jóhann Belul. Það ytsta Mórland er mikill hluti af Afríka, sá syðri hluti þessarar álfu, svo sem og allur endinn af Afríka, og því lengra sem það nær, því mjórri verður hann, til þess hann verður að einum höfða eður annesi, sem kallast Caput de [Bona] Sperantia, sem er nú þessi oddi, að hverjum vjer nú vorum komnir, og hjer verður um getið, hvar við flestir Indíafarar verða að koma að taka sjer vatn og forfrísking, þegar vindar svo í vil falla.

Nú er þar aftur til máls að taka, sem vjer vorum við loknir vatn að taka og fyrir oss að hagræða einu og öðru, sem til fjell, fýsti oss ei lengur þar að dvelja. Og á þeim 4. degi frá því vjer þangað komum, að lokinni þeirri veislu, sem hvorir veittu öðrum, Danskir og Engelskir, hjeldum vjer samjafnt hvorir öðrum þaðan frá landi, hvor á sinn veg, er þá girnti, þau 2 engelsku skip á leið með sinn ofurmikla ríkdóm, sem kaptuginn eignaði sjer fimtung úr allri fragtinni, en 80,000 dali fyrir ofan þilfar við skipsfólkið í sinn hlut. En það þriðja engelska skip, sem var með oss á sinni útreisu, fór með oss þar til einn mikill stormur oss aðskildi.

Síðan kom sá dagur, að vjer og vorir stallbræður skyldum aðskiljast, drukku yfirvöldin beggja skipanna velferðar

---

[1]) = Súdan (Nigritia).

[2]) = byggmjel; hjá H. N. stendur „Biug".

[3]) Abyssinía.

[4]) Preto Jóhann; á þessu nafni stendur svo, að á miðöldunum bárust til Evrópu ýmsar sagnir um kristið ríki í Asíu, og síðar um hið kristna ríki í Abyssiníu, og var konungur þess nefndur í sögnum þeim „Jón prestur", en nafnið bjagað á ýmsum málum t. d. á ensku Prester John o. s. frv. — Um nafnið Jóhann Belul sjá G. Oppert: Der Presbyter Johannes. Berlin 1864, bls. 10, neðanmálsgrein. Í staðinn fyrir þessi nöfn hefur C. „Jóhann Presbyter" = Jón prestur, en eg hef haldið rithætti betri handritanna en tel ritháttt C.-handritsins leiðrjetting skrifarans.

minning fyrir, og sigldu þeir sína leið en vjer vora í Jesú nafni. Og það land, sem vjer fyrst sáum og oss girnti að ná, var Madagascar; vorum vjer á leið þangað 5 vikur, en vegar lengd í milli Capo de Bona Sperantia er nærri 300 mílur. Þetta land kallast öðru nafni Sankti Laurentz, og er eitt land frábærlega stórt, og er lengra en öll Ítalía, mjög ávaxtarsamt af öllu því, sem þjenar til mannsins uppheldis, einkum af rís, bómull, sykri, límónum, nelliker, ingiferi, safrani og mörg önnur vara. Á þessu eylandi eru engar borgir, heldur þorp nokkur og eru 6 þau helstu. Þetta eyland liggur í landnorður frá Capo de Bona Sperantia, við þetta land er mjög aðdjúpt, og skamt frá landi, sem vjer láum, var 100 faðma djúp, hvaðan ei var meir en hálf vika sjóar til lands. Það var síðla um kvöld vjer þar komum og atkeri rendum. Um morguninn tíðlega var bátur útskipaður af kvartjersfólki, og sent til lands að uppleita fólk og bygðir, hvað ei lukkaðist, og í 5 daga var þar um viðleitað, og fundust engir menn, því bygðir voru þar ei nálægar. Einn sunnudag eftir prjedikun og máltíð fórum vjer ásamt vorum yfirvöldum til lands, og nær vjer komum á mitt sund, hljóp og sprangaði einn fiskur upp úr sjónum, vel álnarlangur, oss öllum óforvarandis, rjett fyrir brjóst vorum timburmanni, Cláus From, svo hann af þóftunni fjell í óvit aftur á bak. Fiskinn tókum vjer og matreiddum síðar og var hinn besti. Þennan dag rjerum vjer inn á einn fjörð, og var mjög fagurt land tilsýndar á báðar síður. Í þann tíma var flóð, og nær vjer komum inn á þennan fjarðarbotn, gengum vjer þar á land og var alstaðar skógi vaxið. Sumstaðar fundum vjer vistir manna og hvar þeir höfðu steikt fisk og snæðing haldið. En nær vjer skyldum heimleiðis aftur, rötuðum vjer fjöru út eftir þessum firði, og sandrifjum og djúpum sjó í milli, yfir hvern vjer urðum þann þunga bát að setja með stórum erfiðismunum, og komum ekki heim til vors skips, fyr en eftir dagsetur, mjög mæddir. Að næstum morgni eftir fjell til prinsins kvartjers bátróður að hafa og fór með þeim sá yngsti kaupmaður, Daníel Lammer[s], með margslags vöru, en þó ei almennilega, því

þar gildir ei silfur nje gull, ei heldur ljereft eða nokkuð það sem gagnsamt er vor á meðal, utan brúður og barnaleikar, item smáspeglar og barna úlfliðabönd, sem vjer köllum kúríel, svo þeir fá fyrir 2 þessi úlfliðabönd 2 kýr yfrið stórar með miklum hornum. Og þess lands kýr hafa það auðkenni yfir aðrar kýr annara landa, sem eg af veit, að þær upp af herðakambinum hafa svo sem eitt horn á myndina, en er þó ei horn eiginlegt, það er hári vaxið og er ei utan mör innan undir skinninu, og hallast aftur á hrygginn nokkuð, en kjöt þeirra alt annarstaðar er magurt. Þeir voru alls að tölu, sem með bátinn til lands fóru, 25. Og nær þeir komu til lands, skildu þeir helming fólks eftir við bátinn, alla vopnaða, og gengu hinir síðan svo frá þeim líka vopnaðir og alt til miðdags, fyr en bygðir fundu Síðan litu þeir einn húsagarð mikinn og þar kom út ung stúlka, og nær hún leit þá, varð henni ilt við, og hljóp inn. Strax kom sá bóndi út, er þar átti fyrir að ráða, þar skildu hvorugir aðra, utan með bendingum. En nokkrar glósur hafði Daniel kaupmaður af þess lands máli og annara landa. Hann fylgdi þeim til bæjar, og brann eldur á skíðum, og þar yfir var leirgrýta með ferskum fiski, hver þeim var strax uppdiskaður til fæðslu, og þeir uppleystu sinn brauðpoka og meðbýttu þeim heima fyrir voru.

XII. KAP.

Strax í fyrstu sem vorir menn komu til garðs, sendi bóndi til sinna nágranna, þeim þetta að kunngjöra, hvað á ferðum væri, að yfirheyrðu erindi vorra manna. Litlum tíma liðnum kom til þessa bónda meir en 40 fólks með 5 kýr og 300 hænsni. En engin aldini voru á þeim tíma árs fullvaxin, utan pómerans og bónantser[1]), af hverjum

[1]) pómerans hefur á ísl. verið kallað gullepli, það er skylt appelsínum, en beiskt á bragðið; bónantser er líkl. = bananar.

nokkur knippi út fluttust; þeir vaxa í aldingörðum þeirra, 30 og 40 samans í einu knippi, og eru að stærð sem hengdar kytur, einn sjerdeilis góður ávöxtur, líflegur og velsmakkandi og svo sem ífeitur sje, og eru góðir við brauði að eta. Einnin kom nokkuð af vín de palme, sem vjer köllum pálmviðarvín, er kemur af pálmviðartrjám, og er með of sætum smekk. Þessum vorum kvartjersmönnum dvaldist fram á nótt, fyr en þeir út til skips aftur komust. Nú í þetta sinn fjell mjer til fyrst vakt um kvöldið á skipinu, því við land og atkeri plagast ekki að vaka utan einn um sinn, og biður kaptuginn mig einkanlega að hlusta nú vel til og biðja til Guðs, að vorir menn mættu oss aftur með lífi sendast, og svo líður lengi fyr en þeir komu. Kaptuginn er þá óttasleginn fyrir þeim ásamt kaupmönnunum, að þeir af landsmönnum mundu lífi firtir, og gengur hann ýmist til mín eður frá, svo kaptuginn og alt skipsfólkið gjörðist hrygt og grátandi og virtist öllum til stórra rauna á horfast sem nærri má geta, hefðum vjer mist vorn bát og fólk. Þegar liðnar voru 2 eyktir af dagsetri, þá kemur enn kaptuginn til mín grátandi og hryggur mjög, og segir nú útkulin von sje þeirra framar að vænta. Eg bið hann eflausan vera um þeirra afturkomu. Hann gengur svo í burt grátandi og biður nú Guð um, að eg mætti sjer góðar frjettir færa. En skamt eftir þessa vitjan, heyrðist mjer lítið kvak til manna, fyrst lítið en síðan meira og glögt, og þá með skyndi gekk til káhyttu og segi kaptuga frá, að þeir nú komi. Hann strax á fætur og út og heyrir þá til þeirra. Varð hann þá svo glaður og fagnandi, og kaupmenn, að hann sækir eina sína flösku og skipar mjer að drekka sem mig lysti. Strax sem þeir koma að skipsborði varð þeim vel fagnað, þessar 5 kýr inn teknar, og hænsnin í kippum, sem bundin verða á fótum saman, varð slátrað, og innan miðnættis góð plögun gjörð með krydduðum soðmat og steiktum, svo kaptuginn vakti menn upp til matar, til heilsu og styrkingar.

Að morgni næstum kom á borð til vor sá kóngsson, sem nýlega hafði valdstjórn yfir þriðjungi þessa lands tilfallið eftir nýlega skeðan afgang síns föðurs, sem yfir þessu lands-

ins takmarki hafði stjórnan til þessa haldið, því á þessu stóra eylandi eru 3 kóngaríki sögð. Þessi kóngsson var nærri 20 ára að aldri, hann hafði um sig miðjan vafið einu gullegu og dýrlegu gullvefnaðarklæði, með dýrmætum gimsteinum um kring sett, það náði honum á kálfasporð niður, en upp yfir naflastað. Hann hafði þvílíku gyllinistykki um sitt höfuð vafið, með veglegum gimsteinum sett og prýtt, kostulega gullhringi bar hann um sína úlfliði, með frábæru smíði og gimsteinum þar innsmeltum. Þar með bar hann mikið eyrnaskart, sem voru mikil gersemi af gulli og gimsteinum. Gullhringa 2 bar hann sjer í nösum, sem þar innkræktir voru í þær holur, sem þeim ungum eru þar á gjörðar, og með gimsteinum. Gullhring bar hann á hverjum fingri sjer og á hverri tá, og um mjóaleggi stóra gullhringi með gimsteinum setta. Hans andlitssköpun var hýrleg og var sem brosandi að líta, með dökkbleikt hörund. Hann var mjög glaður, listugur og alteita. Hann var fluttur til vors skips á einum þeirra bát, sem er eintrjáningur, og kallast canoer[1]). Yfir þá miðja liggur eitt trje langt, sem nær langt út af báðum borðum, og er einn útklappaður veglegur steinn á hverjum trjesenda, sem jafnir eru að vigt, þar fyrir báturinn, þó annars valtur sje, má ei kollkastast. Og nær hann fyrst um borð kom til vor, var skotið 3 stykkjum og í trómet lystilega blásið. Á alt hans hold voru ýmislegar myndir áþryktar, dýra og fugla, sem og hans meðfylgjara, hverja hann aftur frá sjer ljet, og til lands sendi með sinn canoe, til merkis að oss svo vel til sín treysti. Hann kom með bónantser, með vín af pálmbómum[2]) og með tamarin[3]), er þeir svo kalla, sem mótlíkt er ásýndar og treagel[4]), það er súrt að smakka, en er mjög heilnæmt bæði að eta

---

[1]) úr spænsku canoa, af amerísku Indíánaorði, en einsog sjá má hjer, líka notað um lík skip í öðrum álfum.

[2]) = pálmatrje, holl. palmboom.

[3]) ávöxt af tamarindtrjenu; kjarnarnir (sáðkornin) og safinn eru notuð til lækninga.

[4]) hjer er átt við theriak, e. treacle, meðalasamsuðu, sem menn þá höfðu mikla trú á.

og svo í drykk, einkum í vatn að láta, og er mótlíka það vatn smakkandi þá og það vínedik er í látið. Það er sjerdeilis gott fyrir skyrbjúg. Þessu pálmvíni hjelt hann að oss með stórri alvöru og klappandi hendi. Lítið af spönsku víni meðtók hann og þvílíkt mikið af brauði. Þá nótt dvaldist hann hjá oss. Ei vildi hann í uppreiddri sæng liggja, heldur óskaði hann og með bendingum ljet merkja, að hann á kahyttugólfinu mætti sína næturhvíld hafa, hvað og gjört var eftir hans vilja, honum til þóknunar voru undir hann breiddar indíaniskar mottur, hægindi og svæflar. Sína verju lagði hann af sjer strax hann kom, kaptuganum í vald, og sín 3 smáspjót, sem kallast hasagayer[1]) og eru svo að mynd,  með þeim hæfa þeir nálega hár á höfði manns. En hans verja var með veglegum hætti gjörð, með einu forkostulegu gehengi, sem menn sögðu 5000 dali gilda mundi, því það var alt með gulli baldýrað og dýrlegum gimsteinum sett.

Að morgni dró hann og yfirvöldin til lands. Þar var mikill skógur á landi, þar sem vjer lentum, og var geysilega hár, svo menn meintu 50 álna á hæð vera, 60 og 70, og allur blóðrauður og beinn sem kerti, en svo feitur og frjóvur sem smjör eður sem nýrunninn njóli, en verður sem bein harður, nær til sjerhvers efnis er afhöggvinn og þurkaður. Þar bar hann sig að skjóta með múskittu, sem vjer köllum luntabyssur, en betur tókst honum með sínum hasagayer. Hann bauð vorum yfirvöldum og oss þangað sem hans heimili var, hvað vjer þágum að morgni. En drotninguna hans móður fengum vjer ekki að sjá, því hún lá sorgfull eftir sinn kóng liðinn.

Í þeim stað eður þorpi var einn skóli fallegur, og einn

[1]) = portúg. azagaia, af arabisku nafni (al-zāgaya) á einskonar skotspjótum, er tíðkuðust í Norður-Afríku, en svo fluttist nafnið með Portúgalsmönnum, og nú eru svo kölluð spjót með breiðum blöðum, er tíðkast meðal ýmsra þjóða í Suður-Afríku (Zúlúkaffa, Masaimanna o. fl.). Myndin er tekin eftir B.-hdr.

uppmúraður brunnur fyrir dyrum, með 2 vatnsskjólum á hjóli einu, er þær verða á upp dregnar af þeim ungmennispiltum og stúlkum (sínar fætur þar með að þvo), er í skólann ganga, og ein úthöggvin skrift var með sjerlegu letri upp yfir skóladyrunum, sem vor prestur nje aðrir ei undirstóðu. Og á því torgi, er þar var, og margt fólk samankomið oss að líta, var og ein öldruð kona, með einn 18 vetra gamlan piltungsmann, sem mjög var vanskapaður, sá eð hafði engan þurftargang, heldur hlaut það alt upp að ganga af hans munni (með leyfi sagt), og bað oss gefa honum nokkuð til gustaka; sumir brauð, en sumir klúta gáfu. Síðan skildum vjer með kóngsson með vináttu.

Á þessum degi, sem vjer vorum til skips frá landi komnir, að uppdregnum vorum atkerum og seglum útslegnum, hjeldum vjer þaðan frá landi í Guðs trausti, og sigldum vjer nætur og daga alt hvað aftók og fengum góð byrleiði og masson, utan þegar dravaðer[1]) komu oss í móti, sem úr útsuðurs hafi, með mikilli ógegnd yfir falla og með þessum hætti er hjer greinir. Í fyrstu þá menn sigla hinn besta og beinasta byr og nær sem menn sjá skýflóka uppdraga svartan sem kol, oss í móti, útþenur hann sig nálega á augnabragði, svo menn hljóta öll segl að inntaka. Úr þessum skýflóka koma svo mikil veður og býsni, svo að undrum gegnir. Komi vindur fyr en sú ógn með vatnshríð yfir kemur með skruggum, reiðarslögum og skelfilegum eldingum, þá verður bærilegra. En ef vatnshríð kemur fyr, þá verður óbærilegra, vatnið kemur svo mikið niður úr lofti, sem sjó væri ofan helt. Ei tók eg það vatn til drykks, fyrir sakir hollra ráða míns góða vinar Hermanns, er mjer stórum afrjeð það að drekka, því það er stórt tilefni að menn þar af ýmislega krenkist. Engir voga undir beru lofti úti að standa, meðan slík skelfileg ógn yfirstendur, fyrir sakir þeirra miklu eldinga og reiðarslaga, sem um skipið

[1]) af portúg. travados, sem einkum er notað um fellibyli á sjó í hitabeltinu; af því er svo komið hollenska orðið travaat og danska orðið dravat, um fellibyli yfirhöfuð.

dynja og drífa, svo menn ætlá þá og þá að himininn og öll veröldin muni forganga, en oft sýnist að skipið muni tortínast vegna elds og ógnarlegs stormviðris, svo öll möstur standa bjúg og bogin, en skipið liggur flatt við og því nær umbylt, svo að menn af skelfingu og óttasamlegu áliti óska sjer þrátt dauðans, en fá þó ekki. Þrátt segja menn af slíkri ógn og reiði að skip fyrirfarist hafi; og fyrir sakir eldsfluga og reiðar, hljóta menn sitt púður fram undir stafni og neðst við kjöl, með mestu og bestu gætni að forvara, svo að slík eldsógn ei til þess nái, sem fyr meir marga hent hefir, og er nú nóg að sinni talað um dravaðer (eður mótdrög), sem á leiðinni þrátt að höndum koma, og seglatsíunni stóra hindran og öftrun gjöra, þó þeir ei lengur en hálfa eykt en sjaldan heila yfirstandi. Og að þessu veðurlagi svo dvínuðu og þrotnu fellur strax á sú góða massona og venjubyr aftur, hvar af menn að nýju endurnærast.

XIII. KAP.

Og sem vjer höfðum siglt nokkrar vikur frá Madagascareylandi, hvar inni að sögð eru 3 kóngaríki (sem mig minnir 5 vikur), voru þrjú eylönd á leið fyrir oss, sem að eru mjög dýrleg og frjósöm af margskyns ávexti og gróða. Þau kölluðu stýrimenn Comorisku[1]) eður Mayotsku eylönd, og heitir eitt Mayotha, annað Malala, og það þriðja Ansvan, en af þessum þremur var Malala hin allrabesta, en náðum því ei sakir brims, heldur Ansvan, og fundum vjer þar strax innbyggjara eyjarinnar, hverjir sig við oss glaðværa og mjög vingjarnlega tjeðu, og gjörðu oss þar alt falt, er oss girnti að um biðja, sem var níu kýr og aldini og epli

[1]) Comorisku eyjarnar, milli norðurendans á Madagaskar og meginlands, þær eiga Frakkar nú; eyjar þær, er hjer eru nefndar, eru nú vanal. kallaðar Mayotte, Anjouan og Mohilla (Mohéli).

margskonar, með dýrlegasta hætti af Guði gefin, af hverjum eplum eg öðlaðist þrettán karfir, og fyrir sakir þeirra ilmandi sætleika, hvar fyrir þau máttu ei geymast yfir þrjár nætur, hlaut eg þeim öllum í einu yfir borð að kasta með grátandi tárum, óskandi að öll til Íslands hverfa mætti. Þessir eylenskir menn keyptu af vorum kaupmönnum nokkrar stikur ljerefts af smæsta ljerefti, þar með brúður og barnaleiki, eður þesskonar. Þessir menn leituðu oss allra virðinga með ljúflegasta auðmýktarhætti; hvar vjer stóðum eða gengum, ljetu yfirmenn sína pilta eður þjenara eplum dreifa undir iljar oss; bónantser, þó ei væri mjög til fulls eða í sitt besta blóm runnið, voru oss heim úr þeirra aldingörðum til fæðslu og forfriskunar bornir. Þar sprettur út af þeirra ávaxtarfrjóvgu aldintrjám þessháttar, sem að var könnur, sumar með handarhaldi, en sumar með engu, og sumt er með áttungsmyndan með tveimur botnum og þar inni er vínkyns ilmsætt, þetta kallast calebatzer[1]), og er ljett sem pappír, og þó á stein sje fleygt, brotnar það ei nje springur, svo er það seigt og togótt í sjálfu sjer.

Á einum góðum veðurdegi var það, að kaptuginn stóð und eina eik í miklu margmenni, og tók sjer engan vara fyrir neinu, en ein mikillega stór kýr hyrnd stóð þar lítið bil frá, og víst einn eyktartíma stóð í sömu sporum og starði á hann, þar til hún með mikilli grimd og æði brá skjótt við og í fullum ásetningi hugði kaptugann upp við eikina í gegn nísta, hvað og víst skeð hefði, ef vor smiður Franz hefði ei til hans gripið hið bráðasta með sinni hægri hendi, en með sinni vinstri, í hverri hann hjelt á sínum stóra hamri, sló hana í pönnuna[2]), svo hún strax fjell niður og lá víst í hálfa eykt sem steindauð væri, en úr því langa roti spratt hún á fætur með miklu öskri, og

---

[1]) sp. calebaza, sem eiginl. þýðir grasker (cucurbita), en er oft notað um hylkið af ávexti kalebastrjesins (crescentia cuyete L.), sem eru notuð sem ker undir vín eður annað. Trjeð er upprunal. ameriskt, en hefur flutst til gamla heimsins.

[2]) o: ennið, d. Pande.

sem eitt hjól snerist um kring og hljóp í gegnum mannfjöldann, og varpaði sjer á sjóinn, svo hana rak uppbelgda með aðfalls-sjónum inn eftir einu riviere[1]) eður árós. Eyjarmenn gjörðu hjer að glaum og gaman mikið.

Og nær vjer höfðum þar fjóra daga dvalist og við eyjarmenn úttalað, og af grasi, sem mjög var hvast viðkomu, marga sekki reitt, til fæðu kúnum, sem slátrast skyldu eftir hendi, hjeldum vjer þaðan frá landi og hjeldum sama góðu byrleiði sem fyr. Nú stóð til á vorri leið að vera mjög óhreinn sjór, sökum þeirra 11000 eyja (sumar smáar en sumar stórar),[2]) sem vjer skyldum í gegn og hjá sigla, og voru í hverjum toppi menn um næturnar nær í mánuð til hugleiðingar, hvernin sem viðraði. Mjer tilfjell í mínu kvartjeri tvisvar sinnum út á bogspjótskörfunni vakt að hafa hið trúlegasta, því um líf var að tefla, en myrkur verður nærri þreifanlegt. Í fyrra sinni fjell mjer til gott veður, en í öðru sinni stormur mikill, svo í hvert sinn, er skip hjó sjó þann, er fyrir borði brautst, gekk mjer yfir höfuð. En Guð gaf oss náð til og lukku, að vjer slyslaust þar fram hjá fórum. Og á þeirri leið sigldum vjer aftur í gegnum línuna, sem er undir jarðarhnettinum, því menn sigla þá upp í móti austur aftur, svo að Sjöstjörnur, Vagn og Fiskimenn, sem vjer köllum, er lengi hafa úr sigti dregist, nær aftur sjást, stendur alt öfugt, svo sem það, sem hjer vendir upp, það þar niður.

Eitt eyland liggjandi út í því Rauða hafi kallast Zocotora[3]), og heyrir til Afríka. Þar með lyktar hjerum tala. Út af því Rauða hafi koma þrátt í veg fyrir Indíafara nokkur smá skip og skútur, sem kallast barkar, hver skip þeir taka með harðri hendi, og allri vöru; á þeim eru egyptskir og arabiskir menn, sumum sleppa þeir tómhentum,

---

[1]) fr. rivière, e. river, fljót; sjá orðamuninn.

[2]) Hjer er átt við eyjaklasana fyrir austan Afríku (Admirantes og Seychelles-eyjarnar o. fl.), sem menn hjeldu fyr á tímum að væru miklu stærri, en þeir í raun og veru eru.

[3]) Sokotra.

en suma aflífa þeir, sem eru morðingjar og sjóreyfarar. Þar fá þeir oftlega mikil býti, og nær svo við ber, að þessi smáskip koma út af þeim Rauða sjó á móti þeim, en á vorri leið skeði það ei, og ei komum vjer við nokkur lönd, fyr en vjer komum að Ceylon.

Þar lágum vjer í tvær nætur og gengum á land. Þar nálægt, skamt frá sjónum, lá einn kastali án fólks, og eftir sögn manna hafði í 300 ár óbygður verið. Hann var víða mosavaxinn. Hurð var þar klemd í hálfa gátt, sú eð var af steini, og eg meinti að 10 eða 12 menn hefði nóg hana úr stað að hræra. Mjög óttalegt og viðbjóðlegt var þar inn um gáttir að geyma. Úti fyrir kastalaportinu var stór uppmúraður brunnur, áttkantaður, og upp af hverju horni brunnsins stóðu járnstengur, og á þeim stöngum upp yfir brúninni var eitt karnat, eður sem ein húfa gjörð, upp úr hverri var einn hnappur, um hvern til flaugar búinn fugl hjelt með klónum. En hvar fyrir þessi kastali svo lá án fólks og óbygður, veit eg ei glögglega, en heyrt hefi eg talað, að þar inni hafi verið fyr meir frábært vonskufólk, yfir hverja komið hafi þungt hefndarslag af hendi Drottins, og úr því hafi þar inni engum leyfst að búa eður vogað að vera. Þessi kastali nefndist Trinchlumala, sem þeir lærðu segja að þýði ilsku inni[1]). Þar skutum vjer þremur stykkjum af, til þess eins, ef ske mætti að Eirík Grubbe væri ennþá lífs, um hvern eg hefi fyr talað, sá eð útfór með þeirri fyrstu reisu og vera skyldi generall, sá eð sendur var til keisarans á Ceylon frá vorum loflega sáluga herra kóng Christián 4. til að afmá og útrýma þá Portogalisku, sem keisarann þvinguðu til í hans eigin landi sjer skatt að gjalda. En með því það ei lukkaðist, sem fyr var mælt, snerist alt fyrir honum á bögulegan hátt, svo keisarinn þorði ei að

[1]) ɔ: Trinconomali eða Trincomali. Rústirnar, sem Jón Indíafari á við, eru líkl. af frægu og miklu musteri, er þar var áður, en Portúgalsmenn brutu það og notuðu til kastalabyggingar. — Skýring Jóns á nafni bæjarins er röng, en annars greinir menn á, hvernig eigi að skýra bæjarnafnið; venjulega er það skilið sem Tri-cona-malai („Þrignýpuhóll") eða Tarangamalai („Sjávarhóll"). Sjá H. Yule og A. C. Burnell: Hobson-Jobson; a Glossary of Anglo-Indian colloquial Words and Phrases. London, 1886, undir orðinu Trincomalee.

halda hann á sínum garði fyrir þeim Portogalisku. Í öðru lagi passaði hann af sjer þau dönsku skip, þau eð eftir honum biðu í 12 vikur, og hafði brotið sinn hollustueið, svo hann þorði hvorki til Danskra nje keisarans af Ceylon að koma, og hlaut því að fela sig í skógum og næra sig með villidýraveiði og sinn svein, hver ei vildi við hann skilja eða hann yfirgefa, og þennan sinn svein sendi hann til vor, með hverjum honum urðu send nokkur línklæði og matvæli.

Hjeldum vjer svo þaðan eftir tvo daga afliðna og til Cost van Carmandel, hvar vor kastali stóð, sá eð nefndist Dansborg. Þetta kóngsríki nefnist Narsinga[1]), og er eitt mektugt kóngsríki; þar inni eru staðir: Narsinga, Bisnagar, Maliapar, Tarnasseri, og vor kastali Dansborg, hvar þeir Dönsku höfðu sitt contór. Þar inni eru fleiri kóngsríki og staðir.

Þessi kóngsríki, sem hjer nefnast, eru í þeirri álfu eður hluta Indíalands, sem kallast *intra Gangem*, fyrst *Cambaia*, sem og kallast Guzarath, hvar inni eru staðir Campaia, einn mjög stór staður, annar er Campenel, þriðji Madabar, fjórði Dium, fimti Bazuinum, sjötti Ravellum, sjöundi Canacor, áttundi Surate, níundi Bandora, tíundi Damanum; *Malabari*, þar inni eru 7 kóngaríki, sem er fyrst Calicut, 2. Cranganor, 3. Coccin, 4. Culan, 5. Cananor, 6. Travancor;

---

[1]) Öll þessi lýsing á Indlandi og lýsingin á löndum í Asíu yfirleitt í næsta kapítula er, eins og fleira um landafræði alment, tekin að miklu leyti orðrjett eftir Compendium cosmographicum Hans Nansens, og er í formálanum nánar skýrt frá því. Einsog geta má nærri eru mörg nafnanna afbökuð og mjög vafasamt hvað við er átt sumstaðar. — Hjer á eftir skal getið um nokkur hin helstu. Narsinga er annað nafn á konungsríkinu Bisnagar (Vijayanagar) og stendur svo á því, að þegar Portúgalsmenn komu þangað fyrst, rjeði þar fyrir konungur sá, er Narasingha (Narasimha) hjet (1490—1508), og kendu þeir ríkið við hann. Maliapar = Malapuram?; Campaia = Cambay (Khambhat); Campenel = Champanir; Dium = Diu; Bazuinum = Bassein (Baçaim); Surate, Damanum, Bandora, Calicut, Cranganor, Cananor og Travancor eru enn kölluð svo, en rjettritun vitanlega nokkuð breytt á sumum nöfnunum. Coccin = Cochin (Kachhi), Culan = Kayan Kulam.

Narsinga, þar inni eru þeir staðir, sem eg nefnt hefi. *Costen af Carmandel*, Dansborg og hinir. Sá annar hluti Indialands, sem kallast *India extra Gangem*, þar inni eru mörg lönd, en þetta er eitt á meðal margra, sem kallast *Bengala*, og er eitt mjög mektugt kóngsríki, höfuðstaðurinn þar heitir Bengala[1]), 2. Gauro, 3. Marazaia, 4. Chatigam, 5. Satigam; þar inni eru og mörg kóngsríki; *Pegú*, það er eitt mektugt kóngsríki, og hefir fleiri en 6 kóngsríki undir sjer; Ternaseri er þar inni. *Sían* er eitt mektugt land, þar inni eru mörg kóngsríki, einkum Sían og 7 önnur. Um Ceylon hefi eg fyr skrifað, þar inni eru 9 kóngsríki, sem öll eru einum herra undirgefin, en höfuðstaðurinn heitir Colmuchi. Súmatra er eitt stórt eyland, þar inni eru 10 kóngsríki, þeir helstu staðir þar er Margana og tíu aðrir. Java Major er eitt stórt eyland, og hefur 8 kóngaríki, þeir helstu staðir þar inni er Sunda og Bantam, og þar til 3 aðrir. Borneo er eitt stórt og frjósamt eyland. Höfuðstaðurinn þar heitir Borneo, og fjórir þeir helstu aðrir. Þau Moluchisku eylönd eru sjerdeilis 5, sem er Ternate, Tidor, Motir, Machian og Bachian[2]). Í þessum eylöndum eru mikil og margskonar aldini, jurtir og kryddi, einkum negelker. Bandan[3]) eru nokkur smáeylönd, þar inni er mikið af muscat og muscatablommer, sem er engifer og caneel. Japan er eitt mjög stórt eyland, þar hjá liggja tvö eylönd, sem er Bungo og Tonsa[4]), þau liggja nokkuð austur frá Chína; í þessum eylöndum eru mörg kóngsríki og margir vænir staðir,

---

[1]) það er óvíst, hvaða borg gamlir landfræðingar kölluðu svo. Gauro = Gaur, hin forna höfuðborg í Bengal, nú í rústum. Chatigam líkl. = Chandernagor (??) og Satigam = Satgaon.

[2]) Bærinn Borneo er líkl. = Brunei. Að því er snertir Mólúkka-eyjarnar, þá eru nöfnin á eyjunum enn tíðkuð, með nokkuð frábrugðinni rjettritun.

[3]) = Bandaeyjarnar.

[4]) Þessi nöfn finnast á gömlum kortum sem nöfn á tveimur af Japanseyjum; — Bungo er hjerað í eynni Kiushiu (Sakaido) og var brúkað áður um alla eyna. Tonsa er = Tosa, hjerað í Shikoku, og brúkað um alla eyna áður. Borgin Meacum heitir nú Kioto.

sá helsti er Meacum og 6 aðrir. Philippinesku eylönd liggja hjá Indíum og heyra til kónginum af Spanía, þau helstu af þeim eru Luconia, Tandair, Mindanano[1]); helstu staðir þar eru 6. Að auk þessara eru mörg önnur ágæt eylönd í Austindíen. Um Persíen vil eg ekki skrifa, hvar undir liggja mörg lönd og mektugir staðir. Hjer með endar um Asía að tala.

XIV. KAP.

Indía, sem vjer köllum Austindíen, er mjög stórt kostulegt land. Það grensar til Persía með vestursíðunni, norðantil við Indía eru nokkur tartarisk lönd, í mót austri er Chína og það mikla haf, og líka einnin sunnan til. Í þessu landi eru miklar perlur, gimsteinar, dýrleg aldini og kryddi, og önnur dýrleg og kostuleg vara, sem þaðan flytst hingað í lönd. Þessir eru þeir helstu stjórnendur í Indía: Kóngurinn í Pegú[2]), hann hefir þau lönd undir sjer: Pegú, Sían, Tangút, Proma, Melinta, Colom, Bacom, Mirandu, Ave, Brama, Araran, Macin. Annar er sá stóri Mógor[3]), hann hefir undir sjer þau lönd: Cambaia, Delli, Sanca, Mandro, Bengala. Þriðja er kóngsríkið Calicut. Fjórði er stjórnari kóngurinn í Narsinga og Bisnagar.

Asía, sá fjórði hluti veraldar, er mikil álfa umferðar, hartnær svo stór sem Afríka og Evrópa. Hún nær til Ev-

---

[1]) = Luzon, Panay (?) og Mindanao.

[2]) Pegú var um tíma sjálfstætt og voldugt ríki. Sían er = Síam. Tangút = Taungu, Proma = Prome, Bacom = Pagan?, Ave = Ava, Brama = Bhamo, Araran = Arakan; Macin er af þeirra tíma landfræðingum notað um norðurhjeröð Austurindlands eða jafnvel syðstu hjeröðin í Kína.

[3]) o: stórmógúllinn, sem þá rjeði öllu Norður- og Mið-Indlandi; þá ríkti Jehangir (1605—1628); hann sat í Delhí. — Cambai er áður skýrt; Delli = Delhi, Sanca = Sanchi?, Mandro = Mandi, Bengala = Bengal.

rópa hjá Rýsslandi og til fljótsins Tanais. Síðan er á milli Asía og Evrópa það Mórska haf og það Egyptska haf og Rauðahaf, svo að Asia er því nær með sjó umbeltuð. Þessi álfa er mjög frjósöm af eðlasteinum, perlum, gulli, silfri, kopar, járni, miklu silki, flöjeli, grófgröni[1]), rabarbar, reykelsi, myrrhu, og allrahanda kryddum og allskonar vöru. Asía skiftist í 6 parta. Sá fyrsti er Tyrkiriið og öll þau lönd, sem Tyrkinn yfir drotnar; annar er sá, sem Rýssar yfir ráða í Asía; sá þriðji er það mikla Tartaría, hvar inni eru öll þau lönd, sem sá stóri Cam yfir drotnar; sá fjórði partur er það mektuga Chína, hvar undir liggja 15 kóngaríki; sá fimti partur er Indíen með mörgum kóngarikjum; sá sjötti partur er Persíen með öllum þeim löndum, sem liggja undir þann persiska kóng. Þar liggja og til Asía mörg vegleg eylönd, á meðal annara óteljandi er sjerdeilis í Indíen sú væna Ceylon, sem eg fyr nefnt hefi, Súmatra, Java, Banda, og þau Moluchisku eylönd. Tyrkjans lönd í Asía nefnast Natolia[2]), meðal hverra er sú Litla-Asía, hvaðan að voru þeir hjeðan af landi fyr meir fólk herleiddu 1627[3]). Þá er Pamphilía, Cilicía, Armenía sú litla, Cappadocía, Paphlagonía, Armenía sú stóra, Mesópotamía, Arabía og Syría með Smyrna og Rodes eylöndum og fleirum. Af þessum löndum flytst mikið silki, damask, flöjel, grófgrön, catton, skarlatsfarfi, balsam, reykelsi, oleum, myrrha og mörg önnur kostuleg vara. Þessi nefnd lönd grensa til Tartaría til þess Caspiska hafs til Persíen og Egyptalands. Cilicía

---

[1]) í bók Hans Nansens stendur „groffgrøn", og er það í hdr. af sögu Jóns Indíaf. afbakað á marga vegu. Líkl. hefur Jón skrifað grófgröni (grofgrone); orðið er úr lágþýsku grofgrön, groffgrein, holl. grofgrein, sem aftur mun vera afbökun úr fr. gros grain (e. grogram, grograin), er svo kallað einskonar gróft hálfsilki.

[2]) o: Anatoli, upprunalega gríska orð, sem þýðir „sólaruppkoma", og „austur" yfirleitt.

[3]) einsog kunnugt er, var það til Algeirs, en það hefur vilt Jón Indíafara, að „Tyrkiríið" var bæði notað um alt Tyrkjaveldi, einsog hjer, en líka stundum sjerstaklega um ræningjaríkin á norðurströnd Afríku (= „Barbaríið"). — Flest af nöfnum þessum eru kunn úr fornaldarsögunni og Nýja Testamentinu, og sleppi eg hjer að skýra þau.

er björgótt land, þar inni eru 5 staðir, Tarsus er einn af þeim. Þetta land með Pamphilía kallast nú Caramino. Í Armenía þeirri minni eru 5 staðir; Nichopolin er einn þeirra. Cappadocia er söndugt land; þar inni eru 6 staðir, Magnopolis er einn þeirra hinn helsti. Gallicia eður Gallogrecia, þar inni eru 7 staðir, á meðal hverra er Pompejopolis og Antiochía. Rodes er vænt eyland, 30 mílur umkring, þar inni 4 staðir. Arabía er stórt land og skiftist í þrjá parta; einn þeirra liggur undir Tyrkjann, annar undir kónginn af Persien, en sá þriðji partur er undir þeirra valdi. Sú hin Grýtta Arabía er ófrjósamt land; þar inni er fjallið Sinai; [Medina] Talnaby[1]), þar liggur Mahómet grafinn. Syría er stórt land og margir höfðingjadómar. Þar inni er Damascum. Í Palestina eru lönd: Idúmea, Júdea, Samaría og Galílea, þar inni er Jerúsalem, sem nú kallast Cadz, Joppe, Jericho, Samaría, Gaza, Bethlehem, Capernaum, Nazareth og Cana. Í Phenicia er Tyro, Sidon og Damascum. En Cypren er vænt eyland og mjög ávaxtarsamt og liggur inn í Stræti; þar inni er Famagusta, Nicosía, Paphos og fleiri staðir. Þessi öll lönd í Asía hefir Tyrkinn í sínu valdi. Chína er mjög stórt og mektugt land; sunnan til við það er Indíen, vestan til við það er Tartaría, það skilur sig við Tartaría með háum fjöllum og löngum múr, sem sagður er 400 mílna langur, sem er á milli Cathay[2]) og Chína. Þetta land Chína segist að vera hið ríkasta land undir sólunni og kóngurinn hinn ríkasti af Chína. Innbyggjarar þessa lands eru mjög hygnir og skilningsskarpir; þeir hafa stykki, púður og lóð og þryktar bækur löngu áður fyr en vær; það er mjög frjósamt land með korn, hveiti og bygg, gull, silfur,

[1]) Í bók H. N. stendur Medina Talnaby, en í hdr. Jóns Indíafara stendur aðeins síðara orðið, og hefur hann líkl. haldið að það væri sjerstök borg, en svo er eigi, því borgin heitir rjettu nafni Medinat-al-nabi = borg spámannsins (o: Múhammeds); hún er ekki í Grýttu Arabíu einsog kunnugt er, heldur miklu sunnar, í Hedsjas.

[2]) svo nefndu menn áður einkum norðurhlutann af Kína (Mandsjúríið og Mongólíið), en annars er nafnið oft líka brúkað um aðra hluti Kínaveldis og stundum um það alt.